## ÍSLENSK TÍSKA KEMST Á KORTIÐ

*Loftkastalinn hefur sennilega sjaldan hýst jafn stóra tískusamkomu og „made in iceland“ sem fór fram á fimmtudag. Aðsókn innlendra og erlendra tískuspekúlanta var gífurleg.* 40



Taktu þátt
Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan pappír

lesum → skilum → endurvinnum

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. júní 2007 — 147. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR

### Cornell til Íslands



Rokkarinn Chris Cornell er á leið til Íslands og heldur tónleika í Laugardalshöllinni í september.

FÓLK 66

### Vímuefnavandinn

„Munu þá bönnin virka í baráttunni við tóbakið? Hvers vegna trúum við á þau þar en ekki þegar kemur að áfenginu?“ spyr Sverrir Jakobsson.

Í DAG 18

### Engin ástæða til vanmats



Ísland mætir í dag Liechtenstein á Laugardalsvellinum í undankeppni EM 2008. Landsliðsþjálfarinn og fyrirliðinn búast við erfiðum leik.

ÍÞRÓTTIR 60

### Hús & heimili

Erla Sigurðardóttir myndlistarkona er með vinnustofu í vélsmiðju.




FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTA SUNNAN TIL** Í dag verður austan 10-18 m/s sunnan til annars 5-10 m/s. Bjart með köflum nyrðra en þykknar upp þegar líður á daginn. Rigning af og til annars staðar. Hiti 10-20 stig, hlýjast til landsins nyrðra.

VEÐUR 4




# Klámráðstefnufólk fær milljónagreiðslu

**Forsvarsmenn Hótel Sögu hafa fallist á að greiða á fimmta tug gesta sáttargreiðslu fyrir að slá af klámráðstefnu sem fram átti að fara á hótelinu. Ekki viðurkenning á sekt, segir Sigurgeir Þorgeirsson hjá Bændasamtökunum.**

**FERÐAIÐNAÐUR** Forsvarsmenn Radisson SAS Hótel Sögu hafa fallist á að greiða á fimmta tug einstaklinga upphæð sem nemur ferðakostnaði, kostnaði við gistingu og vinnu vegna klámráðstefnu sem þeir ætluðu að halda og sækja hér á landi í mars síðastliðnum. Þeim var meinuð vist af forsvarsmönnum hótelsins en höfðu þá bókað gistirými og kynnt ráðstefnuna.

Fréttatilkynning verður send út þegar málið verður formlega frágengið en eftir á að ganga frá fáeinum lausum endum, að sögn Árna Vilhjálmssonar, hæstaréttarlögmanns hjá Logos lögmannsstofu sem fer með málið fyrir Hótel Sögu. „Það er alveg ljóst að í þessu samkomulagi felst ekki viðurkenning á skaðabótaskyldu, heldur aðeins ákvörðun um að leysa úr þessu máli með sáttargreiðslu,“ segir Árni. Ekki fæst uppgefið hversu háa upphæð forsvarsmenn hótelsins greiða en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins nemur hún nokkrum milljónum króna.

Oddgeir Einarsson, lögmaður hjá Opus lögmannsstofu sem vinnur að málinu fyrir hönd aðstandenda ráðstefnunnar, vildi ekki tjá sig um samkomulagið.

Hrönn Greipsdóttir, hótelstýra á Hótel Sögu, segist ánægð með að málinu sé lokið en telur stjórnmálamenn þurfa að fara varlega við að beita áhrifum sínum gegn fólki sem ætli að koma hingað til lands í einkaerindum. „Það myndaðist mikill þrýstingur á forsvarsmenn hótelsins að grípa inn í málið enda var umræðan afar hávær þegar þetta stóð sem hæst, og [Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson] borgarstjóri fór þar fremstur í flokki. Það má spyrja sig að því hvort stjórnmálamenn eigi að blanda sér inn í svona umræðu með jafn afgerandi hætti og ýmsir gerðu.“

Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, sem eru eigendur hótelsins, vill ekki meina að í samkomulaginu felist viðurkenning á því að samtökin hafi í órétti komið í veg fyrir að fólkið kæmi hingað sem ferðamenn. „Eftir að hafa vegið málið og metið varð það okkar niðurstaða að farsælast væri að ljúka þessu máli með sáttargreiðslu, utan dómskerfisins. Það kostar tíma og peninga að reka mál fyrir dómstólum og því vorum við tilbúin að fara þessa leið.“ - mh



**FRÁ SLÉTTALANDI** Land Cruiserinn er gjörónýtur. MYND/LÖGREGLAN Á HVOLSVELLI

Óhapp við Suðurlandsveg:

## Fljúgandi bátur lenti á jeppabíl

**UMFERÐIN** Bátur tókst á loft þegar hann losnaði aftan úr jeppa sem var á leið austur Suðurlandsveg í gær. Mildi var að enginn slasaðist þegar báturinn kom aftur niður á jörðina, því þá lenti hann beint á Land Cruiser-jeppa sem var að koma úr gagnstæðri átt.

Lögreglan á Hvolsvelli segir óhappið áminningu um að gæta þurfi fyllsta öryggis þegar tengivagnar séu aftan í bílum. Í þessu tilfelli hafi gáleysið verið ámælisvert, því báturinn hafi ekki verið tryggilega festur aftan í bíl eiganda síns. - kóþ



**ÚTHÝST** Þessi blómarós er ein þúsunda landsmanna sem þurfa að sætta sig við að standa úti í roki og rigningu ef þá langar til að fá sér smók. Reykingabannið tók gildi í gær og verður þetta hlutskipti þeirra sem ætla ekki að hætta að reykja. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Reykingabann á börum:

## Vertar uggandi um afleiðingar

**HEILSA** Gestir veitingahúsa verða ekki sektaðir fyrir að reykja á börum eftir að reykingabann tók gildi á veitingastöðum. Ef starfsmenn kvarta undan reykingum er eftirlitsmanneskja frá heilbrigðiseftirlitinu send á staðinn. Tíðkist reykingar á veitingastaðnum fá eigendur áminningu eða jafnvel sekt.

Bareigendum í Reykjavík finnst harkalega að reykingabanni staðið á Íslandi. Athvarf reykingamanna á Íslandi er gangstéttin fyrir utan veitingastaðina og því hafa margir bareigendur í Reykjavík brugðið á það ráð að setja hitalampa í portin við staðina.

„Yfirvöld gáfu eigendum staðanna í raun ekkert svigrúm til að skapa reykingasvæði utandyra og flestir virðast vera upp á gangstéttina komnir,“ útskýrir Arnar Þór Gíslason, eigandi Ólivers. - amb/ sjá síður 6 og 34

Idol-stjarnan Kalli Bjarni úrskurðuð í þriggja vikna gæsluvarðhald í gær:

# Tekinn með tvö kíló af kókaíni

**LÖGREGLUMÁL** Karl Bjarni Guðmundsson, betur þekktur sem Kalli Bjarni, sigurvegari fyrstu Idol-Stjörnuleitarkeppninnar, var handtekinn í Leifsstöð á fimmtudag með tvö kíló af kókaíni í fórum sínum. Hann var að koma frá Frankfurt í Þýskalandi og fannst efnið í farangri hans. Hann var úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald í gær.

Kalli Bjarni náði þjóðarathygli eftir sigur sinn í fyrstu Idol-keppninni og naut í kjölfarið mikilla vinsælda fólks á öllum aldri. Hann hefur komið fram opinberlega og sagt frá erfiðleikum sínum vegna neyslu áfengis og fíkniefna.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum staðfestir að málið hafi komið upp og að karlmaður um þrítugt hafi verið úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald í gær. Efnið fannst við hefðbundið eftirlit Tollgæslunnar á Suðurnesjum og rannsóknadeild lögregluembættisins á Suðurnesjum annast rannsókn málsins, sem er á frumstigi. Ekki fengust upplýsingar um hvort fleiri einstaklingar tengdust málinu en aðeins einn hefur verið handtekinn.

Talið er að götuvirði tveggja kílóa af kókaíni geti numið tugum milljóna króna, eftir því hversu hreint efnið er. Þetta er mesta magn fíkniefna sem lagt hefur verið hald á á Keflavíkurflugvelli það sem af er þessu ári. Um áttatíu prósent af því kókaíni sem lagt hefur verið hald á hér á landi síðustu ár hafa verið tekin í Leifsstöð. - shá

Ánægð 98 ára kona:

## Giftingarhring náð úr klóaki

**BANDARÍKIN, AP Níutíu og átta ára gömul kona, Alma F. Coate-Wilson, varð ánægð þegar fjórir borgarstarfsmenn í Ólympíu í Washington-ríki komu heim til hennar með giftingarhringinn, sem hún hafði óvart sturtað niður um klósettið fyrir tveimur mánuðum.**

**Eftir óhappið skrifaði hún borgarskrifstofunum og bað um hjálp við að finna hringinn og var ákveðið að verða við því. „Ég varð hamingjusamasta stelpa í heimi,“ sagði hún eftir að hafa endurheimt hringinn.** - gb

## SPURNING DAGSINS



*Páll, tekurðu vinnuna oft með þér heim?*

„Já, heima er best.“

Fyrir mistök var Ríkisútvarpið ohf. skráð á lögheimili Páls Magnússonar útvarpsstjóra í símaskránni á netinu. Villan var leiðrétt í fyrradag.

Forseti Íslands kynnti í gær tilnefningar til Grímuverðlaunanna sem afhent verða 15. júní næstkomandi:

# Leg, Dagur vonar og Killer Joe tilnefnd

**MENNING** Tilkynnt var um tilnefningar til Grímuverðlaunanna í gær en alls komu áttatíu frumflutt leikverk til álita við tilnefningar ársins.

Veitt eru verðlaun í sextán flokkum sviðslistar og dreifast þau nokkuð jafnt á fáar sýningar þetta árið. Þær sýningar sem flestar tilnefningar hljóta að þessu sinni eru söngleikurinn Leg í leikstjórn Stefáns Jónssonar sem Þjóðleikhúsið sýnir, leikrit Birgis Sigurðssonar Dagur vonar sem Leikfélag Reykjavíkur setur upp í leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar og verkið Killer Joe eftir Tracy Letts sem Leikhúsið Skámáni sýndi í leikstjórn Stefáns Baldurssonar í Borgarleikhúsinu.

Þrjár barnasýningar Þjóðleikhússins eru tilnefndar; Pétur og Úlfurinn, Sitji guðs englar og sýningin um Skoppu og Skrítlu en í þeim tilnefningaflokki er einnig að finna sýningu Leikfélags Akureyrar á Karíusi og Baktusi og söngleikinn Abbababb! í Hafnarfjarðarleikhúsinu.



**LEIKLIST** Forseti Íslands tilkynnti tilnefningar til Grímunnar í gær í Íslensku Óperunni. Gunnar Gunnsteinsson var með fullt fang þegar hann veitti tilnefningarskjali viðtöku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leiklistarsamband Íslands, heildarsamtök sviðslista á Íslandi, stendur að Grímunni, sem er einnig uppskeruhátíð leiklistarinnar og haldin í lok hvers leikárs. Á hátíðinni eru sviðsverk og útvarpsverk verðlaunuð og listamönnum veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur á liðnu leikári.

Gríman verður afhent í fimmta sinn við hátíðlega athöfn föstudaginn 15. júní í Íslensku óperunni. Forseti Íslands afhendir þá jafnframt heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands þeim einstaklingi er þykir hafa skilað framúrskarandi ævistarfi í þágu leiklistar. - khh

Kevorkian látinn laus:

## Heldur áfram baráttu sinni

**BANDARÍKIN, AP Jack Kevorkian hefur heitið því að aðstoða aldrei neinn framar við að fremja sjálfsvíg. Hins vegar ætlar hann að berjast fyrir því að aðstoð við sjálfsvíg verði gerð lögleg í Bandaríkjunum.**

**Kevorkian var látinn laus úr fangelsi í gær. Hann er oft kallaður „Dr. Dauði“ vegna þess að á árunum 1990 til 1998 hjálpaði hann 130 manns við að svipta sig lífi. Margir þeirra sem leituðu eftir aðstoð hans voru alvarlega veikir og dauðvona.**

**Hann hlaut dóm fyrir manndráp og hefur afplánað átta ár en var látinn laus vegna góðrar hegðunar í fangelsinu.** - gb



**KEVORKIAN LÆKNIR** Laus úr prísundinni, nú orðinn 79 ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimm ungmenni á slysadeild:

## Valt út af veginum í Heiðmörk

**LÖGREGLUMÁL** Fimm ungmenni voru flutt á slysadeild til aðhlynningar eftir að bíll valt og lenti utan vegar í Heiðmörk á fjórða tímanum í fyrrinótt. Enginn slasaðist alvarlega.

Ökumaðurinn var sautján ára, eins og fjórir farþegar hans. Svo virðist sem hann hafi misst stjórn á bílnum með fyrrgreindum afleiðingum. Lögregla og sjúkralið var kallað til og ungmennin, sem öll voru í bílbeltum og komust af sjálfsdáðum úr bílnum, flutt á slysadeild til skoðunar og aðhlynningar. Ekki er talið að um ölvunarakstur hafi verið að ræða. - sh

# Mávaeitur á leiksvæði vekur ugg í Grafarvogi

**Íbúar í Grafarvogi óttast tilraunaverkefni um notkun svefnlyfja gegn sílamávi á leiksvæði barna í Leirvogshólma. Formaður umhverfisráðs segir lyfin viðurkennd. Pólitísk stefna sé að minnka ágang máva sem geri mönnum lífið leitt.**

**UMHVERFISMÁL** „Það er algerlega glórulaust að gera tilraunir með eiturefni á leiksvæði barna,” segir Hákon Már Oddsson, einn íbúa við götuna Bakkastaði í Grafarvogi sem mótmæla harðlega fyrirhugaðri tilraun með að nota svefnlyf til að fækka sílamávi í Leirvogshólma.

Að sögn Hákons og nágranna hans, Einars Arnar Benediktssonar, er Leirvogshólmi leiksvæði barna enda vætt þangað á fjöru.

„Þvert á vilja Náttúrufræðistofnunar og Fuglaverndar veitti Umhverfisstofnun undanþágu til að gera tilraunir með tvær tegundir af svefnlyfjum til að fækka sílamávi. Þetta er snarbannað með lögum en það er hægt að veita undanþágu fyrir því að gera þetta í vísindaskyni ef fuglar eru að valda gífurlegum skaða. Það hefur ekki verið sýnt fram á neinn skaða af þessum fuglum nema að þeir éti brauð af Reykjavíkurtjörn,“ segir Hákon.

Í bréfi sem Hákon sendi meðal annars borgarstjóra, umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun segir hann lyfin sem nota eigi á sílamávana vera hættuleg mönnum og geta leitt til dauða við inntöku. Efnin heita Alphachloralose og Seconal. Auk Leirvogshólma hefur verið veitt undanþága til að nota efnin á Garðaholti og í Gálgahrauni og í Þerney nú í júní.

„Fljúgi fuglinn af stað eftir að hafa borðað eitrið þá getur hann bæði ælt eitrinu eða dottið niður hvar sem er. Þannig má vera ljóst að börnum, dýrum og fullorðnum getur stafað hætta af þessari tilraun,“ segir Hákon og furðar sig á að efnin séu ekki prófuð á öruggu svæði áður en tilraunir fari fram í byggð.



**VIÐ LEIRVOGSHÓLMA** Einari Erni Benediktssyni tónlistarmanni og Hákoni Má Oddssyni kvikmyndagerðarmanni sem búa báðir við götuna Bakkastaði ofan við Leirvogshólma þykir út í hött að gera tilraunir með eitrun fyrir fugla alveg við mannabyggð. Myndin er tekin á veröndinni hjá Hákoni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

Varðandi aðstæður í Leirvogshólma segir Hákon að þangað sé hægt að ganga á lágfjöru og algengt sé að börn hjóli eða vaði í hólmann. Aðeins séu um 100 metrar frá hólmanum að fjölförnum göngustíg og íbúðarbyggðin í aðeins 300 metra frá hólmanum.

„Hin pólitíska stefna er að við viljum fækka mávi í borgarlandi og minnka ágang hans inn til fólks svo hann hætti að stela mat af grillum og gera mönnum lífið leitt niðri við Tjörn. Þetta höfum við falið meindýraeyðum okkar að gera á sem bestan hátt, sem er ekki skaðlegur fyrir umhverfið og skaðar ekki aðra,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur, og ítrekar að ekkert eigi að gera sem ógni umhverfinu:

„Við hefðum að sjálfsögðu ekki fengið leyfi til að nota þetta svefnlyf ef það væri hættulegt. Þetta er algerlega viðurkennt lyf og er notað víða um lönd með góðum árangri.“

gar@frettabladid.is

Nýr vefur Veðurstofu Íslands:

## Nákvæmur og aðgengilegur

**SAMGÖNGUR** Veðurstofa Íslands hefur tekið nýjan vef í notkun. Var hann formlega opnaður á Veðurstofu Íslands af Þórunni Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra á miðvikudaginn.

Helgi Borg verkefnastjóri segir hönnun vefsins taka mið af auknum kröfum um myndræna framsetningu. „Mikilvægt er að veðurupplýsingar séu nákvæmar og sem aðgengilegastar fyrir notendur. Við reiknum með að vefurinn fái aðgengisvottun innan skamms í samræmi við stefnu stjórnvalda sem þýðir að blindir, sjónskertir og hreyfihamlaðir muni einnig njóta góðs vefnum,“ segir Helgi. - lbb

Sendiherra Portúgals:

## Skylda ríkisins að rannsaka

**VINNUMARKAÐUR „Þetta mál varðar portúgalskan almenning og því er það skylda ríkistjórnarinnar að reyna að skoða þetta með eigin augum,“ segir sendiherra Portúgals, sem hélt til Kárahnjúka í gær til að kanna aðstæður landa sinna.**



**JOÃO ANTÓNIO DA SILVEIRA DE LIMA PIMENTEL**

**Sendiherrann, João António da Silveira de Lima Pimentel, kom til landsins í fyrradag og ræddi við félagsmálaráðherra. Hann vildi ekki tjá sig um niðurstöður sínar, því fyrst þyrfti að fara yfir þær með portúgölskum stjórnvöldum.**

**Félagsmálaráðherra hefur falið Vinnueftirlitinu að gera úttekt á meintri kynferðislegri áreitni á svæðinu, í kjölfar ásakana fyrrum starfsmanna.** - kóþ





Sumarsýning fyrir alla fjölskylduna um helgina!

Kalli á þakinu kemur í þyrlu kl. 13 báða dagana og allir sem reynsluaka fá ókeypis bílþvott og freistandi tilboð. Góða skemmtun!

Ingvar Helgason | OPIÐ UM HELGINA FRÁ 12 TIL 16


Framkvæmdastjóri Kaupáss segir Ísafold ekki hafa staðið undir væntingum:

# Segir af og frá að Kaupás vilji þagga umfjöllun um mansal

**FJÖLMIÐLAR** Eysteinn Helgason, framkvæmdastjóri Kaupáss, segir nýjasta hefti Ísafoldar hafa verið fjarlægt úr verslunum Kaupáss vegna þess það seldist ekki nægilega vel. Af og frá sé að Kaupás vilji koma í veg fyrir umfjöllun um mansal og aðkomu bæjarstjórans í Kópavogi að slíkri starfsemi á Íslandi eins og Jón Trausti Reynisson, ritstjóri Ísafoldar, telur að ástæðan sé.

„Ég hef ekki séð blaðið, þetta tengist efnistökum þess ekki neitt,“ segir Eysteinn. Hann segir Kaupás ekki gefa upp sölutölur á blaðinu. „En allavega þá stóð það ekki undir væntingum,“ segir hann.



**Í LAUSASÖLU** Jón Trausti Reynisson og Reynir Traustason seldu Ísafold við verslanir Kaupáss í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsvarsmenn Ísafoldar telja þær röksemdir ekki standast. „Við höfum sölutölur sem sýna að Ísafold er eitt mest selda tímarit verslana Kaupáss,“ segir Jón Trausti. Brá hann á það ráð að selja tímaritið í lausasölu fyrir utan verslanir Kaupáss í gær, ásamt ábyrgðarmanni blaðsins og framkvæmdastjóra útgáfufélagsins Birtings. Sögðu þeir það vera táknrænan stað þar sem Kópavogur væri vígvöllur baráttunnar gegn mansali en í blaðinu er grein um stúlkurnar á Goldfinger og tengsl Gunnars I. Birgissonar, bæjarstjóra Kópavogs, við Ásgeir Davíðsson, eiganda staðarins. - kdk

## Pallaefni
gagnvarin fura

| | |
|---|---|
| **Pallaefni 21x95 mm** Lengd 0,9 - 4,5 m 621600 | **120 kr/m** ~~163 kr/m~~ |
| **Pallaefni 28x95 mm** Lengd 0,9 - 4,5 m 628600 | **175 kr/m** ~~233 kr/m~~ |
| **Pallaefni 28x120 mm** 628700 | **219 kr/m** ~~233 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x98 mm** Lengd 0,9 - 4,5 m 648600 | **217 kr/m** ~~325 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x123 mm** Lengd 0,9 - 4,5 m 648700 | **276 kr/m** ~~379 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x148 mm** Lengd 0,9 - 4,5 m 648800 | **331 kr/m** ~~488 kr/m~~ |
| **Pallaefni 98x98 mm** 698600 | **434 kr/m** ~~591 kr/m~~ |



## Pallaefni
harðviður



| | |
|---|---|
| **Pallaefni 19x90 mm** 601120/200 | **299 kr/m** |
| **Pallaefni 21x145 mm** 600900 | **690 kr/m** |
| **Pallaefni 90x90x2750 mm** 601100 | **4.661 kr/stk** |
| **Pallaefni 90x90x3050 mm** 601105 | **5.169 kr/stk** |

### Lerki

| | |
|---|---|
| **Pallaefni 28x95 mm** 727600 | **213 kr/m** |
| **Pallaefni 21x95 mm** 720040 | **139 kr/m** |
| **Pallaefni 48x90 mm** 748600 | **490 kr/m** |

**Pallaolía**
7049123, 33, 37
**1.490** ~~2.190~~




# Sumarið
er tíminn

## Nýr afgreiðslutími í Skútuvogi
Opið til klukkan **21:00** alla daga vikunnar



**27.999** ~~32.950~~

**Gasgrill**
**Outback**, Trooper EX, grillflötur 48x50 sm, tveir brennarar úr steypujárni, Flame Tame hlíf yfir brennurum, hitamælir á hlíf, auðþrífanlegur lekabakki, aðfellanleg hitagrind, 7,87 kW
3000236



**Blómakassi**
60x60 sm
604000
**3.590**

**Blómakassi**
51x51 sm
604005
**2.990**



**Garðhús 4,4 m²**
Ósamsett, bjálkaþykkt 32 mm
600239
**99.900**



**Pallaeining**
60x60 sm
604300
**450kr/stk**



**3.995** ~~5.995~~

**Hjólbörur, Ravendo**
85 ltr.
5080041



**32.999** ~~39.500~~

**Gasgrill**
**Outback**, Hunter EX, grillflötur 60x50 sm, þrír brennarar úr steypujárni, Flame Tame hlíf yfir brennurum, hitamælir á hlíf, auðþrífanlegur lekabakki, aðfellanleg hitagrind, 11,8 kW
3000237

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 01.06.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,56 | 61,86 |
| Sterlingspund | 121,79 | 122,39 |
| Evra | 82,68 | 83,14 |
| Dönsk króna | 11,098 | 11,162 |
| Norsk króna | 10,193 | 10,253 |
| Sænsk króna | 8,880 | 8,932 |
| Japanskt jen | 0,5046 | 0,5076 |
| SDR | 93,05 | 93,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
112,4123

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:

# Fjórir fíkniefnasalar teknir

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn, sem allir eru grunaðir um fíkniefnasölu, voru handteknir í Reykjavík í fyrrakvöld.

Karlmaður um fertugt var handtekinn í austurborginni. Í híbýlum hans fundust um 100 grömm af ætluðu hassi. Maðurinn hefur áður komið við sögu hjá lögreglu vegna fíkniefnamála. Í sama borgarhluta stóðu lögreglumenn þrjá pilta að verki þar sem fíkniefnaviðskipti áttu sér stað. Piltarnir voru handteknir og lagt var hald á lítilræði af marijúana.

Þá stöðvaði lögreglan tvo aðra pilta um tvítugt í austurborginni í fyrrakvöld en báðir voru með smáræði af fíkniefnum í fórum sínum.

Loks var átján ára piltur tekinn á Kringlumýrarbraut í fyrrinótt, en í bíl hans fundust nokkur grömm af ætluðu hassi. Pilturinn var handtekinn og færður á lögreglustöð. Þá fannst töluvert af riffilskotum í íbúð í miðborginni en þangað hafði lögreglan komið til að leita fíkniefna.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sagði að piltarnir þrír sem staðnir voru að verki við fíkniefnasölu hefðu verið yfirheyrðir í gær. - jss



**HASSFUNDUR** Um 100 grömm af hassi fundust í híbýlum eins þeirra sem teknir voru.

Fjölbreytt útgáfa fyrir austan:

# Sjómannadagsblað Austurlands 2007

**FÓLK Sjómannadagsblað Austurlands er komið út. Blaðið er níutíu síðna langt og prýtt vel á annað hundrað ljósmynda en ritstjóri þess er Kristján J. Kristjánsson.**

**Efnistökin eru fjölbreytt og meðal efnis er ítarleg frásögn frá því þegar Goðanes frá Norðfirði strandaði við Færeyjar fyrir hálfri öld og æskuminningar Kristínar Steinsdóttur á Seyðisfirði. Hægt er að nálgast blaðið á Austurlandi, í Grandakaffi og verslunum Pennans - Eymundsson á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. - lbb**



**FYRIR UTAN NAHR EL BARED** Líbanski herinn safnast saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarherinn í Líbanon:

# Innrás í flóttamannabúðir

**LÍBANON, AP** Stjórnarherinn í Líbanon réðst í gær inn í flóttamannabúðirnar Nahr el Bared skammt frá Trípólí þar sem skæruliðar samtakanna Fatah al Islam hafa hreiðrað um sig síðustu vikurnar.

Um það bil fimmtíu skriðdrekum og brynvörðum bifreiðum var ekið inn í búðirnar og svo virtist sem herinn hafi náð á sitt vald nokkrum af bækistöðvum Fatah al Islam í útjaðri búðanna.

Ekki var talið að herinn ætlaði sér langt inn í búðirnar, þar sem tugir þúsunda palestínskra flóttamanna búa. - gb

Samningar við landeigendur:

# Eðlileg vinnubrögð segir LV

**STÓRIÐJA Eðlilegt er að samið sé við landeigendur samhliða hönnun virkjana í neðri hluta Þjórsár, að mati Landsvirkjunar (LV). Fyrirtækið hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna umræðu um að gengið sé frá samningum um hönnun virkjananna áður en samið sé við landeigendur.**

**Þar segir að hönnun virkjana haldist í hendur við samninga við landeigendur. Ekki sé hægt að ganga frá þeim samningum nema í ljósi þess sem liggi fyrir um áhrifin sem mannvirki hafi á hverri jörð fyrir sig. Þessi vinnubrögð hafi Landsvirkjun iðkað í gegnum tíðina. - bj**

# Nemendur í Suðurkjördæmi eru oftast lægstir

**Tíundubekkingar í Suðvesturkjördæmi hafa að meðaltali hæstu einkunnina í samræmdu prófunum en í Suðurkjördæmi er lægsta meðaleinkunnin. Einkunnir eru hærri í stærðfræði en í fyrra en óvenjulágar í samfélagsfræði vegna þess hve prófið reyndist þungt. Skólastjóri í Sandgerði telur útkomuna áhyggjuefni.**

**MENNTUN** Tíundubekkingar fá ívið hærri einkunn í stærðfræði og heldur lægri einkunn í samfélagsfræði í samræmdu prófunum í 10. bekk í ár en í fyrra. Nemendur í Suðvesturkjördæmi koma best út yfir landið en nemendur í Suðurkjördæmi langverst.

Nemendur í Suðvesturkjördæmi hafa hæstu meðaleinkunnina yfir landið í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku og samfélagsfræði en nemendur í Reykjavík hafa næsthæstu meðaltalseinkunnina og hafa hæstu meðaleinkunnina í náttúrufræði.

Nemendur í Suðurkjördæmi hafa lægstu einkunnina í öllum fögum nema náttúrufræði. Nemendur í Norðvesturkjördæmi hafa næstlægstu meðaleinkunnina. Nemendur í Norðausturkjördæmi eru mitt á milli.



**SIGURGRÍMUR SKÚLASONS**

Sigurgrímur Skúlason, prófFræðingur hjá Námsmatsstofnun, segir að meðaltal úr prófunum sé svipað og í fyrra. Meðaltalið sé þó ívið hærra í stærðfræði. Frammistaða í samfélagsfræði er óvenjuléleg í ár. Rúmlega fimmtungur nemenda fær einkunnina 4,0 eða lægra en reynslan síðustu ár sýnir að aðeins um og yfir þrettán prósent hafa fengið svo lága einkunn í samfélagsfræði.

„Þetta er meiri munur en við myndum vilja sjá,“ segir Sigurgrímur og telur prófið hafa verið þyngra en það hafi átt að vera. „Við feilreiknuðum okkur einfaldlega þegar við vorum að áætla þetta frá forprófunum yfir í lokapróf,“ segir hann.

Þegar sótt er um inngöngu í framhaldsskóla er lágmarkseinkunn í einstökum greinum 4,0 eða 4,5. Sigurgrímur telur að lág einkunn í samfélagsfræði komi ekki að sök við inngöngu í skóla.

Pétur Brynjarsson, skólastjóri Grunnskólans í Sandgerði, telur útkomuna í Suðurkjördæmi áhyggjuefni. „Þetta eru ekki ný sannindi, þetta hefur verið viðvarandi vandamál í Suðurkjördæmi og nokkuð sem skólarnir verða að fara ofan í saumana á. Ég held að skýringin sé margþætt,“ segir hann.

„Þetta er samfélagslegt vandamál og liggur í samfélagslegum viðhorfum. Fólkið hér hefur haft næga atvinnu og komist ágætlega af án menntunar. Það hefur verið víðtæk skoðun að menntun skipti ekki miklu máli og því hefur menntunin ekki eins mikinn sess og hún ætti að hafa.“

ghs@frettabladid.is

### Í 8. OG 9. BEKK

**Tæp fimmtán prósent nemenda í 9. bekk þreyttu samræmd próf í ensku í vor og tæp sjö prósent í stærðfræði. Rúmlega eitt prósent nemenda í 8. bekk þreyttu samræmt próf í ensku.**

> Þetta eru ekki ný sannindi, þetta hefur verið viðvarandi vandamál í Suðurkjördæmi og nokkuð sem skólarnir verða að fara ofan í saumana á.
>
> **PÉTUR BRYNJARSSON**
> SKÓLASTJÓRI GRUNNSKÓLANS Í SANDGERÐI







HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild

Laganám í Háskóla Íslands: Reynsla, metnaður og gæði

Umsóknarfrestur er til 5. júní. **www.lagadeild.hi.is.**

**Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-**


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HELGARHORFURNAR**

**Besta veðrið í gær var norðan til á landinu og verður svo um helgina. Það þýðir þó ekki að um endalausa sól verði að ræða nyrðra heldur verður hlýjast þar og vindur hvað hægastur. Í dag verður skýjað með köflum þar um slóðir en þykknar smám saman upp og svipaða sögu er að segja um morgundaginn, en þá verður einnig bjart með köflum nyrðra.**

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

**Stíf austanátt, 8-10 m/s. Rigning með köflum. Hiti 10-14 stig.**

um hádegi »




» á morgun




8-15 m/s suðvestan og vestan til, annars hægari.

» mánudagur




8-15 m/s sunnan og vestan til, annars hægari.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C skýjað | London | 22°C léttskýjað | Alicante | 26°C léttskýjað |
| Billund | 21°C skýjað | París | 23°C skýjað | Mallorca | 26°C léttskýjað |
| Osló | 19°C skýjað | Frankfurt | 25°C skýjað | Basel | 22°C skýjað |
| Stokkhólmur | 15°C léttskýjað | Friedrichshafen | 15°C skýjað | Eindoven | 22°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 16°C skýjað | Berlín | 24°C léttskýjað | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**NÝJAR VÖRUR Á**

# 20 - 50 %

**AFSLÆTTI Á KAUPHLAUPI**

Komdu í Smáralind og gerðu góð kaup á nýjum sumarvörum á Kauphlaupi.

Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA

Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, **lau 11-18** og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## KJÖRKASSINN



*Tekur þú reykingabanninu fagnandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 74,1% |
| Nei | 25,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú blandað íþróttum saman við áfengi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Hæstiréttur fellir úr gildi frávísun Héraðsdóms Reykjavíkur á tíu ákæruliðum í endurákæru í Baugsmálinu:

# Héraðsdómur taki efnislega afstöðu

**BAUGSMÁL** Hæstiréttur felldi í gær úr gildi frávísun Héraðsdóms Reykjavíkur á hluta endurákæru í Baugsmálinu. Dómurinn lagði fyrir héraðsdóm að fjalla efnislega um þá tíu ákæruliði sem var vísað frá í heild sinni, auk þess hluta eins ákæruliðar til viðbótar sem vísað var frá.

Fjallað verður um málið í Héraðsdómi Reykjavíkur 13. júní næstkomandi.

Héraðsdómur felldi dóm 3. maí síðastliðinn. Þar var Jón Ásgeir Jóhannesson sakfelldur í einum ákærulið og Tryggvi Jónsson í fjórum. Ákæru á hendur Jóni Gerald Sullenberger var vísað frá.

Hæstiréttur felldi frávísun úr gildi að nær öllu leyti. Aðeins í einum ákærulið staðfesti hann frávísun á aðalkröfu saksóknara, en felldi úr gildi frávísun vegna varakröfunnar.

Í öllum ákæruliðum sem vísað var frá þar sem Jón Ásgeir var ákærður mun nú reyna á refsiákvæði 104. greinar hlutafélagalaga, sem ekki hefur reynt á fyrir dómi áður. Þar er lagt bann við lánum hlutafélaga til tengdra aðila. Hæstiréttur tekur undir með sækjanda í málinu að sé lagagreinin óskýr eigi það ekki að leiða til frávísunar heldur sýknu.

Ákærulið þar sem Tryggvi var sakaður um fjárdrátt var einnig vísað aftur í héraðsdóm. Þar var Hæstiréttur ósammála því mati héraðsdóms að saksóknari hefði átt að sundurgreina alla greiðslukortareikningana sem ákært er vegna.

Að lokum hafnaði Hæstiréttur því að sú staðreynd að Jón Gerald hafði stöðu vitnis við rannsókn lögreglu lengst af ætti að leiða til þess að vísa ætti frá hans þætti málsins. Taldi dómurinn nægja að ein yfirheyrsla fór fram þar sem Jón Gerald hafði stöðu sakbornings. Þar var hann einungis spurður hvort hann stæði við allt sem hann sagði lögreglu þegar hann var yfirheyrður sem vitni, sem hann staðfesti. **- bj**



**AFTUR FYRIR HÉRAÐSDÓM** Álitamál um hvort skýr refsiheimild í hlutafélagalögum eigi ekki að leiða til þess að ákæru sé vísað frá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Slysum fjölgar stöðugt

**Slysum á Íslandi hefur fjölgað umtalsvert milli ára frá því að skráning þeirra var skipulega hafin 2003. Á síðasta ári voru þau ríflega 32.500, flest á heimili og í frítíma landsmanna. Tveir næststærstu slysaflokkarnir voru vinnuslys og umferðaróhöpp.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Slysum hér á landi hefur farið fjölgandi á milli ára frá því að byrjað var að skrá þau í apríl 2002. Árið 2003 voru þau 26.017 talsins en samtals 32.518 á síðasta ári. Langflest þeirra áttu sér stað á heimili og í frítíma landsmanna eða 12.308.

Þetta kemur fram í Slysaskrá Íslands, en landlæknisembættið hefur birt tölur úr henni fyrir árið 2006.

Tveir næststærstu slysaflokkarnir eru vinnuslys og umferðaróhöpp. Flest slysin eiga sér stað á tímabilinu frá 10 árdegis til 22 síðdegis. Mest er slysatíðnin hjá einstaklingum á aldrinum 10 til nítján ára.

Slysaskráin er miðlægur gagnabanki sem inniheldur upplýsingar um slys sem verða á Íslandi. Tilgangurinn með henni er að safna á einn stað upplýsingum um slys á landinu öllu og samræma skráningu þeirra. Jafnframt að veita yfirlit yfir fjölda slysa, orsakir þeirra og afleiðingar, þannig að unnt sé að hafa áhrif á þessa sömu þætti. Hlutverk Slysaskrár er enn fremur að skapa möguleika á ítarlegri rannsóknum á slysum. Hún veitir margvíslegar upplýsingar um slys, slasaða einstaklinga og ökutæki. Tilraunaskráning slysa hófst 1. október 2001. Formleg skráning hófst hins vegar 1. apríl 2002 og frá og með þeim tíma hafa tölur verið gefnar út.

Um þessar mundir taka tólf skráningaraðilar þátt í að skrá upplýsingar í Slysaskrá Íslands. Meðal þeirra helstu eru Ríkislögreglustjóraembættið, Landspítali - háskólasjúkrahús og Vinnueftirlitið. Ætla má að ríflega helmingur þeirra slysa sem verða á landinu séu nú skráð í Slysaskrá Íslands. Markvisst er unnið að áframhaldandi fjölgun skráningaraðila, að því er fram kemur í upplýsingum frá landlæknisembættinu.

**jss@frettabladid.is**



**SLYSADEILD** Langflest slysa hér á landi eiga sér stað á heimilinum og í frítímum landsmanna. Áætlað er að ríflega helmingur þeirra slysa sem verða á landinu sé nú skráður í Slysaskrá Íslands. Myndin er úr safni.

### SLYS EFTIR VIKUDÖGUM

| | |
|---|---|
| Mánudagur | 5.334 |
| Þriðjudagur | 5.394 |
| Miðvikudagur | 5.181 |
| Fimmtudagur | 5.242 |
| Föstudagur | 4.493 |
| Laugardagur | 3.371 |
| Sunnudagur | 3.503 |

### FJÖLDI SLYSA 2006

**eftir tegund**

| | |
|---|---|
| Umferðarslys | 7.329 |
| Vinnuslys | 6.648 |
| Heima- og frítímaslys | 12.308 |
| Flugslys | |
| Sjóslys | 134 |
| Íþróttaslys | 2.886 |
| Skólaslys | 1.986 |
| Önnur slys | 1.227 |

Heilbrigðisráðherra útilokar ekki að endurskoða lög um reykingar:

# Vill fá reynslu á reykingabann

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég held að það sé nú skynsamlegt að fá reynslu á þessi lög áður en menn fari í miklar breytingar á þeim," segir Guðlaugur Þór Þórðarson, nýbakaður heilbrigðisráðherra, um bann við reykingum á krám og veitingastöðum.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

„Finnist einhverjir augljósir vankantar á þessu er sjálfsagt að fara yfir það mál og það mun ég gera. En eftir því sem ég best veit hefur þetta gengið vel í þeim löndum sem hafa reynt þetta," segir hann. „Það er því ekkert sem kallar á það á þessari stundu að þessi nýsamþykktu lög verði endurskoðuð."

Guðlaugur Þór var samþykkur lögunum á sínum tíma en greiddi einnig atkvæði með breytingartillögu um þau. Í henni var mælst til þess að „leyfa reykingar í sérstökum herbergjum eða á afmörkuðum svæðum á veitinga- og skemmtistöðum".

Guðlaugur segir að málið sé ekki einfalt, þar takist á frelsi fólks til að vera laust við reyk og frelsi fólks til að reykja.

„Menn geta svo fært rök fyrir frelsinu á hvorn veginn sem er," segir hann.

Nokkrir veitingamenn hafa risið öndverðir gegn banninu og Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna, segir að með því grafi stjórnvöld undan eignarréttinum. **- kóþ**



**Á BARNUM** Nýr heilbrigðisráðherra greiddi atkvæði með reykingabanninu en vildi þó leyfa reykingaherbergi. Hann telur best að fá reynslu á bannið, enda hafi það gengið vel í öðrum löndum. MYND/ÚR SAFNI










# 20-32% afsláttur

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgar-svæðinu og á Akureyri*



27% AFSLÁTTUR

## Sterling 1716

- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H™ brennari úr ryðfríu stáli
- 3742cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ rafeinda kveikjukerfi
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhalda-krókum

TILBOÐ **21.999 kr**
Verð áður 29.999,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



32% AFSLÁTTUR

## Sterling 1104

- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677cm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- 1Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbygður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellan-leg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 cm / 7" hjól

TILBOÐ **16.999 kr**
Verð áður 24.999,-



25% AFSLÁTTUR

## Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafítáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

TILBOÐ **74.900 kr**
Verð áður 99.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



30% AFSLÁTTUR

## Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- Hitaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm

TILBOÐ **104.900 kr**
Verð áður 149.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



20% AFSLÁTTUR

## BBQ Master 2300

- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000 BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Snúnings grillteinn
- Rafeinda kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

TILBOÐ **39.999 kr**
Verð áður 49.990,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



24% AFSLÁTTUR

## Grandhall Elite 791

- Hitamælir í loki
- Hitaplata úr pottjárni
- Rafeindakveikja
- 6 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5 kWh (15.000BTU)
- Bakbrennari, 3,8 kWh (13.000BTU)
- 27,6kWh (94.000 BTU) heildargeta
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr ryðfríu stáli
- Snúnings grillteinn úr ryðfríu stáli, 240V mótor
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

TILBOÐ **189.900 kr**
Verð áður 249.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Gildir til 3. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




VG leggur fram tvær þingsályktanatillögur, eitt frumvarp og beiðni um skýrslu:

# Ísland viðurkenni ríkisstjórn Palestínu

**ALÞINGI** Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs vill að Ísland viðurkenni ríkisstjórn Palestínu og hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar þess efnis.

Jafnframt er hvatt til að ríkisstjórnin beiti sér á alþjóðavettvangi fyrir að önnur ríki geri hið sama.

VG vill, í annarri þingsályktunartillögu, að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum og að ekki verði virkjað meira í Þjórsá en orðið er. Þá vill þingflokkurinn að stækkað friðland Þjórsárvera verði tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO.

Þingflokkur VG hefur einnig lagt fram frumvarp sem kveður á um að vatnalög falli brott og taki því ekki gildi 1. október eins og Alþingi hafði áður samþykkt. Segir í greinargerð að með lögunum sé hróflað með óábyrgum og óvarlegum hætti við farsælli niðurstöðu Alþingis frá 1923 um nýtingarrétt á vatni.

Á fyrsta þingfundi sumarþings lagði þingflokkur VG enn fremur fram beiðni um skýrslu frá forsætisráðherra með tæmandi upplýsingum um öll þau tilvik og allar þær fjárhæðir sem ráðherrar hafa með samningum, fyrirheitum og viljayfirlýsingum lofað að veita eða beita sér fyrir að veittar verði frá því að fjárlög ársins 2007 voru samþykkt og þar til ríkisstjórnin lét af störfum. - bþs


**FORYSTAN** Þingflokkur VG lagði fram fjögur þingmál á fyrsta fundi sumarþings. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samstarf HA & VGK:

# Samningur á sviði orkulíftækni

**MENNTUN Háskólinn á Akureyri og VGK-Hönnun undirrituðu í gær samning um samstarf á sviði orkulíftækni til næstu fimm ára.**

**Sérstök áhersla verður lögð á verkefni tengd endurnýjanlegu eldsneyti og nýsköpun.**

**Samningurinn byggir á óformlegu samstarfi sem HA og VGK-Hönnun á Akureyri hafa átt á þessu sviði síðan í ársbyrjun 2005.**

**Orkulíftækni er þverfagleg fræðigrein sem sameinar verkfræði, efnafræði og líffræði ásamt umhverfisfræðum.** - beb




Stjórnarfrumvarp:

# Frjálsri för frestað

**VINNUMARKAÐUR** Stjórnvöld ætla að fresta frjálsri för Búlgara og Rúmena inn á íslenskan vinnumarkað að minnsta kosti fram til 1. janúar 2009 en Rúmenar og Búlgarar gengu í Evrópusambandið um síðustu áramót. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er heimild til að nýta frestinn lengur en til 2009 en taka verður ákvörðun um það við endurskoðun fyrir 1. janúar 2009.

Bjarnheiður Gautadóttir, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, segir að utanríkisráðherra leggi á næstunni fram frumvarp sem gerir ráð fyrir stækkun EES-svæðisins sem nemur þessum tveimur þjóðum. Jafnframt verði lagt til að nýtt verði heimild til að fresta frjálsri för Rúmena og Búlgara - ghs


**ÚR MYNDBANDINU** Johnston gagnrýndi framferði Ísraela gagnvart Palestínumönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Segist ekki illa haldinn

**Myndband er fyrsta merkið um að breski fréttamaðurinn Alan Johnston sé á lífi. Birting myndbandsins er sögð til marks um að hann verði brátt látinn laus.**

**GAZA-BORG, AP** „Ræningjar mínir hafa farið vel með mig, gefið mér góðan mat, ekki beitt mig neinu ofbeldi og ég er við góða heilsu," sagði breski fréttamaðurinn Alan Johnston í myndbandi sem birt var opinberlega í gær á Al Ehklaas, vefsíðu sem herskáir múslimar hafa oft notað. Þetta var fyrsta lífsmarkið sem sást frá Johnston frá því honum var rænt í Palestínu fyrir þremur mánuðum.

Á myndbandinu mátti sjá merki samtaka sem nefna sig Her íslams. Lítið er vitað um þessi samtök en þau eru talin hafa Johnston í haldi sínu. Ekki er vitað hvenær myndbandið var tekið upp, en Johnston virtist vera í góðu formi og hann var rólegur í þær þrjár mínútur sem hann talaði.

Meginefni þess sem Johnston sagði í myndbandinu er gagnrýni á framferði Ísraela gagnvart Palestínumönnum og jafnframt gagnrýni á Breta og Bandaríkjamenn fyrir hernaðaraðgerðir þeirra í Írak og Afganistan og framferði gagnvart Palestínumönnum.

„Þau þrjú ár sem ég hef dvalið á Palestínusvæðunum hef ég orðið vitni að hinni gríðarlegu þjáningu palestínsku þjóðarinnar. Skilaboð mín eru þau að þessi þjáning sé enn til staðar og sé óþolandi," segir Johnston, sem hefur verið fréttamaður bresku sjónvarpsstöðvarinnar BBC í Palestínu.

Myndbandinu fylgdu kröfur mannræningjanna, sem vilja að fangar verði látnir lausir í skiptum fyrir Johnston, þar á meðal róttækur múslimaklerkur sem er í fangelsi í Bretlandi og grunaður um tengsl við Al Kaída.

Shaker Shabat, prófessor við háskóla í Gaza-borg, segir birtingu myndbandsins nú vera til marks um að Johnston verði brátt látinn laus.

„Þeir eru að sýna okkur sönnun þess að Johnston sé á lífi, og það er til að innsigla samkomulagið," segir hann. „Þetta er til marks um að samningum sé nánast lokið og að Johnston verði brátt frjáls."

Palestínustjórn hefur staðið í samningaviðræðum við mannræningjana og bresk stjórnvöld hafa einnig átt viðræður við Abu Katada, einn af félögum Osama bin Laden, sem Palestínustjórn hefur í haldi sínu.

Fjölskylda Johnstons sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem foreldrar hans sögðust mjög ánægðir með að fá að sjá son sinn, en jafnframt væri það mjög erfitt að sjá hann á þessu myndbandi.

gudsteinn@frettabladid.is




Ágreiningsseðlar rannsakaðir:

# Sjö vafaatkvæði gild

**ALÞINGI** Kjörbréfanefnd úrskurðaði í fyrradag sjö atkvæði úr kosningunum 12. maí gild en yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi suður hafði áður úrskurðað þau ógild.

Strikað hafði verið yfir nöfn frambjóðenda á kjörseðlunum en ekki merkt við lista þeirra. Ekki hafði verið átt við aðra lista á seðlunum eða önnur merki gerð.

Fimm atkvæðanna voru greidd Sjálfstæðisflokki, eitt Framsóknarflokki og eitt Samfylkingu. Ákvörðunin hefur ekki áhrif á niðurstöðu kosninganna. - bþs


**ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR** Formaður kjörbréfanefndar.




# PLÖNTUÚRVALIÐ er í Garðheimum!
















## GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

***Vökvið sumarblómin jafnvel þótt það rigni!***

*Gott að blanda áburði út í vatnið, það má gera allt að þrisvar í viku á vorin.*

*Plönturnar launa það ríkulega með blómgun!*

GARÐHEIMAR

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is


Er sálfræði eitthvað fyrir þig?
Kynntu þér málið á www.unak.is
HÁSKÓLINN Á AKUREYRI 1987 - 2007
Umsóknarfrestur er til 5. júní

Stjórnarformaður Nesskipa segir Wilson Muuga að verða klárt:

# Muuga heitir Karim

**HAFNARFJÖRÐUR** Flutningaskipinu Wilson Muuga, sem liggur við norðurbakkann í Hafnarfirði, verður siglt úr landi á næstunni. Skipið hefur fengið nýtt nafn og segir Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa, að það heiti nú Karim, sem þýði líklega sá hugrakki eða sá djarfi á arabísku.

„Eigendaskipti urðu 1. maí og síðan hefur verið unnið að betrumbótum til að gera hann siglingakláran. Búið var að rífa og tæta í brúnni og víðar og þurfti því að koma öllum siglingatækjum og björgunarbúnaði í lag. Botninn var allur skaddaður og er skipið nú að komast í það ástand að geta siglt til viðgerðar í Líbanon,“ segir hann. - ghs


**SIGLIR Á NÆSTUNNI** Wilson Muuga, sem nú heitir Karim, er orðinn siglingaklár. Hann siglir úr landi á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


**TAKA HÖNDUM SAMAN** Eiður Smári Guðjohnsen og Ilmur Kristjánsdóttir liðsinntu Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra og Birni Inga Hrafnssyni, formanni Íþrótta- og tómstundaráðs, við kynningu á niðurgreiðslum til tómstundaiðkunar barna í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Eiður Smári ánægður með Frístundakort

**Reykjavíkurborg hefur niðurgreiðslur á tómstundastarfi ungmenna í haust. Eiður Smári Guðjohnsen og Ilmur Kristjánsdóttir tóku þátt í að kynna verkefnið í gær og sögðust ánægð með framtakið.**

**ÆSKULÝÐSMÁL** „Eins og við vitum eru börn framtíðin,“ sagði Eiður Smári Guðjohnsen knattspyrnumaður þegar hann tók þátt í því í gær að kynna væntanlegar niðurgreiðslur Reykjavíkurborgar á tómstundastarfi ungmenna.

Niðurgreiðslurnar verði í formi svokallaðra Frístundakorta. Frá næsta hausti verða greiddar 12 þúsund krónur með hverju barni en greiðslan hækkar í 25 þúsund krónur um áramót og verður 40 þúsund krónur árlega frá og með 1. janúar 2009.

Eiður Smári sagði allan stuðning við íþrótta- og tómstundaiðkun ungmenna vera jákvæðan.

„Ég á mína bestu vini enn þann dag í dag síðan ég byrjaði í íþróttum þegar ég var fimm, sex ára,“ sagði Eiður Smári. Hann benti á hversu mikil fjárútlát slík ástundun gæti haft í för með sér. „Ég man að á sínum tíma átti ég vini sem voru í handbolta, fótbolta og körfubolta og áttu síðan tvo bræður sem vildu vera eins og stóri bróðir þannig að safnast allt saman fyrir fólk og að Reykjavíkurborg geti komið til móts við fjölskyldur er ekkert nema jákvætt.“

Björn Ingi Hrafnsson, formaður Íþrótta- og tómstundaráðs, sagði Frístundakortið ná til allra barna í Reykjavík á aldrinum sex til átján ára. Kortið myndi gera þeim kleift að stunda íþróttir, tómstundir eða listnám eða annað viðurkennt frístundastarf óháð félagslegum aðstæðum eða efnahag. Það gæti leitt til aukins jöfnuðar í samfélaginu og valdið heilmiklum straumhvörfum.

„Þetta er eitt stærsta samfélagsverkefni sem ráðist hefur verið í á Íslandi,“ sagði Björn Ingi og upplýsti að niðurgreiðslurnar myndu kosta 700 til 800 milljónir króna á ári.

„Það er svo mikilvægt að börn og unglingar geti nýtt sér allra handa tómstundastarf og íþróttastarf og þetta auðveldar fólki verulega aðgang barna að þessu,“ sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri. „Þess vegna munum við sérstaklega leitast við fylgja því eftir að börn og unglingar nýti sér þetta þannig að þetta komi öllum til góða, ekki síst þeim fjölskyldum sem hafa nú ekki verulega sterkan fjárhag að baki sér.“

Ilmur Kristjánsdóttir leikkona sagðist vera mjög ánægð með að fá að taka þátt í verkefninu. Hún sagði mjög mikilvægt að hafa eftirfylgni og aðhald með áhugamálum barna og unglinga. Sjálf hafi hún byrjað í leiklist á unglingsárum og því verið fylgt eftir bæði á veturna og á sumrum. „Og þið sjáið hvar ég er í dag,“ benti Ilmur á kankvís áður en hún lýsti ánægju með Frístundakortið. „Þarna er verið að opna margar dyr fyrir börn og unglinga,“ sagði hún.

gar@frettabladid.is

VÍNBÚÐ lifum, lærum & njótum




VÍNBÚÐIN HOLTAGÖRÐUM
LOKAR

Vínbúðin í Holtagörðum lokar þann **4. júní** næstkomandi vegna framkvæmda og breytinga á húsnæði.

**Ný vínbúð verður opnuð um miðjan júní í Skeifunni.**

# TAKTU ÞÁTT Í **ÍSLANDSMETI** Í ESJUGÖNGU



5 TINDAR

## 5 TINDA VERKEFNIÐ

8.-11. júní næstkomandi mun frækinn hópur standa að landssöfnun til styrktar Sjónarhóli og leggja hæsta fjall í hverjum landshluta að fótum sér.

SJÓNARHÓLL

**Íslandsmet í Esjugöngu**
Í dag frá kl. 8-20 verður gerð tilraun til að setja Íslandsmet í fjölda manns á Esjunni á einum degi. Þetta er upphitun fyrir 5 tinda verkefnið sem er til stuðnings Sjónarhóli, ráðgjafarmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir.

**Toppurinn ekkert skilyrði**
Markmiðið er ekki að fara alla leið upp á Esjuna heldur er aðalatriðið að njóta sín með fjölskyldunni og í góðra vina hópi í fögru umhverfi Esjuhlíða.

**STYÐJUM SJÓNARHÓL**
**SÖFNUNARSÍMAR**
**8.–11. JÚNÍ**

**[904 1000] [904 2000] [904 5000]**

*75 ára* | spron

66° NORÐUR

# Skyggnst inn í dulinn heim kirkjunnar

**Skriðuklaustur – Híbýli helgra manna er fornleifafræðileg rannsókn sem hófst á rústum Skriðuklausturs í Fljótsdal árið 2002. Steinunn Kristjánsdóttir, lektor í fornleifafræði við Háskóla Íslands, er verkefnisstjóri rannsóknarinnar en stór hópur hefur lagt verkefninu lið á ýmsan hátt. Rannsóknin á aðsetur á Þjóðminjasafni íslands.**

Með fornleifauppgreftri á rústum Skriðuklausturs hefur tekist að afla mikilvægra gagna sem nauðsynleg eru til áframhaldandi rannsókna á klaustrum og klausturhaldi hérlendis. Markmiðið með verkefninu er að rannsaka rústir klaustursins í þeim tilgangi að kanna hvort byggingar og starfsemi þess hafi greint sig frá öðrum samtíða kaþólskum klaustrum í Evrópu. Útlit bygginga klaustursins og margþætt hlutverk er tekið að skýrast og hefur opnað nýja sýn á sögu klaustursins. Niðurstöðurnar gefa fyrirheit um að uppgröfturinn muni breyta viðteknum hugmyndum um byggingar, starfsemi og hlutverk klaustra hérlendis á miðöldum.






HÁSKÓLARANNSÓKNIR

### Upphaf verkefnisins

Undirbúningur vegna fornleifarannsókna á Skriðuklaustri hófst í upphafi árs 2000. Markmiðið var að staðsetja rústir klaustursins og ef það tækist átti um leið að kanna umfang þeirra og varðveislu, með áframhaldandi uppgröft og rannsókn rústanna í huga. Vinna við könnunina hófst á því að farið var yfir munnlegar og ritaðar heimildir um klaustrið og samhliða því var loftmynd af landareigninni skoðuð. Að lokinni þessari yfirferð þótti ljóst að tvö svæði í landi Skriðu væru líklegri en önnur til að geyma rústir klaustursins og voru þau valin til frekari rannsóknar með könnunarskurðum og jarðsjármælingum.

„Framkvæmdforkönnunarinnar gekk vonum framar og afraksturinn varð meiri en við bjuggumst við," segir Steinunn. „Það er skemmst frá því að segja að við fundum rústirnar þar sem við töldum að þær væru. Í ljós kom að byggingarnar höfðu náð yfir 1.200 fermetra svæði og að þær hefðu að líkindum varðveist mjög vel, bæði vegna góðra varðveisluskilyrða og vegna þess að rústunum hafði ekki verið raskað eftir að klausturlifnaður lagðist af. Slíkar aðstæður eru ekki algengar og eru rústir Skriðuklausturs af þessum ástæðum einkar vel fallnar til rannsóknar."

Steinunn segir að forkönnunin hafi leitt margt athyglisvert í ljós, til dæmis að klaustrið var reist á eldra bæjarstæði. „Undir hinum meintu klausturrústum fundust greinilegar leifar bæði íveru- og útihúsa. Erfitt er að slá nokkru föstu um aldur bæjarstæðisins en þó má segja með nokkurri vissu að bæjarstæðið sé frá því fyrir Heklugosið árið 1158."

### Klaustrið

Nú þegar er ljóst að grunnform klausturbyggingarinnar var það sama og önnur evrópsk klaustur höfðu. Klaustrin voru samsett af þyrpingu vistarvera sem öll gegndu ákveðnum hlutverkum og byggð voru ásamt klausturkirkju við klausturgarð. Útveggirnir mynduðu þannig lokað umhverfi þeirra sem ákváðu að gefa sig guði einum á hönd og segja skilið við hinn veraldlega heim sem lá utan veggja klaustursins. Greina má sex vistarverur, auk lítillar kapellu og klausturkirkju sem báðar voru hluti af klausturbyggingunni sjálfri. Í miðri húsaþyrpingunni var garður með brunni fyrir miðju. „Augljóst er að um mjög stóra kirkjubyggingu hefur verið að ræða og sama á við um klausturbygginguna alla sem er langtum stærri en áður var talið," segir Steinunn. „Íburður klausturkirkjunnar hefur líka verið mikill því í rúst hennar hafa fundist brot úr altarissteinum, steindum gluggum og líkneski." Greiningar á viðarsýnum úr byggingunum benda til þess að klaustrið hafi verið byggt úr rekaviði, auk torfs og grjóts. Ýmis gögn og munir, til dæmis vikur- og litunarsteinar, ýta undir hugmyndir þess efnis að unnið hafi verið við skriftir í klaustrinu, enda klaustrin venjulega talin helstu mennta- og menningarsetur kaþólskra á miðöldum.

### Hospítal

Uppgröfturinn sýnir að Íslendingar hafa byggt klaustur sín á sama hátt og evrópsk klaustur almennt en ekki að eigin fyrirmynd, eins og líkur hafa áður verið leiddar að ræðu og riti. Hlutverk klaustursins virðist einnig samsvara hlutverkum annarra kaþólskra klaustra í Evrópu sem er ekki síður dýrmæt vitneskja og byltir hugmyndum íslenskra fræðimanna hingað til. Rannsóknin hefur þannig opnað nýja sýn á klausturhald hér á landi.

Steinunn segir að svo virðist sem bæði lyf- og handlækningar hafi verið stundaðar í klaustrinu að Skriðu, samhliða hefðbundnu bænahaldi. „Frjókornagreining á sýnum úr klausturgarðinum hefur leitt það í ljós að markviss ræktun lækningajurta fór fram á staðnum á meðan klaustrið var starfrækt. Ýmiskonar áhöld til lækninga hafa einnig fundist, svo sem bíldar af ýmsum stærðum, skæri, lyfjaglas og ýmsar tegundir steina en þekkt er að steinar hafi verið taldir búa yfir lækningamætti. Jafnframt má greina einkenni alvarlegra sjúkdóma eða áverka af ýmsu tagi á nánast öllum beinagrindunum sem grafnar hafa verið upp úr klausturkirkjugarðinum, ólíkt því sem jafnan er með mannabein úr sóknarkirkjugörðum eða heimagrafreitum. Er þar helst að nefna smitsjúkdóma, eins og sárasótt, berkla, sull og lungnabólgu, sem landlægir voru á Íslandi á þessum tíma. Bein fyrirbura og ungbarna eru einnig hlutfallslega mörg í beinasafninu frá Skriðuklaustri en það gæti bent til að konur hafi leitað til klaustursins í barnsnauð."

### Að skerpa myndina

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa því tilefni til þess að ætla að klaustrið hafi verið griðastaður fyrir sjúka, þar hafi jafnvel verið rekið sjúkrahús. Ekki geta aðrar heimildir um slíka starfsemi í klaustrinu á Skriðu, né í öðrum klaustrum á Íslandi, en starfsemi af þessu tagi er vel þekkt úr klaustrum utan Íslands.

Reikna má með að rannsóknir að Skriðuklaustri muni standa til ársins 2012 miðað við að grafið verði í tvo mánuði ár hvert í rústir klaustursins en veturnir notaðir til forvörslu gripa, frekari rannsókna og úrvinnslu gagna frá uppgreftrinum. En hvernig sér Steinunn fyrir sér að verkefnið þróist á næstu árum og hvaða væntingar hefur hún? „Ég geri mér vonir um að við lok rannsóknartímabilsins verði komnar í ljós heillegar rústir klausturs úr kaþólskum sið hérlendis en þær eru ekki til sem stendur. Ég vona að sama skapi að sú mynd sem þekkt er um klausturlifnað hafi þá skerpst til muna en í dag er hún sveipuð ákveðinni dulúð," segir Steinunn.

svavar@frettabladid.is



**STEINUNN KRISTJÁNSDÓTTIR** Steinunn hefur farið með verkefnisstjórn frá upphafi og leitt stóran hóp fornleifafræðinga, nema og áhugafólks við uppgröftinn. Hún bindur vonir við að þegar starfinu ljúki verði komin í ljós heilleg mynd af rústum klausturs úr kaþólskum sið og myndin af klausturlifnaði hafi skerpst til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## VÍÐFÖRULL BOÐBERI FRÆÐANNA

Steinunn Kristjánsdóttir er fædd 13. október 1965 á Breiðalæk í V-Barðastrandasýslu. Stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði 1986. Hún lauk doktorsprófi í fornleifafræði við Gautaborgarháskóla árið 2004. Hún var stundakennari við Háskóla Íslands árið 2005 og tók ári síðar við sameiginlegri stöðu lektors í fornleifafræði við Þjóðminjasafn Íslands og Háskóla Íslands. Kennslusvið Steinunnar liggur innan kynjafornleifafræði og siðfræði, auk þess að kenna inngangsnámskeið um aðferðir og kenningar í fornleifafræði.

Helstu rannsóknasvið hennar eru félagsleg fornleifafræði, kynjafornleifafræði, trúarbragðasaga, klaustur og klausturstarfsemi.

Steinunn var stundakennari við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst á árunum 2003-2006. Ritstjóri skýrslna Þjóðminjasafns Íslands frá 2006 og ritstjóri Ólafíu, rits Fornleifafræðingafélags Íslands, frá 2005.



**RÚSTIR SKRIÐUKLAUSTURS** Fornleifauppgröftur hefur staðið síðan sumarið 2002 en forkönnun á svæðinu fór fram árið 2000. Uppgröfturinn hefur leitt ýmislegt í ljós sem bætir við vitneskju nútímamannsins um klausturlifnað miðalda. MYND/PÉTUR SÖRENSSON

Steinunn var verkefnisstjóri fornleifarannsóknarinnar Mörk heiðni og kristni á árunum 1997-2002 og safnstjóri Minjasafns Austurlands frá 1995 til 1997. Hún hefur gegnt formennsku í Fornleifafræðingafélagi Íslands frá 2001 og var formaður stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar frá 2001 til 2004.


VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD



BS EÐA BA NÁM Í HAGFRÆÐI

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands býður upp á hagnýtt BS og BA nám í hagfræði með möguleika á sérhæfingu í fjármálum.

Námið er mjög góður undirbúningur fyrir störf í fjármálageiranum og framhaldsnám í hagfræði eða fjármálum.

Framúrskarandi aðstaða verður tekin til notkunar fyrir nemendur deildarinnar í haust.

Umsóknarfrestur til 5. júní.

Árleg skráningargjöld: 45.000 krónur.

Nánari upplýsingar á www.vidskipti.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is




Jóna Jónsdóttir hefur mætt í sund á hverjum morgni í 15 ár.
Fyrst syndir hún 200 m og mýkir síðan vöðvana í góðum
félagsskap í heita pottinum. Síminn og SSÍ óska Jónu
til hamingju með frábært úthald.

Frítt í flestar laugar um land allt. Nánari upplýsingar á **www.siminn.is**

Síminn




## Sumarsýning fyrir alla fjölskylduna í dag!

Nú tjöldum við öllu okkar glæsilega úrvali og sýnum Subaru, Nissan, Opel og Saab í 50 mismunandi útfærslum. Við skemmtum börnunum með hoppkastala og fögnum sumri með stæl þegar sjálfur Kalli á þakinu mætir á þyrlu með fulla vasa af sætindum.

**Ekki missa af þessari frábæru skemmtun! Opið um helgina frá 12 - 16.**




**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 525 8000 www.ih.is ih@ih.is | Opið alla helgina frá kl. 12:00 - 16:00

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
8.177 **+0,10%**

**Fjöldi viðskipta:** 540
**Velta:** 22.182 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| VINNSLUSTÖÐIN | +2,41% | ALFESCA | -1,55% |
| TEYMI | +1,17% | FL GROUP | -1,53% |
| TM | +0,51% | FLAGA | -1,44% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,78 -0,53% ... Actavis 82,50 -0,96% ... Alfesca 5,08 -1,55% ... Atlantic Petroleum 1.400 -0,71% ... Atorka 8,10 +0,25% ... Bakkavör 70,50 -0,56% ... Eimskipafélagið 42,50 -0,59% ... FL Group 29,05 -1,53% ... Glitnir 28,30 +0,00% ... Kaupþing 1.101 -0,27% ... Landsbankinn 37,40 +0,00% ... Marel 84,90 +0,12% ... Mosaic Fashions 16,70 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,30 -0,47% ... Össur 109,00 -0,46%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

**Opin fyrir tilboði Murdochs**
Gengi bréfa í bandarísku fjölmiðlaútgáfunni Dow Jones & Co., sem stendur á bak við samnefnda fréttaveitu og útgáfu dagblaðsins Wall Street Journal, hækkaði um 15 prósent á markaði í Bandaríkjunum í fyrrakvöld. Var það eftir að spurðist út að Bancroft-fjölskyldan, stærsti hluthafi félagsins, sagði það koma til greina að ræða við ástralskættaða fjölmiðlajöfurinn Rubert Murdoch. Murdoch lagði fram fimm milljarða dala, rúmlega 320 milljarða króna, yfirtökutilboð í Dow Jones fyrir hönd fjölmiðlasamsteypunnar News Corporation í byrjun maí. Bancroft-fjölskyldan, sem fer með 64 prósent atkvæðaréttar í útgáfufélaginu, var sögð mótfallin því. Hún tjáði sig hins vegar ekki um það opinberlega fyrr en nú.



**Með djúpa vasa**
Fréttaveitan Bloomberg segir ljóst að fjölskyldan hafi rætt málið í þaula og ályktað að þau yrðu að taka afstöðu til tilboðs Murdochs, sem jafngildir sautjánföldum væntum rekstrarhagnaði fjölmiðlaútgáfunnar á yfirstandandi ári. Gengi Dow Jones hefur hækkað um 65 prósent frá því Murdoch bauð í félagið og standa bréf þess nú í tæpum 61 dal á hlut. Þótt það sé einum dal yfir tilboði Ástralans aldraða, Murdoch er 76 ára, þykir ólíklegt að önnur tilboð berist í það. Bloomberg bendir á að berist hærra boð í félagið muni Murdoch, sem vill ólmur tryggja sér útgáfufélagið, einfaldlega seilast ofan í djúpa vasa fjölmiðlasamsteypunnar og bjóða betur þar til félagið verður hans.

## MARKAÐSFRÉTTIR

Hagvöxtur á evrusvæðinu og innan ESB mældist 0,6 prósent á fyrsta fjórðungi ársins. Gangi spár eftir eru horfur á að hagvöxtur á árinu verði meiri í Evrópu en í Bandaríkjunum í fyrsta sinn síðan árið 2001, samkvæmt greiningardeild Landsbankans.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,1 prósentustig á milli mánaða í Bandaríkjunum í apríl. Við þetta fór verðbólga niður í tvö prósent, sem er innan viðmiðunarmarka bandaríska seðlabankans.

Bandaríski tölvuframleiðandinn Dell ákvað í gær að segja upp allt að 10 prósentum af starfsliði fyrirtækisins í hagræðingarskyni. Gangi það eftir fá allt að 7.000 starfsmenn Dell uppsagnarbréf.

# Selur ekki bréf sín í Vinnslustöðinni

### Framkvæmdastjóri VSV kom ekki að ákvörðuninni.

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja tók þá ákvörðun á fundi sínum á fimmtudaginn að selja ekki hlut sjóðsins í Vinnslustöðinni, hvorki til Eyjamanna ehf. né Stillu sem berjast um yfirráð yfir útgerðarfyrirtækinu. Guðrún Erlingsdóttir, stjórnarformaður lífeyrissjóðsins, staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið. „Eins og staðan er í dag þá teljum við ekki þörf á því að selja okkar hlut,“ segir Guðrún en tekur þó fram að staðan kunni að verða endurskoðuð þegar fram vindur.

Sjóðurinn á 5,32 prósenta hlut í Vinnslustöðinni sem metinn er á 690 milljónir króna miðað við gengið 8,3 krónur á hlut sem eru síðustu viðskipti sem fóru fram með hlutabréf í félaginu.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar og einn af forsvarsmönnum Eyjamanna, situr í sex manna stjórn lífeyrissjóðsins. Hann er tilnefndur af útvegsbændum í Eyjum. Guðrún segir að hann hafi ekki setið síðasta stjórnarfund þegar ákvörðun var tekin.

Lífeyrissjóðurinn keypti í Vinnslustöðinni löngu áður en hann tók við stjórnun félagsins. Guðrún segir að lífeyrissjóðurinn sé þolinmóður langtímafjárfestir. „Það er mörg ár síðan við keyptum í Vinnslustöðinni þegar kannski fáir höfðu trú á henni.“ - eþa



**VINNSLUSTÖÐIN Í EYJUM**
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Færri krónur fyrir hlutinn

**Formlegt yfirtökutilboð Novators í Actavis var lagt fram í gær. Það hljóðar upp á 0,98 evrur fyrir hlutinn, sem jafngildir 81,25 krónum á hlut miðað við skráð miðgengi Seðlabankans í gær. Stjórn Actavis skoðar nú tilboðið og ráðleggur hluthöfum að halda að sér höndum á meðan.**



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON**
Novator, eignarhaldsfélag Björgólfs Thors, lagði í gær fram formlegt tilboð í allt hlutafé Actavis í A-flokki.

Hluthafar í Actavis hafa tíma til að melta yfirtökutilboð Novators, eignarhaldsfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, fram til klukkan fjögur þann 3. júlí. Fljótlega eftir það mun Novator taka félagið yfir og afskrá það úr íslensku Kauphöllinni, að því gefnu að níutíu prósent hluthafa samþykki tilboðið.

Náist ekki samþykki níutíu prósenta hluthafa getur Novator fallið frá því skilyrði. Lagalega séð þarf ekki samþykki nema 51 prósents hluthafa. Ólíklegt þykir þó að yfirtökutilboðið yrði látið standa með stuðningi minna en 2/3 hluta hluthafa. Með stuðningi færri hluthafa en það gæti Björgólfi reynst erfitt að stýra stefnu félagsins að fullu leyti.

Formlegt yfirtökutilboð Novators í Actavis barst í gær með sömu skilmálum og voru tilgreindir þann 10. maí. Þá var óformlegt yfirtökutilboð lagt fram. Stjórn Actavis hefur fengið óháðan fagaðila til að gera faglegt mat á tilboðinu. Gerir hún ráð fyrir að skila áliti sínu, byggðu á því mati, eigi síðar en 8. júní næstkomandi. Í tilkynningu sem Actavis sendi frá sér í gær ráðleggur stjórnin hluthöfum að halda að sér höndum þangað til.

Tilboð Novators var lagt fram í evrum. Íslenskir hluthafar sem það samþykkja þurfa því að taka á sig gjaldeyrisáhættu. Í kringum 95 prósent hluthafa Actavis eru Íslendingar. Tilboð Novators hljóðar upp á 0,98 evrur á hlut. Það jafngilti 85,23 krónum hinn 10. maí síðastliðinn þegar óformlega tilboðið var lagt fram. Það var jafnframt níu prósentum yfir lokagengi hinn 9. maí. Krónan hefur hins vegar styrkst talsvert að undanförnu og gengi Actavis hefur hækkað. Miðað við miðgengi Seðlabankans í gær er virði tilboðsins 81,25 króna á hlut. Það er 1,25 krónum undir lokagengi Actavis á markaði í gær, sem þó lækkaði um 0,96 prósent innan dagsins.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, er þriðji stærsti einstaki hluthafinn í Actavis með rúmlega fjögurra prósenta hlut. Hann hefur sagst ætla að halda áfram að stjórna fyrirtækinu, hvort sem af yfirtöku verður eða ekki. Í tilboði Novators kemur fram að engir samningar eða samkomulag hafi verið gerðir við neina hluthafa eða stjórnendur félagsins í tengslum við það. Samkvæmt því er Róbert í sömu stöðu og aðrir hluthafar. Hins vegar kemur fram að nái yfirtökutilboðið fram að ganga hyggist tilboðsgjafi bjóða stjórnendum félagsins launakjör og hlutdeild í hlutafé félagsins í samræmi við það sem eðlilegt getur talist fyrir stjórnendur fyrirtækja á borð við Actavis. Róbert vill ekkert tjá sig um yfirtökutilboð Novators fyrr en stjórn Actavis hefur skilað áliti sínu.

holmfridur@frettabladid.is





ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070


# Meta Atorku á 7,44 krónur

Greiningardeild Landsbankans hefur uppfært verðmat sitt á Atorku. Endurskoðað verðmat hljóðar upp á 7,44 íslenskar krónur. Er fjárfestum ráðlagt að minnka eign sína í félaginu en markaðsvoga í vel dreifðu eignasafni.

Í nýja verðmatinu segir að rekstur Promens, dótturfélag Atorku, virðist ganga vel. Kaup Promens á Polimoon í desember síðastliðnum hafi haft jákvæðari áhrif en greiningardeildin gerði ráð fyrir.

Þá býst greiningardeildin býst við að Jarðboranir muni auka við starfsemi sína erlendis. Félagið sé vel í stakk búið fyrir að takast á hendur fleiri verkefni. - hhs

# Veltan sú næstmesta í sögunni

Heildarvelta á innlendum hlutabréfamarkaði nemur 1.239 milljörðum króna á fyrstu fimm mánuðum ársins og er ársveltan því orðin sú næstmesta í sögu Kauphallarinnar. Í maí fór veltan yfir heildarveltuna árið 2005. Árið 2006 var metár í þessum efnum þegar heildarveltan með hlutabréf fór í 2.192 milljarða króna.

Hlutabréf skiptu um hendur fyrir 165 milljarða króna í Kauphöll Íslands í maímánuði sem var rólegasti mánuður ársins hvað veltu snertir. Veltan í maí var einum milljarði króna meiri en á sama tíma í fyrra.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins er heildarveltan í Kauphöllinni rúmum 27 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra.

Ætla má að velta með hlutabréf dragist saman í sumar en taki kipp á ný þegar sumarfríum lýkur. - eþa

**HEILDARVELTA MEÐ HLUTABRÉF EFTIR MÁNUÐUM**

| Mánuður | Velta í milljörðum |
|---|---|
| Janúar | 320 |
| Febrúar | 300 |
| Mars | 195 |
| Apríl | 259 |
| Maí | 165 |
| **Alls** | **1.239** |

Heimild: Kauphöll Íslands


Polar sænskir eðalvagnar - sjáðu með eigin augum




Breiðustu og best einangruðu húsin á markaðnum. Sænsk og sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.

**Ríkulegur staðalbúnaður,** svo sem sjónvarp, DVD/CD, örbylgjuofn, ísskápur með frysti, bakkskynjari, 110 Watta sólarrafhlaða og Alde hitakerfi í gólfi og rúðum.

Verð frá: 2.799.000 kr.

Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.

**Opið**
**laugardag 10-17**
**sunnudag 12-16**

Fossháls 5-7
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegumaðurinn


Taktu sprettinn!
Nike sérverslun í Útilíf Smáralind
ÚTILÍF
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Erfið staða sumra byggða landsins er því miður óhjákvæmileg.

# Byggð og atvinnuhættir breytast

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Það var efalítið eftirsjá að byggðinni í Haganesvík og örlög Djúpuvíkur á Ströndum hafa eflaust valdið margri hugarvíl. Staðreyndin varð ekki umflúin. Síldin hvarf og um leið og þessar byggðir hurfu urðu aðrar eins og Siglufjörður eða Raufarhöfn ekki svipur hjá sjón.

Breyttir atvinnuhættir valda röskun á högum fólks. Flateyri stendur frammi fyrir erfiðleikum núna og vel má vera að ótti Vestmannaeyinga gagnvart rausnarlegra tilboði í hlutabréf Vinnslustöðvarinnar sé á rökum reistur.

Það breytir hins vegar litlu um að sú þróun sem við höfum horft upp á undanfarin ár verður ekki stöðvuð. Henni verður kannski seinkað, en fátt mun geta stöðvað hana nema við veljum það með einhverjum hætti að borga með deyjandi atvinnuháttum. Við hefðum eflaust líka getað valið að halda í forna búskaparhætti og forða þeirri vélvæðingu sem fækkaði stórlega í sveitum landsins á sínum tíma. Slíkt hefði auðvitað skilið okkur eftir í annarri öld og utan alls samhengis við lönd sem við viljum bera okkur saman við.

Hagræðing og breytingar á atvinnuháttum eru ekki sársaukalausar, en óhjákvæmilegar. Á þetta hafa margir bent, nú síðast Benedikt Jóhannesson, forstjóri Talnakönnunar. Þróun í sjávarútvegi hefur verið með þeim hætti að færri og stærri skip veiða aflann og færri hendur þarf til að vinna hann. Til þess að fjárfesting í stórum skipum og sjálfvirkum vinnslulínum borgi sig þarf visst aflamagn. Kvótakerfið með framsalsheimildum býr til markað fyrir slíkt og leiðir til þess að óhagkvæmar rekstrareiningar heltast úr lestinni og hagkvæmustu fyrirtækin kaupa aflaheimildirnar.

Markaðsvæðing aflaheimilda í gegnum sölu aflaheimilda með veiðigjaldsaðferð myndi hafa nákvæmlega sama í för með sér. Þeir hæfustu lifa af.

Enda þótt full ástæða sé til að hafa samúð með því fólki sem þróunin sviptir vinnunni er engu að síður nauðsynlegt að horfast í augu við staðreyndir. Samkeppni við fiskvinnslu annars staðar, svo sem í Kína, mun þýða að fiskvinnsla á Íslandi á ekki möguleika ef greinin á að standa undir lífskjörum sem eru einhvers staðar í námunda við núverandi lífskjör. Rækjubrauðsneið á veitingastað í Kaupmannahöfn er með Norðursjávarrækju sem landað er á Jótlandi, þaðan er ekið með hana til Póllands og hún send pilluð til baka til Kaupmannahafnar.

Þetta eru staðreyndirnar sem blasa við. Mótbárur við þessari þróun eru oft á rómantískum grunni fremur en raunsæjum. Afnám kvótakerfis myndi engu breyta um þróunina. Hitt er svo gild spurning hvernig stjórnvöld eigi að bregðast við til að valda því fólki sem er fórnarlömb breytinganna sem minnstu tjóni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Ný bók eftir Áslaugu Jónsdóttur.
Ómissandi fyrir alla sem vilja fisk!

Höfundur teiknar furðufiska á blöðrur á **Hátíð hafsins**, á miðbakka Reykjavíkurhafnar, laugardag og sunnudag kl. 14-16.

Edda
edda.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óþjóðlegir þingmenn

Þing var sett í fyrradag sem kunnugt er. Þingmenn mættu í sínu fínasta pússi til þingsetningar eins og venja er. Þingmennirnir Kristinn H. Gunnarsson, núverandi þingmaður Frjálslynda flokksins og fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokks og Alþýðubandalags, og Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, mættu báðir til leiks í hátíðarbúningi karla. En nú bar svo við að engin kona var í íslenska þjóðbúningnum við setninguna. Dagný Jónsdóttir, sem lét af þingmennsku fyrir Framsóknarflokkinn fyrir kosningar, og Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi ráðherra sem ekki náði kjöri fyrir þann flokk í nýgengnum kosningum, eru meðal þeirra þingkvenna sem undanfarin ár hafa mætt til þingsetningar í þjóðbúning.



### Félagar hittast

Sætaskipan þingmanna á Alþingi er skemmtilegt skoðunarefni. Á sumarþinginu eru þau sessunautar Steinunn Valdís Óskarsdóttir Samfylkingu og Kristján Þór Júlíusson, Sjálfstæðisflokki. Þau voru kollegar sem leiðtogar í höfuðstað landsins og Norðurlands þann tíma sem Steinunn Valdís var borgarstjóri en eiga það nú sameiginlegt að vera nýliðar á þingi.



### Góðir vinir

Katrín Jakobsdóttir Vinstri grænum er í góðum félagsskap ungra þingmanna, Ágústs Ólafs Ágústssonar Samfylkingu og Ragnheiðar E. Árnadóttur Sjálfstæðisflokki. Hún situr hins vegar beint fyrir aftan samflokksmann sinn Jón Bjarnason sem henni þykir væntanlega ekki leiðinlegt enda hefur hún greint frá því að hann sé með fyndnari mönnum sem hún þekki. Þeim Illuga Gunnarssyni og Birgi Ármannssyni Sjálfstæðisflokki leiðist eflaust heldur ekki að sitja hlið við hlið. Þeir voru félagar í Menntaskólanum í Reykjavík og eru góðir vinir.

sigridur@frettabladid.is

# Vímuefnavandinn



SVERRIR JAKOBSSON
**Í DAG** | Fíkniefni

*Um þessi mánaðamót vannst mikilvæg orusta í stríðinu við fíkniefnadjöfulinn þegar reykingar á veitingahúsum og skemmtistöðum voru bannaðar. Þetta bann markar nokkur tímamót og sýnir að mikið vatn hefur runnið til sjávar í baráttunni við reykingar.*

Það eru gömul sannindi að alla langar til að hafa skoðanir en engan langar til að vera óvinsæll. Þess vegna er freistandi að koma sér upp skoðunum sem eru ákveðnar en styggja þó engan og best af öllu er að vera skeleggur í tali um það sem allir eru á móti — að minnsta kosti í orði. Þess vegna segi ég: Burt með fíkniefnadjöfulinn.

Á bak við jafn einarða afstöðu getur þó stundum falist tvískinnungur. Margir telja sig vera á móti fíkniefnum en neyta samt einhvers konar vímugjafa. Sjálfur neyti ég áfengis öðru hvoru – líkt og þorri landsmanna. Ég hef líka tekið verkjatöflur og alls konar lyf sem eru eðlisskyld fíkniefnum. Hversu einlæg er þá andúðin á fíkniefnadjöflinum? Er maður ekki fyrst og fremst á móti vímugjöfum annarra?

Um þessi mánaðamót vannst mikilvæg orusta í stríðinu við fíkniefnadjöfulinn þegar reykingar á veitingahúsum og skemmtistöðum voru bannaðar. Þetta bann markar nokkur tímamót og sýnir að mikið vatn hefur runnið til sjávar í baráttunni við reykingar. Þessi barátta hófst af krafti fyrir um 40 árum og vopnið var fyrst og fremst eitt fyrstu áratugina: Áróður og meiri áróður. Með blöðum eins og Æskunni og Takmarki drakk maður í sig andúð í reykingum. En áróðurinn virkaði ekkert sérstaklega vel. Hlutfall reykingafólks fer vissulega minnkandi á Íslandi en þó afar hægt. Nú er gripið til annarra vopna í baráttunni gegn sígarettufíkn. Núna gilda boð og bönn.

Þetta þarf ekki að koma á óvart. Á 19. öld hafði stór hluti landsmanna áhyggjur af ofneyslu áfengis og áfengi og áfengi og áfengis og áfengis og áfengis

Þetta þarf ekki að koma á óvart. Á 19. öld hafði stór hluti landsmanna áhyggjur af ofneyslu áfengis og áfengishennar – ekki ólíkt því sem núna gildir um reykingar og óbeinar reykingar. Gripið var til áfengisbannsins að frumkvæði lýðræðislegra grasrótarsamtaka sem mörkuðu að ýmsu leyti tímamót í félagsstarfi á Íslandi. Nánar má lesa um þetta í nýlegri grein Svans Kristjánssonar í tímaritinu Sögu.

Áfengisbannið naut mikils stuðnings meðal þjóðarinnar á sínum tíma en síðan veiktist stuðningurinn. Fólk hélt áfram að drekka þrátt fyrir bannið og það var að mestu leyti fellt úr gildi 1935. Drykkja fór þá vaxandi en stjórnvöld reyndu að halda aftur af henni, t.d. með einkasölu á áfengi. Almenningur barðist fyrir lokun vínbúða víða um land og hlutu tillögur um slíkt iðulega stuðning meirihlutans. Lögleiðing bjórs árið 1989 markaði svo tímamót og má jafnvel finna fólk sem fyllist lotningu við tilhugsunina um það – eins og margir hugsjónamenn litu á lögleiðingu áfengisbanns fyrir tæpri öld síðan.

Undanfarin 40-50 ár hefur viðnám við áfengisneyslu verið á undanhaldi – jafnhliða því að áróðurinn gegn reykingum hefur aukist. Á sama tíma hefur áfengisneysla farið stöðugt vaxandi og er ekki ennþá séð fyrir endann á þeirri þróun. Félagssamtök sem berjast gegn ofneyslu áfengis hafa sprottið upp eins og gorkúlur, AA, SÁÁ og fleiri samtök af því. Samt sem áður fer neyslan vaxandi. Áróðurinn virkar þannig ekkert sérstaklega vel. Fáir aðhyllast á hinn bóginn aukin boð og bönn í áfengismálum – þvert á móti. Reynslan af áfengisbanninu 1908-1934 þykir hafa sýnt að þau virki ekki.

En það er engu líkara en áfengi og tóbak séu tveir algjörlega andstæðir hlutir. Sama fólk og sér enga aðra lausn en algjört bann við reykingum á opinberum stöðum er kannski hlynnt áfengissölu í matvörubúðum og samkanpeni í smásölu á áfengi. Vissulega er ákveðinn munur á áfengisneyslu og tóbaksneyslu því að auðvelt er að sýna fram á skaðsemi óbeinna reykinga. En hvernig er með óbeina drykkju? Eru ekki til fórnarlömb annarra manna drykkju? Til dæmis eiginkonur, eiginmenn og börn? Hvernig er staða þessa fólks í umræðu um áfengismál, miðað við t.d. fólk sem vinnur á skemmtistöðum?

Áfengisbannið á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar hafði ekki þau áhrif sem að var stefnt. Munu þá bönnin virka í baráttunni við tóbakið? Hvers vegna trúum við á þau þar en ekki þegar kemur að áfenginu? Við því eru engin einföld svör og svo virðist sem að tískusveiflur ráði miklu í baráttunni við fíkniefnin. Hættan er bara sú að þær ráði of miklu.

# Nagladekkin bjarga mannslífum

UMRÆÐAN
Umferðaröryggi



LÚÐVÍK GIZURARSON

Hver fann þá vitleysu upp, að nagladekk ættu að fara undan bílum á vorin að viðlögðum sektum þótt enn væri oft næturfrost og því víða glerhál frosthimna á götum í upphafi dags. Naglarnir komnir undan og bíllinn stjórnlaus. Svona verða bílslys.

Þegar þetta er skrifað 21. maí 2007 stendur í Textavarpinu: „Þrjú umferðarslys urðu á Reykjanesbraut í nótt og í morgun vegna krapa á veginum.“

Nú vaknar sú spurning hvort einhver þessara bílaeigenda hafi hlustað á áskoranir yfirvalda eða hótanir um sektir og tekið naglana undan strax og því naglalausir í hálkunni í nótt og morgun. Sumir þessir ökumenn lentu á sjúkrahúsi. Sagt var frá hálku á fleiri vegum og þar misstu menn bíla líka útaf í frosthálkunni með tilheyrandi slysum.

Burtséð frá öllum opinberum reglum virðist það „common sence“ eða heilbrigð skynsemi að hafa nagla á dekkjum meðan von er á hættulegri frosthálku á vegum. Það var ljóst í nótt og morgun með fjölda hálkuslysa víða á vegum.

Grundvallarregla bifreiðalaga segir okkur, að bannað sé og refsivert að aka bifreið, nema ökumaður hafi fulla stjórn á bifreiðinni. Það er því refsivert af hálfu yfirvalda að skipa fólki að taka nagladekkin undan og svo lendir fólk í frosti og hálkuslysi og endar á sjúkrahúsi.

Þetta ætti Ríkissaksóknari að athuga og ákæra þá sem valda alvarlegum slysum með því að skipa fólki að taka nagladekkin undan því enn sé frost um nætur með tilheyrandi glerhálum hálkublettum á vegum. Frostið getur verið hættulegra en brennivínið. Drukkinn ökumaður er álíka hættulegur sjálfum sér og öðrum, eins og sá sem ekur á naglalausum dekkjum í glerhálku og frosti á vegum. Báðir brjóta bifreiðalög segir þessi lögmaður og greinahöfundur.

Þetta verður að laga áður en fleiri slasa sig eða drepa. Oft bæði sig og aðra. Vitið verður að ráða. Fækkum slysunum.

*Höfndur er hæstaréttarlögmaður.*














**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND - LIECHTENSTEIN

Ísland og Liechtenstein mætast í hörkuleik í undankeppni EM 2008 á Laugardalsvelli kl. 16:00 í dag.
Forsala aðgöngumiða verður í gegnum miðasölukerfi á ksi.is og midi.is þar sem þú getur valið þér besta sætið!
Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum.

Við minnum á söfnunina, útspark til Gambíu.

KSÍ 1947 60 2007

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn · MasterCard · Coca-Cola · vodafone · VÍS · www.getraunir.is · Icelandair

MIÐAVERÐ Á LEIKDAG 2. JÚNÍ
Sæti á rauðu svæði kr. 4.000
Sæti á bláu svæði kr. 1.500
Sæti á grænu svæði kr. 1.500

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. • Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið. Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.




LAMBA RIB EYE VILLKRYDDAÐ
2.498 kr. kg
22% afsláttur




UNGNAUTAFILLET Í RAUÐVÍNS- OG PIPAR MARINERINGU
2.498 kr. kg
Þú sparar 600 kr. kg




STÓRLÚÐA Í SNEIÐUM
1.998 kr. kg
Nóatún mælir með!



## Berjaveisla Nóatúns!




SKÖTUSELSFIÐRILDI Í TÓMAT OG HVÍTLAUK
1.798 kr. kg
25% afsláttur




STEINBÍTSSPJÓT MEÐ CHILI OG LIME
398 kr. stk.
Nóatún mælir með!




KEILUSPJÓT MEÐ SÍTRÓNUPIPAR
398 kr. stk.
Nóatún mælir með!

## McCain franskar – líka með pipar!




## Hot spot grillsósur!






KJÖRÍS ÍSPINNAR 10 STK
349 kr. pk.


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á fylltum grísalundum!
Ljúffengt grillmeðlæti frá Nóatúni!
Úr Kjötborði Nóatúns
24% afsláttur
GRÍSALUNDIR MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
1.998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
GRILLPYLSUR ÚR KJÖTBORÐI
TÓMAT, MOZZARELLA EÐA CHILI
998 kr. kg
Nóatún mælir með!
Úr Kjötborði Nóatúns
UNGNAUTAHAMBORGARAR
90 GRÖMM
79 kr. stk.
43% afsláttur
ÍTALSKAR NAUTAHAKK-
BOLLUR MEÐ TÓMAT
998 kr. kg
37% afsláttur
NÝTT!
Kaffimjólk
Létt Macchiato
Macchiato kaffimjólk!
Nú eru berjadagar í Nóatúni!
Verði ykkur að góðu!







TÓMATAR ERU HOLLIR OG LJÚFFENGIR,
LITFAGRIR OG ÓMISSANDI Á MATBORÐIÐ.
ÍSLENSKIR GRÆNMETISBÆNDUR BJÓÐA
NEYTENDUM UPP Á MARGAR TEGUNDIR
SEM AUKA FJÖLBREYTNINA OG MÖGULEIKANA.
NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ PRÓFA ÞÆR ALLAR.

www.islenskt.is
ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

MAÐUR VIKUNNAR

# Kona sem aldrei gleymist

Ásta Lovísa Vilhjálmsdóttir vakti mikla athygli fyrir hetjulega baráttu sína við krabbamein. Þessi einstæða þriggja barna móðir bar harm sinn ekki í hljóði heldur deildi hún sögu sinni í gegnum fjölmiðla, ekki síst í með skrifum á heimasíðu sinni þar sem hún leitaði styrks og útrásar. Hún opnaði umræðu um sjúkdóm sem hefur fellt svo marga og svo margir glíma við en fáir tjá sig um. Frásagnir hennar báru aldrei með sér sjálfsvorkunn heldur voru fullar af styrk og lífsgleði. Þessi einstaki styrkur og æðruleysi sem hún bjó yfir lét engan sem á hana hlýddi ósnortinn.

Ásta var alin upp í skugga banvæns fjölskyldusjúkdóms. Sjúkdómurinn getur valdið heilablæðingu hjá fólki meðan það er í blóma lífsins og dregið það til dauða. Meðal þeirra ættingja sem Ásta missti vegna hans voru móðir hennar og systir. Samkvæmt erfðavísindunum voru um helmingslíkur á því að Ásta hefði erft sjúkdóminn. Hún slapp undan honum en glímdi við sjúkdóminn sáraristilbólgu frá því hún var barn. Þeir sem eiga við þau veikindi að etja eru líklegri til að fá krabbamein og það var það sem dró hana til dauða þótt hún gæfist aldrei upp í baráttu sinni. Móðir Ástu fékk fyrstu heilablæðinguna þegar hún var 25 ára og komin fimm mánuði á leið. Hún lifði af en lamaðist. Ásta var tekin með keisaraskurði á sjöunda mánuði. Sjúkdómurinn hafði bundið Móður Ástu í hjólastól og fleiri heilablæðingar fylgdu í kjölfarið. Árið 1979 átti hún frumkvæði að skilnaði við föður Ástu. Síðustu árin eftir fyrstu heilablæðinguna bjó hún í öryrkjaíbúð í Hátúni. Hún lést árið 1984, aðeins 33 ára að aldri. Ásta var þá átta ára gömul. Ástu tók sárt að hafa ekki getað kynnst móður sinni fyrr en hún var orðin veik. Hún tók samt fram að stjúpa hennar Guðríður Ólafsdóttir hefði reynst henni sem besta móðir. Tengsl þeirra tveggja hefðu aldrei rofnað þótt leiðir Guðríðar og föður hennar hefðu skilið þegar Ásta var tíu ára.

Mesti ótti Ástu Lovísu var að þurfa að deyja frá börnunum sínum, þeim Kristófer, Emblu og Írenu.

Í viðtali sagði Ásta Lovísa að þótt hún væri viss um að þau gætu eignast góða stjúpu, rétt eins og hún hefði gert, þætti henni sárt til þess að hugsa að svo gæti farið að yngsta dóttir hennar, sem nú er á fjórða ári, myndi ekki eiga minningar um hana.

Ásta var nítján ára gömul þegar hún eignaðist soninn Kristófer. Hún sagði ákvörðunina um að verða móðir hafa verið meðvitaða, hún hefði þráð að eignast barn. Þremur árum síðar eignuðust hún og fyrri barnsfaðir hennar stúlkuna Emblu. Leiðir Ástu og föður barnanna tveggja skildu síðar. Litlu seinna kynntist hún öðrum manni og með honum eignaðist hún Írenu árið 2003. Sambandi þeirra lauk árið 2005 og eftir það varð hún einstæð þriggja barna móðir. Hún sagði betra hlutskipti að vera einstæð en í óhamingjusömu sambandi.

Einlæg frásögn Ástu af lífi sínu bjargaði mannslífum. Skömmu eftir að fyrsta viðtalið við hana birtist á prenti hafði maður samband við hana. Hann var með sáraristilbólgu eins og hún en hafði ekki farið í reglubundna krabbameinsskoðun, sem er mikilvægt meðal sjúklinga með þennan sjúkdóm. Ásta fór reglulega á tveggja ára fresti. Maðurinn hafði ekki farið í sex ár en eftir lesturinn fór hann í speglun. Í ljós kom að hann var með sepa í ristlinum sem var byrjaður að breytast. Meinið var unnt að fjarlægja og þakkaði hann Ástu lífgjöfina.

Í öðru tilviki hafði kona samband við Ástu eftir að hafa lesið bloggið hennar. Sagði hún að sá mikli lífsvilji sem fram kom í skrifum Ástu hefði orðið til þess að hún öðlaðist sjálf vilja til að lifa eftir að hafa glímt við mikið þunglyndi. Óhætt er að segja að þessi einstaki þróttur sem Ásta sýndi hafi hjálpað öðrum í lífinu en þessu fólki.

Síðustu skrif Ástu á heimasíðu hennar birtust 20. maí 2007, tíu dögum fyrir andlát hennar. Í orðum hennar má greina geislandi lífshamingju. Ásta endaði færslu sína á orðunum: „*Knús á ykkur og prufið að byrja daginn á því að brosa, þakka fyrir daginn í dag og opna fyrir hjartað... Er það DÍLL ???*

*Knús og liðið*
*Tjá tjá*
*Ásta Lovísa*“

## ÁSTA LOVÍSA VILHJÁLMSDÓTTIR




### ÆVIÁGRIP

Ásta Lovísa Vilhjálmsdóttir fæddist 9. ágúst 1976, dóttir hjónanna Vilhjálms Þórs Vilhjálmssonar og Ástu Lovísu Leifsdóttur. Ásta Lovísa var í móðurkviði þegar móðir hennar fékk heilablóðfall, sem varð til þess að hún lamaðist öðru megin líkamans. Árið 1984 lést hún, 33 ára að aldri, úr arfgengri heilablæðingu. Vilhjálmur og Ásta skildu árið 1979. Árið 1984 hóf Vilhjálmur sambúð með Guðríði Ólafsdóttur. Þau slitu samvistir þegar Ásta Lovísa var tíu ára en samband þeirra Ástu rofnaði ekki. Ásta Lovísa átti tvö systkini; þau Daða Þór Vilhjálmsson og Jónínu Björk Vilhjálmsdóttur en hún lést árið 2000 úr arfgengri heilablæðingu.

Ásta Lovísa varð móðir aðeins nítján ára þegar sonur hennar, Kristófer Daði Kristjánsson, fæddist árið 1995. Þremur árum síðar eignaðist Ásta Emblu Eir Kristjánsdóttur og yngsta barnið hennar Írena Rut Sumarliðadóttir fæddist árið 2003.

Ásta Lovísa lauk stúdentsprófi og lærði nudd. Hún var barn þegar uppgötvaðist að hún var með ristilsjúkdóm sem gæti valdið krabbameini. Við þessar fréttir lét faðir hennar taka sýni af mænuvökva til að kanna hvort hún væri arfberi arfgengu heilablæðingarinnar sem dregið hafði svo marga í hennar fjölskyldu til dauða. Ásta var ekki með genið sem olli heilablæðingunni. Í ágúst í fyrra fékk Ásta Lovísa hins vegar þær fréttir að krabbameinsfrumur hefðu fundist í líkama hennar. Hún lést af völdum krabbameinsins miðvikudaginn 30. maí, þrítug að aldri.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Hispurslaus og hreinskilin skrif Ástu Lovísu á bloggsíðu sinni voru það sem fyrst vakti athygli fólks á henni. Á síðunni greindi hún í hjartans einlægni frá baráttu sinni við krabbameinið. Fyrst kom hún fram í viðtölum við Kastljós og DV í haust. Fegurð hennar, kjarkur og lífsgleði komu vel fram í þeim viðtölum og varð heimasíða hennar ein sú vinsælasta á landinu eftir það. Hún var útnefnd Íslendingur ársins af tímaritinu Ísafold, meðal annars fyrir að opna umræðuna um þennan banvæna sjúkdóm sem þúsundir glíma við en fáir tjá sig um.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Ég gleymi þessu viðtali sjálfsagt aldrei. Styrkur Ástu og jákvætt viðhorf í alvarlegum veikindum var mannbætandi fyrir alla sem hlustuðu. Með því að segja sögu sína af fádæma æðruleysi miðlaði hún því til okkar að við eigum að njóta lífsins í stað þess að kvarta og kveina undan smámunum. Ásta bloggar um veikindi sín, ekki til að bera þau á torg eða láta vorkenna sér, heldur til að fá styrk frá lesendum og útrás með tjáningunni.“ – Sigmar Guðmundsson í Kastljósi.

„Ásta er svo yndisleg manneskja að það er ekki annað hægt en líka vel við hana.“ – Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, faðir Ástu.

„Ásta Lovísa hélt úti opinskárri bloggsíðu fram á síðasta dag, þar sem hún lýsti baráttu sinni við illvígan sjúkdóm með ótrúlegum hætti og uppskar virðingu og aðdáun þjóðarinnar fyrir vikið.“ – Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs og bloggari.



# LJÚFAR STUNDIR

## Hágæða nuddpottar frá Hydropool - gæði og áratuga reynsla



**460.000**

**Hydropool - Serenity SE-R**
15 vatnsnuddstútar, 3ja hestafla tveggja hraða dæla, ljós, hart lok, Cedrus viðarklæðning



**520.000**

**Hydropool - Serenity SE-5**
30 vatnsnuddstútar, 4 hestafla tveggja hraða nudddæla, ljós, hart lok, Cedrus viðarklæðning



**790.000**

**Hydropool - Self Clean 675**
44 vatnsnuddstútar, ein 3ja hestafla tveggja hraða hreinsi-, hitunar- og nudddæla, ein 4 hestafla nudddæla, 2 fossar, ljós, hart lok, Cedrus viðarklæðning

### Hydropool - heitir pottar

Heitur pottur er frábær viðbót við pallinn. Hægt er með einföldum hætti að koma honum fyrir. Um tvær gerðir potta er að ræða, rafmagnspotta sem eru með öllum búnaði og skeljar sem settar eru niður í pallinn eða stéttina. Skeljar geta verið með eða án nudds.

Hydropool hefur áratuga reynslu í framleiðslu nuddpotta og leitast við að vera ávallt í fararbroddi framleiðenda um víða veröld.





### Hydropool - Self Clean

Sjálfhreinsandi pottarnir frá Hydropool eru frábrugðnir flestum pottum sem í boði eru hvað varðar hreinsibúnaðinn. Pottarnir eru með tvöföldum botni og hringrásardælan dregur vatn úr botninum ásamt yfirborðsvatni og dælir í gegnum hreinsisíuna.

Það tekur einungis 15 mínútur að dæla öllu vatninu í gegnum síuna. Hreinsun gerist einfaldlega ekki betri.

www.egg.is

EGG
SMÁRATORGI

# Að lumbra á Fjallkonunni!

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá stúdentsveislu, grillveislu, ofbeldi, heimilishaldi, hrossaættum, möðkuðu mjöli, skemmdum ávöxtum og lífvana grænmeti. Einnig er minnst á tilganginn í lífinu og skuggalegan munnsöfnuð forsætisráðherrans.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**LAUGARDAGUR 26. MAÍ**

### Listahátíð og Köngulóarmaðurinn

Fallegur dagur. Fórum í stúdentsveislu til nágranna okkar á Bárugötunni, Jóhönnu og Ingólfs. Jónas sonur þeirra var að útskrifast. Það hefur alltaf verið mikil birta kringum þennan góða dreng. Í stúdentsgjöf færðum við honum tvær bækur sem hann á vonandi eftir að hafa gaman af, „Moby Dick“ eftir Hermann Melville, en ég held að betri skáldsaga hafi ekki ennþá verið skrifuð í veröldinni. Hin bókin var „Íslendinga saga“ Sturlu Þórðarsonar sem mér finnst vera besta bók sem samin hefur verið á íslensku og Sturla fremsti rithöfundur þjóðarinnar, já, betri en Snorri frændi.



Eftir samkvæmið fór frú Sólveig á listahátíð að hlusta á menningarlegan djass. Við Andri horfðum á Köngulóarmanninn í sjónkanum.

**SUNNUDAGUR 27. MAÍ**
**HVÍTASUNNUDAGUR**

### Grillveisla og líkamsárásir



Grillveisla í hesthúsunum hjá Fanneyju, Líneyju, Óla og Finni og fólkinu sem er með okkur í hesthúsi. Nú fer að líða að því að hrossunum verði sleppt á græn grös og þess vegna var haldið vorblót. Sólin hamaðist við að skína. Það var fallegt úti. En kalt.

Það er frú Sólveig sem hefur haldið uppi merkjum okkar í hestamennskunni í vetur. Hún hefur farið nokkrum sinnum í viku en ég hef verið heima með grislingana.

Hestamennska er reyndar íþrótt sem hjón þurfa að iðka í sameiningu en við erum ung ennþá og höfum tímann fyrir okkur.

Ástandið í höfuðborginni er ekki vel gott. Í nótt var tilkynnt um sjö líkamsárásir „og voru 2 þeirra alvarlegar“ segir í blaðafrétt án þess að nánar sé útskýrt hvernig þær líkamsárásir eru sem ekki teljast alvarlegar.

Ef einhver hefur áhuga á að fækka ofbeldisverkum í Reykjavík væri hægt að byrja á því að fjölga í lögregluliði til að geta haft sýnilega löggæslu og stytta jafnframt opnunartíma veitingahúsa.

Margir eru kannski þeirrar skoðunar að veitingahús eigi að vera opin allan sólarhringinn og að allir eigi rétt á því að skemmta sér allan sólarhringinn ef þeim svo sýnist.

Þar í móti kemur að börn sem eiga foreldra sem koma heim af öldurhúsum rétt áður en barnatíminn hefst í sjónvarpinu á laugardags- og sunnudagsmorgnum eru einfaldlega munaðarlaus um helgar. Það hugsar enginn um rétt þessara barna til að eyða helgum með foreldrum sínum en ekki í einsemd fyrir framan sjónvarp eða tölvu. Sömuleiðis væri ágætt að fara að pæla í rétti skikkanlegs fólks til að lifa án þess að eiga von á beinbrotum eða dauða af hálfu drukkins og dópaðs fólks á veitingastöðum, gangstéttum og akvegum.

Rétturinn til að breyta sér í frávita skepnu hefur ótvíræðan forgang í þeirri óábyrgu frjálshyggjumaníu sem er tískubólan nú um stundir. Fyrr eða síðar verður farið að hugsa um rétt þeirra sem eiga á hættu að verða fyrir barðinu á þeim sem misnota frelsið. Á miðnætti aðfaranótt föstudags ganga í gildi lög sem eiga að vernda fólk sem ekki vill verða fyrir barðinu á reykingamönnum. Þá hlýtur að fara að verða tímabært að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að takmarka tjón fólks af sjálfhverfri hegðun annarra sem er hættulegri en óbeinar reykingar.

**MÁNUDAGUR 28. MAÍ**

### Hrossaættir

Í dag var afmælisdagur frú Sólveigar. Í vetur hef ég lánað henni hestinn minn, hann Vin, með þeim afleiðingum að heitar ástir hafa tekist með þeim. Ég ákvað því að gefa henni klárinn í afmælisgjöf. Hún ætlaði varla að trúa mér þegar ég afhenti henni gjöfina. En svona er þetta. Það er eitthvað gott í okkur öllum.



Hesturinn hennar Sólveigar er alhliða gæðingur úr hinni frábæru ræktun Viðars á Kaldbak. Vinur er bleikálóttur undan Hilmi frá Sauðárkróki syni Ófeigs frá Flugumýri og Vordísi frá Höskuldsstöðum undan Galdri frá Sauðárkróki. Hann er stór vexti og höfðinglegur, fallegur á tagl og fax, hefur miklar hreyfingar og er rúmur á öllum gangi. Viljinn er ótakmarkaður og lundin létt og jákvæð eins og hjá nýskipuðum ráðherra.

Nú þarf ég að fara að svipast um eftir snotrum klár handa sjálfum mér. Hann þarf að hafa eitthvað við sig svo að ég verði Vini og Sólveigu ekki til skammar. Ég ætla að vanda valið. Sá hestur á að endast mér þar til ég verð áttræður og verður sennilega síðasti reiðhesturinn minn.

**ÞRIÐJUDAGUR 29. MAÍ**

### Tilvistarpælingar

Þegar maður er ekki alveg heill heilsu gefst góður tími til að velta fyrir sér alls konar spurningum sem ekki eru áleitnar svo lengi sem maður hamast frá morgni til kvölds við að taka þátt í lífsbaráttunni og þjóðfélaginu.

Ég var að velta því fyrir mér hvort það líf sem ég lifi er skemmtilegt og fullnægjandi. Það væri leiðinlegt eftir dauðann að híma í gröfinni og naga sig í handarbökin fyrir að hafa ekki gengið á tindana sjö, safnað auði, átt fjallajeppa, verið á móti virkjun fallvatna og bjargað heilum þjóðum frá hungursneyð.

Það sem ég geri er að ég starfa við heimilisstörf, einkum aðdrætti til búsins og eldamennsku, ég sinni barnauppeldi og vinn við ritstörf. Allt þetta finnst mér fremur skemmtilegt, nema kannski helst að kaupa inn til heimilisins. Hér í eina tíð voru einokunarkaupmenn frægir fyrir að selja Íslendingum maðkað mjöl. Nú um stundir er mjölið ætt en í staðinn er sífellt verið að pranga inn á mann mygluðum og skemmdum ávöxtum og lífvana grænmæti. Maður á að geta gert þá lágmarkskröfu til matvöru sem er á boðstólum í verslunum að hún sé æt. Væri ekki hægt að fela einhverjum góðum aðila að fylgjast með því?

Heimilisstörfin mín mestan part í eldhúsinu þykja mér skemmtileg. Ekkert sem ég hef tekið mér fyrir hendur um dagana hefur uppskorið jafnmikið lof og matseldin. Þegar ég er að elda hlusta ég á útvarpið og fylgist með fréttum. Þar fyrir utan er hugurinn frjáls, ég get upphugsað útsmognar lausnir á vandamálum eða látið hugann reika frjálsan og glaðan.

Barnauppeldi er ábyrgðarhlutverk. Það á víst að vera innprentað í eðli hverrar manneskju að hugsa um afkvæmi sín og koma þeim á legg og vissulega hjálpar eðlisávísunin eða brjóstvitið langt á leið. En stundum koma upp flóknar spurningar sem maður kann engin svör við. Þá er þrautalendingin að láta umhyggju og kærleika ráða þegar skynsemina þrýtur.

Þá er eftir að nefna brauðstritið. Ég valdi mér sjálfur að eyða starfsævinni í kvikmyndagerð og ritstörf. Í kvikmyndagerðinni var ég orðinn leiður á að þurfa að eyða mestöllum vökutíma mínum í að hugsa um peninga. Ritstörf eru ekki eins kostnaðarsöm. Ég setti mér það markmið að samlagast ekki staðalímynd rithöfundar með tilheyrandi orðagjálfri um yfirskilvitlega náttúru bókmennta og lista og guðdómlegan innblástur. Allt vel um slíka staðalhöfunda en mig langar ekki til að vera í þeim hópi. Maður sem sem aflar sér lífsviðurværis (félaga og andstæðinga) með penna, það vil ég vera. Hér og nú.

Þar með er lokið þessum tilvistarpælingum mínum á þriðjudegi. Niðurstaðan er sú að á hverjum degi gerist eitthvað skemmtilegt. Er hægt að fara fram á meira í þessum besta heimi allra heima?

**MIÐVIKUDAGUR 30. MAÍ**

### Að lúberja Fjallkonuna

Það virðast vera lítil takmörk fyrir því ofbeldi sem kraumar undir sléttfeitu yfirborði þjóðfélagsins. Ég var að lesa á blogginu hans Ómars Ragnarssonar að einhver ofbeldismaður reyndi að ráðast á hann og lemja hann um daginn. Þetta er eins og að lumbra á Fjallkonunni!

**FIMMTUDAGUR 31. MAÍ**

### Hreinn og klár kommúnismi



Alþingi kom saman í dag. Í kvöld var Geir Haarde í sjónvarpinu. Hann sagði meðal annars um nýju stjórnina:

„Þessir flokkar hafa einsett sér að mynda frjálslynda umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu, bættan hag heimilanna og aukna samkeppnishæfni atvinnulífsins.“

Þetta ætla ég að leggja á minnið og vona að Geir geri það líka.

Svona munnsöfnuður um frjálslyndi og velferð hefði ekki alls fyrir löngu verið kallaður hreinn og klár kommúnismi.




# **Nýir alvöru jeppar** á alvöru jeppasýningu



**Við frumsýnum** þrjá nýja jeppa frá **SsangYong** um helgina. **Kyron** jeppinn kemur í nýrri og spennandi útgáfu, **Actyon** jeppinn er nú sýndur í fyrsta sinn og sömuleiðis **Actyon Sport** pallbíllinn. **Rexton** jeppinn, flaggskipið í flotanum, verður að sjálfsögðu líka á staðnum, dísilvélin er nú heil 186 hestöfl. Allt eru þetta alvöru jeppar sem henta frábærlega íslenskum aðstæðum.

**En auðvitað er sjón sögu ríkari. Komdu á jeppasýninguna, það er opið alla helgina.**

Bílabúð Benna
www.benni.is

Tangarhöfða 8-12
112 Reykjavík
Sími 590 2000



ACTYON SPORTS



ACTYON



REXTON II




DYNAMO REYKJAVÍK


ÚTS
OPNUM KL
12:00
FYRSTIR KOMA
FYRSTIR FÁ
AÐEINS Í DAG • ÓTRÚLEG TILBOÐ • TAKMARKAÐ MAGN • ÞETTA ER
Harðdiskar á ótrúlegu tilboðsverði
FRÁ 1.990
Magnaðar ferðatölvur á geggjuðu tilboðsverði
FRÁ 39.900
Skjákort af öllum stærðum og gerðum
FRÁ 990
Hýsing utan um harðdiska á tilboðsverði
FRÁ 1.990
Svalandi ís frá Emmess bæði bætir og kætir
emmessís
ÓKEYPIS
Örgjörvar til að auka nú afl og afköst í græjunni
FRÁ 1.990
Nú er tíminn til að stækka vinnsluminnið í tölvunni þinni
FRÁ 990
Móðurborð til að uppfæra gömlu græjuna almennilega
FRÁ 1.290
Flottar fartölvu-töskur í miklu úrvali
FRÁ 990
Turnkassar fyrir öll tækifæri, einstakt verð
FRÁ 1.490
Kassaviftur á klikkuðu verði
FRÁ 190
Vertu í sambandi frábært úrval af netkortum
FRÁ 390
Athugið að vörum af útisölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útisölu • Birt með fyrirvara um breytingar
ALLTAF BETRA VERÐ



GEGGJUÐ
TILBOÐ
Notað, nýtt, lítið útlitsgallað
...AÐEINS BROT AF ÚRVALINU • ÞAÐ ER ALDREI AÐ VITA HVAÐ ÞÚ FINNUR
acer
Nú er tíminn til að ná sér í tölvuskjá næstum gefins
FRÁ 9.990
Frábær lyklaborð á geggjuðu tilboðsverði
FRÁ 290
Nú færðu ekki ódýrari ljósmynda prentara
FRÁ 2.990
Hátalarar fyrir alla tónlist á gjafverði
FRÁ 490
Lófatölvur á ótrúlegu útsöluverði
FRÁ 19.900
Vertu viss um að tölvan þín sé vel varin með Trend
FRÁ 1.990
Frábærir leikir á einstöku tilboðsverði
FRÁ 190
Allskyns kaplar á mögnuðu verði
FRÁ 90
Mikið úrval af heyrnatólum á sérstöku útsöluverði
FRÁ 690
Minniskort fyrir myndirnar þínar
FRÁ 990
Frábærar stafrænar myndavélar á einstöku útsöluverði
FRÁ 5.990
Flottar mýs á besta verðinu
FRÁ 290
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 13 ÁR
REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 414 1700
AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 414 1730
KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 414 1740
EGILSSTÖÐUM
Miðvangi 2-4
Sími 414 1735

**CHARLIE WATTS, TROMMULEIKARI ROLLING STONES, FÆDDIST ÁRIÐ 1941.**



*„Mick er ómögulegur í að leysa eigin vandamál en mjög góður í að hjálpa öðrum með þeirra vandamál.“*

***Charles Robert Watts um söngvarann Mick Jagger.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. JÚNÍ 1957

## *Hrafnista vígð í Reykjavík*

Dvalarheimilið Hrafnista í Reykjavík og Hafnarfirði fagnar merkum tímamótum í dag en fimmtíu ár eru frá vígslu Hrafnistu í Reykjavík og þrjátíu ár frá vígslu Hrafnistu í Hafnarfirði.



Þegar rekstur Hrafnistu í Reykjavík hófst var einungis ein álma heimilisins íbúðarhæf og þangað fluttu fimmtán manns.

Nú búa 330 manns í Reykjavík og 227 á Hrafnistu í Hafnarfirði auk 56 manns sem eru þar í dægradvöl. Hrafnista rekur einnig hjúkrunarheimilin á Vífilsstöðum og Víðinesi. Á Vífilsstöðum eru 50 heimilismenn og 38 í Víðinesi. Í tilefni tímamótanna verður efnt til hátíðar, bæði á Hrafnistu í Reykjavík og í Hafnarfirði, á sjómannadaginn, sunnudaginn 3. júní. Hátíðin í Reykjavík hefst kl. 13.00 með því að Þorvaldur Halldórsson syngur sjómannalög. Klukkan 13.30 verður séra Svanhildur Blöndal með sjómannamessu, lúðrasveit leikur sjómannalög fyrir utan heimilið og milli klukkan 14 og 17 verður boðið upp á fjölbreytt skemmtiatriði fyrir alla aldurshópa, auk kynningar á starfsemi heimilisins. Um kvöldið verður skemmtun fyrir heimilisfólk og aðstandendur, eins og gert var fyrir réttum fimmtíu árum, þar sem Raggi Bjarna skemmtir. Nánari dagskrá: www.hrafnista.is

## MERKISATBURÐIR

**1780** Derby-kappreiðarnar eru haldnar í fyrsta sinn.

**1875** Alexander Graham Bell hringir í fyrsta sinn úr síma.

**1897** Mark Twain svarar orðrómi um dauða sinn á þennan hátt: „Sögusagnir um andlát mitt eru stórlega ýktar.“

**1966** Surveyor 1 lendir í Procellarumon-hafi á tunglinu og verður þar með fyrsta geimfar Bandaríkjamanna til að lenda heilu og höldnu á öðrum hnetti.

**1999** Bútanska útvarpsfélagið sjónvarpar í fyrsta sinn í konungdæminu.

**2004** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, synjar fjölmiðlafrumvarpinu staðfestingar.

## AFMÆLI



**Guðrún Agnarsdóttir** læknir er 66 ára.



**Þorgeir Ástvaldsson** útvarpsmaður er 57 ára.



**Hörður Sigurgestsson** fyrrverandi forstjóri Eimskips er 69 ára.



**Guðmundur Páll Ólafsson** náttúrufræðingur er 66 ára.

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðna A. Ólafssonar**

Núpalind 2, Kópavogi.

**Valgerður Á. Blandon**
**Ingibjörg Unnur Guðnadóttir** **Ragnar Sigurðsson**
**Valgerður Selma Guðnadóttir** **Guðbjörn Björgólfsson**
**Þorbjörg Guðnadóttir** **Helgi S. Reimarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Haukur Einarsson**

vélfræðingur, Jöklafold 4, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 30. maí. Útför hans fer fram í Grafarvogskirkju mánudaginn 11. júní kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Guðrún Kristjánsdóttir**
**Jóna Helga Hauksdóttir**
**Inga Guðný Hauksdóttir** **Bernharð Antoniussen**
**Einar Birgir Hauksson** **Kristín Óskarsdóttir**
**Edda Kristín Hauksdóttir**
**Anna Karen Hauksdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Axel Þórir Gestsson**

Þórir frá Reykjahlíð, Karlagötu 4,

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur vinsemd og samúð. Sérstaklega viljum við þakka Þorsteini Gíslasyni lækni og starfsfólki á 13D Landspítala við Hringbraut fyrir einstaka aðhlynningu.

**Svanhildur J. Ingimundardóttir**
**Guðrún Axelsdóttir** **Guðlaugur Jónasson**
**Ragnheiður Axelsdóttir** **Guðmundur Gunnarsson**
**Ingimundur Gestur Axelsson**
**Jónas, Þórir, Fannar, Sindri, Gunnar, Guðlaugur og Leó.**

---



**SAMTÖK UM KVENNAATHVARF Í ALDARFJÓRÐUNG** Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra samtakanna, fagnar tímamótunum í Iðnó í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SAMTÖK UM KVENNAATHVARF:** TUTTUGU OG FIMM ÁR FRÁ STOFNUN

# Barátta og gleði í Iðnó

Samtök um kvennaathvarf bjóða til afmælisfundar í Iðnó í dag, laugardag 2. júní klukkan 14.00, í tilefni þess að 25 ár eru liðin frá stofnun samtakanna.

„Þetta verður bæði gleðskapur og baráttufundur til að hrista aðeins upp í okkur,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra samtakanna.

Að sögn Sigþrúðar er enn full þörf fyrir kvennaathvarfið og of lítið hefur breyst á þessum árum. „Aðsóknin eykst með hverju ári sem líður. Það er gleðilegt að því leytinu til að það er orðið auðveldara fyrir konur sem lifa við ofbeldi að taka þetta skref út úr ofbeldissambúð. En sorglegt að því leytinu til að upprunalega markmiðið var að setja á stofn athvarf sem myndi smátt og smátt missa tilgang sinn,“ segir Sigþrúður, sem segir eitt það besta við starfið að hitta ungt heilsteypt fólk sem hefur eytt tíma í athvarfinu sem börn og snýr aftur til að láta gott af sér leiða.

Í tilefni dagsins verður boðið upp á kaffi, kleinur og stuttar hugleiðingar valinkunnra kvenna.

Auk þess mun Brynhildur Guðjónsdóttir flytja lög úr söngleiknum Edith Piaf og tónlistarfólk úr Borgarfirðinum lög úr Saumastofunni. Ávarp flytja Berglind Eyjólfsdóttir rannsóknarlögreglumaður, Drífa Snædal, fyrrverandi framkvæmdastýra samtakanna, Una María Óskarsdóttir, varaforseti Kvenfélagasambands Íslands, Kristín Ástgeirsdóttir frá Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum, Margrét Pála Ólafsdóttir leikskólastjóri, Tatjana Latinovic frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna og Þórunn Sveinbjörnsdóttir frá Eflingu-stéttarfélagi. Fundarstjóri verður Þórhildur Þorleifsdóttir. Fundurinn er öllum opinn og aðgangseyrir er enginn.

**rh@frettabladid.is**

# Blómstrað á Skólavörðustíg

Hinn árlegi Blómadagur Skólavörðustígsins verður haldinn í dag, laugardaginn 2. júní. Dagurinn er haldinn hátíðlegur í tilefni sumarkomu en einnig til að undirstrika sérstöðu fyrirtækjanna á Skólavörðustíg.

Mörg þeirra versla með handverk, nytjalist og ýmiss konar hönnun og því skemmtilegt að gera sér ferð niður stíginn.

Á Blómadaginn verður ríkjandi útimarkaðsstemning, til dæmis mun Jói byssusmiður sýna handgerða hnífa.

Börn úr Austurbæjarskóla hefja daginn á skrúðgöngu klukkan hálf ellefu með því að ganga niður Laugaveginn og upp Skólavörðustíginn. Þá munu nemendurnir dreifa blómum og ávöxtum í boði Blómabænda og Banana hf.

Stígurinn mun iða af lífi þar sem lifandi tónlist, dans og önnur skemmtiatriði verða í boði fram eftir degi. Þess má geta að Menningarganga Birnu Þórðardóttur hefst við Hallgrímskirkju klukkan 11.30 og aftur klukkan 15.30.



**STÍGURINN** Blómadagurinn á Skólavörðustíg er haldinn árlega.

ATH.

# LENGRI HELGI Á LAUGAVEGI

OPIÐ VERÐUR Í VERSLUNUM OKKAR
**FRÁ 10 TIL 18 LAUGARDAG**
**OG FRÁ 13 TIL 17 SUNNUDAG**

Það er því tilvalið að taka daginn í verslunar og dekurferð á Laugaveg þar sem hægt er að gera öll sín innkaup, allt frá fatnaði til nauðsynjavöru. Dekra við sig í mat og drykk og anda að sér fersku lofti þess á milli.

## HVERGI Á LANDINU ERU FLEIRI VERSLANIR OG VEITINGASTAÐIR EN VIÐ LAUGAVEG

FÓLKIÐ Í BÆNUM
HAGSMUNASAMTÖK VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU VIÐ LAUGAVEG

GALLERÍHÚSIÐ
LAUGAVEG 91
[Tískuhús á tveimur hæðum]

EVA
LAUGAVEGI 89
[Tískuvöruverslun]

GUST
LAUGAVEGI 70
[kvenfata-tískuverslun með eigin hönnun]

NAKTI APINN
BANKASTRÆTI 14
[Tískuvöruverslun]

VINNUFATABÚÐIN
LAUGAVEGI 76
[20% afsláttur af LEE og Wrangler. Verð gæði, og Persónuleg þjónusta.]

RÁÐHÚSBLÓM
BANKASTRÆTI 4
[Blómabúð]

FRIIS-COMPANY
LAUGAVEGI 55
[Fylgihlutir]

BASK
LAUGAVEGI 95
[Tískuverslun]

G-STAR
LAUGAVEGI 86-94
[Tískuverslun]

L'OCCITANE
LAUGAVEGI 76
[Snyrti- og heilsuvörur]

REYKJAVÍK PIZZA COMPANY
LAUGAVEGI 81
[veitingastaður]

SIA
LAUGAVEGI 86-94
[Húsbúnaður]

MONA
LAUGAVEGI 66
[Tískuverslun]

SIGURBOGINN
LAUGAVEGI 80
[Snyrtivörur]

MAÍA
LAUGAVEGI 86-94
[Tískuverslun]

COUTURE
LAUGAVEGI 86-94
[Tískuverslun]

DÚN OG FIÐUR
LAUGAVEGI 87
[Svefnherbergisvörur]

LIGGALÁ
LAUGAVEGI 67
[Barnavörur]

PLAZA MEXICO
LAUGAVEGI 70
[Smávöru- og gjafavöruverslun]

RADAR

**WWW.LAUGAV.IS // LAUGAV@LAUGAV.IS**

VISA — Landsbankinn

Visa og Landsbankinn eru bakhjarlar Fólksins í bænum.


320ml x4
Samlokur með skinku, rækjum eða túnfiski
Tómatsósa er ekki bara tómatsósa: Hér höfum við bindiefnalaust eplamauk, minni sykur og ekkert aukavatn. Bragðaðu á henni og þú finnur muninn!
Vals tómatsósan
179 KR.
430g
Valstómatsósan íslenska
Sú eina sanna!
KÓKÓ mjólk
SUMARLEIKUR KLÓA
Bónus samloka tilboðsverð:
125 KR.
Verð áður 139 KR.
10 Bónus vínarpylsur í pakka - verð um:
250 KR.
Komdu í Bónus!
Marsípanterta 800g
598 KR.
Myllu heimilisbrauð
129 KR.
770g
Marsípantertan hans Stjána bakara
Smyrillinn kemur alltaf mjúkur úr ísskápnum!
5 pylsubrauð
69 KR.
HEIMILIS BRAUÐ
Vinsælasti steikti laukurinn í Bónus!
Crisp fried onion
STEIKTUR LAUKUR
69 KR.
200g
Smyrill 300g
89 KR.
Spelt pitsudeig
259 KR.
400g
+ 33% pakki
59 KR.
Maryland
Lífsstílsvara
BÓNUS


Kryddlegnar grill grísakótelettur
Grill svínakótelettur -kílóverð nú:
1019 KR.
Merkt verð 1698KR.
40% afsláttur við kassann
Grill svínavöðvi -kílóverð nú:
1019 KR.
Merkt verð 1698KR.
Kryddleginn, beinlaus grísavöðvi úr læri
GRILLKRYDDAÐAR LAMBAFRAMPARTSSNEIÐAR
KF GRILL LAMBAFRAMPARTUR kílóverð nú:
698 KR.
Merkt verð 998KR.
Fyrir ALVÖRU nautnaseggi: Folaldakjöt KOFAREYKT frá KF
40% afsláttur við kassann
KOFA FOLALDAKJÖT kílóverð nú:
382 KR.
Merkt verð 637KR.
Vinsælasta grillkjötið í Bónus skv. skoðanakönnun á bonus.is
Ferskt lambafille
kílóverð nú:
1998 KR.
Bónus býður betur!
BÓNUS GRILLSÓSA
139 KR.
270 ml
KF SALAT
98 KR.
350g
EKKERT BRUÐL
2 lítrar
68 KR.
PEPSI LIGHT
FROSINN LAMBABÓGUR
kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
www.bonus.is
BÓNUS

# Seinþroska sveitarómantíker

Það hefur gustað af Sunnlendingnum **Bjarna Harðarsyni** á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því hann náði kjöri á þing. ***Bergsteinn Sigurðsson*** ók austur fyrir fjall og ræddi við Bjarna um framsóknarstefnu, græðgisöfl og skroll.



**VIÐ ÖLFUSÁ** „Sumir byrja á sínum pólitíska frama miklu fyrr. Ég hefði ekki getað hugsað mér þetta um þrítugt. Mér leiddist svo að sitja á fundum."
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þingmannsferill Bjarna Harðarsonar hófst á fimmtudag þegar hann undirritaði drengskaparheit við stjórnarskrána. Hann er hálffimmtugur og hefur verið í Framsóknarflokknum í um tuttugu ár. Spurður hvers vegna hann hafi afráðið að sækjast eftir þingsæti núna segist hann – eftir dálítið hik – líklega vera dálítið seinþroska.

„Sumir byrja á sínum pólitíska frama miklu fyrr. Ég hefði ekki getað hugsað mér þetta um þrítugt. Mér leiddist svo að sitja á fundum. Ég tók þátt í félagsstarfi í menntaskóla og síðar en leiddist alltaf að þurfa að sitja kyrr og hef þurft að vera í meiri aksjón. Flestir róast í kringum tólf eða þrettán ára aldurinn, ég gerði það upp úr fertugu. Hún er misjöfn í okkur lífsklukkan, er það ekki? Svo sköpuðust ákveðnar aðstæður hérna í kjördæminu. Ég merkti að það var lag til að fara fram og það reyndist rétt."

Bjarni kveðst vera sveitarómantíker af gamla skólanum, enda alinn upp í Tungunum. Reyndar af sjálfstæðisfólki en hann segir ýmsar ástæður hafa ráðið að Framsóknarflokkurinn var eini flokkurinn sem hann fann sig í. „Faðir minn hefur verið sjálfstæðismaður alla tíð en það er svo margt í stefnu þess flokks sem ég hef aldrei getað fellt mig við, til dæmis skorturinn á jafnaðarstefnu. Þeirri hugmyndafræði að við megum grípa til aðgerða til að jafna hlut fólks, okkur ber í raun skylda til að gera það. Það er aukaatriði hjá hægra fólki."

Bjarni var herstöðvarandstæðingur, eins lengi og það var hægt, en kveðst vera framsóknarmaður að því leyti að hann trúir ekki á ídeólógíur. „Ég er gegnumsneytt trúlaus maður. Er ekki í kirkjunni og trúi ekki á sérstaka guði öðrum fremur. Það sama á við um pólitískar teóríur. Þær eru ágætar til síns brúks en það er hæpið að leggja allt sitt traust á þær. Svoleiðis einstefna er í raun hættuleg. Þess vegna er framsóknarstefnan góð."

### Ekki mér að kenna

Bjarni var ekki spenntur fyrir áframhaldandi stjórnarsamstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og dró ekki dul á það. Haft var á orði eftir kosningar að miðað við hinn nauma þingmeirihluta væri stjórnin ekki á vetur setjandi, þar sem innan flokkanna væru uppivöðslusamir þingmenn. Bar nafn Bjarna þar á góma. Hann þvertekur fyrir að það hafi verið sér að kenna að ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks sat ekki áfram.

„Það tel ég af og frá. Þó svo að ég telji að mörgu leyti hag Framsóknarflokksins betur borgið utan þeirrar stjórnar, þá gerði ég mönnum ljóst að ef til þessa stjórnarsamstarfs kæmi stæði ég með því. Ég varð aldrei var við það að menn vantreystu þessu. Ég þekki menn í Sjálfstæðisflokknum og eðlilega forvitnaðist ég um þetta þar. Eftir mínum bestu heimildum litu menn ekki svo á þar á bæ að mér væri ekki treystandi. Hitt var aftur á móti ekkert leyndarmál, og lá alltaf fyrir, að ég var einn af þingmönnunum sem voru ekkert alltof hrifnir af því að við héldum þessu áfram. Það er töluverður munur þarna á."

### Guðni réttur maður

Bjarni telur að hagsmunum þjóðarinnar hefði þó verið betur borgið með Framsókn áfram í ríkisstjórn. Hann viðurkennir hins vegar að flokkurinn sé í sárum og segir eina af ástæðunum fyrir slæmri útreið flokksins í kosningum vera sundurlyndi sem hafi einkennt flokkinn nokkuð lengi. „Við vorum byrjaðir að missa tiltrú út af því á síðasta kjörtímabili. Við náðum ekki að stöðva það ferli þótt það hefðu orðið formannsskipti og gert átak til að stilla saman strengi á síðasta flokksþingi. Það tekur lengri tíma til að sannfæra almenning og vinna tiltrú hans aftur."

Bjarna þykir vel að Guðni Ágústsson sé orðinn formaður flokksins og telur að það hefði átt að gerast fyrr. „Ég taldi sjálfur að Guðni hefði átt að taka við formennsku fyrir ári síðan. Það var miður að við fórum ekki þá leið, fylgi okkar hefði orðið betra fyrir vikið. Eftir þessa vondu útreið í kosningunum er ég hins vegar ánægður með hvernig hefur spilast úr þessu. Guðni er mjög góður til að leiða flokkinn í upphafi kjörtímabils. Það á svo eftir að koma í ljós hvort hann býður sig fram til áframhaldandi setu. En ég held að það sé ljóst að með Guðna sem formann liggur okkur ekkert á að halda flokksþing. Ég held að flokkurinn sé að sveigja meira í átt að því að verða þessi gamli, trausti landsbyggðarflokkur."

Byggðamál eru það sem Bjarna er mest umhugað um. Nátengdir þeim eru hagsmunir bænda, sem eru Bjarna líka hugleiknir. Hann tekur ekki undir þá staðhæfingu að eftir tólf ára valdatíð Framsóknarflokksins í landbúnaðarráðuneytinu hafi bændur það ekkert sérstaklega gott. „Vandi bænda hefur ekki verið auðveldur viðureignar en þar hefur verið farin þessi leið okkar framsóknarmanna að blanda með hóflegum hætti saman markaðsleiðum og miðstýringu. Auðvitað er hægt að benda á ýmsa galla í þessu kerfi en heilt á litið hefur tekist vel til. Það er minni samþjöppun í landbúnaði en nokkurri annarri atvinnugrein. Það eru ennþá rekstrareiningar í fjölskyldustærðum og ég held að í stórum dráttum þá sé afkoma bænda ekkert tiltakanlega verri en hjá öðrum."

### Yfirgangur peninga

Eitt af því sem Bjarni hefur gagnrýnt hvað harðast í íslensku samfélagi er það sem hann kallar græðgisvæðingu. „Þetta er spurning um yfirgang peninga. Hann er mjög ríkjandi og við sjáum hann víða Íslandi. Það truflar mig þegar ég heyri að menn eru tilbúnir að ryðja öðrum í burtu svo þeir geti sjálfir makað krókinn. Það truflar mig þegar ég heyri fólk orga að það megi ekki vera flugvöllur í Reykjavík, eins og þetta fólk hafi einhvern tímann átt þetta svæði. Ég held að þetta sé partur af einhvers konar uppeldisleysi; að við höldum að við getum, og eigum, að ná markmiðum okkar fram með því að ýta öðrum niður. Við sjáum þetta líka í því þegar kaupmenn byrjuðu á því að skella á hafnarbakkann í Reykjavík gámi með nýsjálensku lambakjöti, áður en þeir sóttu um leyfi. Þannig vinna græðgisöflin."

> Hagsmunirnir sem ráða því að einhver flytur inn lambakjöt er ekki gæskurík umhyggja fyrir neytendum, það er grímulaus gróðahyggja...

Spurður hvers vegna Íslendingar megi ekki borða innflutt lambakjöt, veðrast Bjarni upp. „Af hverju á maður alltaf að ráðast á það sem er öðrum mikilvægt? Í þessu tilfelli er ekkert jafn mikilvægt til að viðhalda byggð hringinn í kringum landið eins og sauðfjárrækt. Það er mjög auðvelt að brjóta hana niður og mun kosta þetta þjóðarbú mikið. Hagsmunirnir sem ráða því að einhver flytur inn lambakjöt eru ekki gæskurík umhyggja fyrir neytendum, það er grímulaus gróðahyggja; græðgisvæðingin í sinni verstu mynd sem setur ekkert fyrir sig. Sauðfjárræktin er byggðarlegur, sögulegur og menningarlegur grunnur sem menn eiga að láta vera."

### Þjóðlegur heimsborgari

Bjarni hefur þjóðleg gildi í hávegum og skammast sín ekki fyrir það. Hann segir þó mikilvægt að einangra sig ekki frá umheiminum og erlendum straumum; menn geti bæði borðað hrossakjöt og sushi. „Ég held að það sé hollt að blanda þessu saman. Ég hef áhuga á ýmsu sem er þarna langt frá. Ég féll til dæmis fyrir Indlandi fyrir löngu og hef komið þangað tvisvar. Það er mikilvægt að hafa þessa breidd. Við eigum að vera þjóðlegir heimsborgarar, tvímælalaust. Ég held að ef við Íslendingar leggjum rækt við það þá getum við orðið óskaplega ríkir. Við höfum mikið fram að færa og í okkar þjóðlegu menningu finnum við óskaplega mikið. Ég held að það sé þó enn heilmikil minnimáttarkennd gagnvart arfleifðinni. Hún minnir okkur á hokrið og fátæktina. En við vorum ótrúlega rík í torfkofunum, rík í andanum."

Það á best við Bjarna að búa úti á landi. Að því komst hann þegar hann bjó í Reykjavík frá 1982 til 1989. „Ég vann á Tímanum í gamla daga, NT og svo dálítið á Helgarpóstinum. Ég fór til Reykjavíkur upp úr menntaskóla og líkaði

## → BJARNI HARÐARSON Í HNOTSKURN

**Fæddur:** Í Árnýjarhúsi í Hveragerði á jóladag 1961. Foreldrar hans eru Hörður Vignir Sigurðsson, fyrrverandi garðyrkjubóndi, og Ingibjörg Bjarnadóttir húsfreyja.

**Eiginkona:** Elín Gunnlaugsdóttir tónskáld.

**Börn:** Eva, Magnús, Egill og Gunnlaugur.

**Ferill:** Bjarni gekk í barnaskóla í Reykholti og lauk grunnskólaprófi frá miðskóladeild Heimis Steinssonar í Skálholti. Fimmtán ára hóf Bjarni nám í Menntaskólanum að Laugarvatni og tók þar stúdentspróf 1981. 1981 hóf Bjarni nám í sagnfræði við Háskóla Íslands en sneri sér síðan að blaðamennsku án þess að hafa lokið prófi. Frá 2002 hefur Bjarni stundað nám í þjóðfræði við Háskóla Íslands meðfram vinnu og áætlar að ljúka þar BA-prófi vorið 2007. Starfsferill: 1980 starfaði Bjarni við fiskvinnslu hjá KASK á Hornafirði og almenna verkamannavinnu hjá Vélaveri á sama stað seinni hluta þess sama sumars. 1982 starfaði Bjarni sem sjálfboðaliði á samyrkjubúi, við fornleifauppgröft og fleira í Ísrael og Palestínu um sex mánaða skeið. 1983 ritstjóri Stúdentablaðsins í umboði Umbótasinna í Stúdentaráði HÍ. 1984 blaðamaður á Tímanum, NT og síðar Helgarpóstinum. 1985 lausamaður við ýmis blöð í Reykjavík og víðar. Stundaði á þeim árum ferðalög um Himalajafjöll, Breiðafjarðareyjar og fleiri áhugaverða staði jarðarkringlunnar. 1986 ritstjóri Bóndans. 1987 stofnaði ásamt fleirum Bændablaðið og rak það og ritstýrði næstu 7 ár. 1988 – 1990 ritstjóri Þjóðólfs sem er málgagn Framsóknarmanna á Suðurlandi 1991, stofnaði Sunnlenska fréttablaðið ásamt fleirum og hefur rekið það síðan. 2001, stofnaði Sunnlensku bókaútgáfuna sem gefið hefur út nokkrar bækur.





> „En við það að búa í Reykjavík missti ég alltaf af sumrinu. Það er bara ein árstíð í Reykjavík og hún er nafnlaus.“

að nokkru leyti vel í Reykjavík. Síðustu árin vorum við niðri í bæ í lítilli íbúð á Hverfisgötu. En við það að búa í Reykjavík missti ég alltaf af sumrinu. Það er bara ein árstíð í Reykjavík og hún er nafnlaus. Þannig að það var sterk þrá hjá mér að komast út úr bænum, helst upp í sveit, en úr varð að ég settist að hér á Selfossi.“

Bjarni á sér mörg áhugamál, þar á meðal mótorhjól, sem hann segir sína leið til að halda í barnið í sér. „Ég átti skellinöðru þegar ég var fjórtán en seldi hana þegar ég byrjaði í menntaskóla. Ég keypti mótorhjól 25 árum síðar og hef átt svona drullumallara síðan. Ég kemst alltof lítið til að hjóla og er orðinn svo lélegur í skrokknum að ég get þetta varla, en ég reyni aðeins.“

**Strítt út af skrollinu**

Bjarni er afburða mælskur en skroll einkennir tal hans. Hann kveðst ekki taka það nærri sér þótt aðrir hafi það í flimtingum. „Nei, nei. Mér var strítt í æsku en aldrei þannig að það hafi verið einelti. Oftast gat ég snúið mig út úr því með því að hlæja með en stundum sárnaði mér. Skrollið er algengt í minni ætt. Gott ef við systkinin gerðum þetta ekki öll þrjú og svo eitthvað af börnum okkar. Þetta eldist yfirleitt af fólki en hefur ekki gert það hjá mér. Eins og ég sagði, þá er ég seinþroska,“ segir Bjarni og hlær.

Hann hlakkar til að byrja á þingi en ætlar að taka sér gott frí í sumar eftir kosningatörnina. „Við hjónin eigum tuttugu ára brúðkaupsafmæli bráðum og ætlum að halda upp á það. En sumarið fer líka í það að funda með sveitungum mínum og sinna grasrótinni. Ég vinn við það.“ Hann segist finna fyrir miklum meðbyr frá sveitungum sínum en því er ekki að neita að hann á líka pólitíska andstæðinga á heimaslóðum. „Ég veit að það eru margir sem myndu aldrei kjósa mig, en það er líka eðlilegt. Ég verð hins vegar aldrei var við rætni í minn garð. Í þeim efnum er líka mikilvægt að heyra það sem maður vill heyra.“










# Út á guð og gaddinn

Reykingamenn hafa kvatt síðasta knæpusmókinn. Nú stendur fátt annað til boða en að standa úti á stétt og hnipra sig saman í bræðralagi reykingamanna. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* heyrði í nokkrum bareigendum, sem flestir segjast ósáttir við bannið. Hitalampar, teppi og aukin dyravarsla er það sem koma skal.



**56 ÁRA REYKINGUM LOKIÐ** Á Prikinu hefur verið reykt síðan árið 1951 og harmar eigandi staðarins reykingabann mikið.



**NEFTÓBAK OG HITALAMPAR** Búast má við því að fleiri græði á reykingabanni en þeir reyklausu. Verði þróunin sú sama og í Svíþjóð og í Noregi munu heildsalar hitalampa stórhagnast og sala neftóbaks aukast mikið.



**BAKPORT FYRIR REYKINGAMENN** Á veitingastaðnum Rex munu reykingamenn geta dvalið í porti bak við staðinn sem er alveg lokað en þar verður hitalömpum komið fyrir.



**MEIRI STIMPINGAR** Búast má við auknum látum utan við staði, en reynsla New York-búa er aukinn hávaði og slagsmál utan við staði, að minnsta kosti fyrstu mánuðina.

Bareigendur í Reykjavík segjast margir uggandi yfir komandi reykingabanni. Meðan einhverjir hyggjast fjárfesta í hitalömpum og byggja einhvers konar skjólveggi utandyra hafa aðrir ekki tök á slíku og telja það einnig vafasamt að þeir muni fá slíka aðstöðu samþykkta, til að mynda með tilliti til reglugerða um hávaða.

Guðmundur Magnússon, sem rekur Næsta bar, segist ekki vera með neinn viðbúnað í bígerð heldur ætla að bíða og sjá og spila framhaldið svo eftir eyranu. Staðurinn verði vitaskuld reyklaus og ekki standi til að ráða auka dyraverði til að hleypa fólki út til að reykja enda lítil aðstaða þar fyrir utan. „Þetta er í rauninni allt fremur sorglegt því ástandið var farið að þróast í þá átt að einhverjir voru farnir að banna alfarið reykingar á stöðunum sínum á meðan aðrir leyfðu þær. En það var gripið inn í þá þróun og og ríkið virðist líta á það sem skyldu sína að ala upp fullorðið fólk," sagði Magnús.

### Ætla að láta reyna á Portið

Nokkru ofar, á öldurhúsinu Prikinu, hefur verið reykt frá árinu 1951. Eigandi Priksins, Guðfinnur Karlsson, segir að stefnan sé sú að útbúa einhverja aðstöðu í porti bak við Prikið þangað sem reykingamenn geti farið út að reykja. Hann hafi betri aðstöðu en margir þar sem portið sé alveg lokað svo reykingamenn þurfa ekki að standa í stappi við fólkið sem stendur fyrir utan staðinn. „Ég hugsa að fæstir séu búnir að fullmóta með sér hvernig og hvort þeir ætli að koma fyrir einhverri aðstöðu utandyra. Það veit enginn hvað mun gerast, hvort aðsókn minnkar eða hvort fólk heldur áfram að koma í sama mæli og minnki þá annað hvort reykingarnar eða verði á stöðugu flakki út og inn af staðnum til að reykja." Lögum samkvæmt má ekki taka drykki með sér út þannig að gestir munu þurfa að klára úr glösunum eða skilja drykkina eftir inni. „Flestir sjá fyrir sér að þurfa að bæta við starfsmönnum til að hleypa gestum út til að reykja og sú lægð sem skapast getur næstu mánuði hvað veltu staðanna varðar getur haft dýrkeypt áhrif hjá mörgum. Það er ekki víst að allir ráði við það að missa af tekjum, jafnvel þótt tímabundið sé. Margir bareigendur vinna sjálfir dag og nótt á staðnum til að ná endum saman og því má lítið bregða út af."

### Bannað að reykja úti á svölum Ólívers

Það er fleira en reglugerð um reykingabann sem taka þarf tillit til þegar staðir fara að hleypa gestum sínum út til að reykja. Á skemmtistaðnum Ólíver eru svalir á efri hæðinni en vegna reglugerðar um hávaða mega gestir staðarins ekki vera úti á svölunum nema fyrri part kvölds. Eftir það er það ólöglegt. Sama má segja um portið hjá Prikinu, en þar verður að koma í ljós hvort hávaðareglugerðir nái að svæla reykingamenn burt. Þá eru gangstéttirnar eftir en þangað geta gestir alltaf farið og reykt og reynt svo að komast inn á staðinn aftur. Rekstrarstjóri Kaffibarsins, Árni Einar Birgisson, segir að þar muni gangstéttin fyrir utan líklega verða vinsæl til reykinga og hann muni ráða fleiri dyraverði á staðinn til að hleypa fólki út og inn að reykja sem og að fylgjast með þeim sem bíða í röðinni. Víst er að á stað eins og Kaffibarnum, þar sem fyrir bannið var þröng á þingi þegar gestir reyndu æstir komast inn á staðinn, má búast við miklu havaríi. „Yfirvöld gáfu eigendum staðanna í raun ekkert svigrúm til að skapa reykingasvæði utandyra og flestir virðast vera upp á gangstéttina komnir. Það eru kannski einstaka staðir sem ekki eru í miðri íbúabyggð sem munu geta nýtt sér sín port ef slíkt er fyrir hendi," útskýrir Arnar. Skemmtistaðurinn Barinn á Laugavegi 22 er háður sömu annmörkum og segist rekstrarstjórinn þar einnig munu bæta við dyravörðum.

### Vegamót hafa góða aðstöðu fyrir reykingamenn fram eftir kvöldi

Á Ólíver mun líklega einnig verða bætt við dyravarðaflotann að sögn eigandans, Arnars Þórs Gíslasonar. Arnar er ásamt eiganda Vegamóta og Ölstofunnar nýkominn úr ferð til Svíþjóðar þar sem þeir kynntu sér aðstæður á sænskum reyklausum skemmtistöðum en þar er þó aðeins betur búið að reykingamönnum þar sem minni staðirnir mega hafa sérstök reykherbergi. Þó má ekki fara með drykki þangað inn. Ekki var mikil ásókn í reykingarnar í Svíþjóð en á stærri stöðum hleyptu dyraverðir reykingafólki út í hollum. Arnar segist fremur bjartsýnn á að aðsókn haldist sú sama og jafnvel að nýir kúnnar bætist í hópinn. Athvarf reykingamannanna sé fyrst og fremst gangstéttin fyrir utan. Óli Már Ólason, eigandi Vegamóta, segir að fram eftir kvöldi að minnsta kosti verði hitalampar úti í porti á staðnum. Þar sé líka skjólveggur og svo geti gestir fengið lánuð teppi. Vegamót eru því í ágætum málum hvað reykingagestina varðar en eftir klukkan tíu á kvöldin segist Óli Már þurfa að taka hitalampana inn sem og stólana og þá fara reykingamenn út á stétt að reykja líkt og annars staðar.

### Reykingaskýli sem bíður samþykktar

Einhverjir ætla að freista þess að útbúa sérstök reykingaskýli í samræmi við reglugerðir um hvernig slík skýli mega vera, en samkvæmt reglugerðinni verður svæðið að vera úti undir beru lofti og opið að 1/4 hluta ef svæðið er undir föstu eða færanlegu þaki. Kormákur Geirharðsson segist vera með eitt skýli á teikniborðinu og vonast til að fá það samþykkt hjá Heilbrigðisstofnun. Á Rex munu menn nýta sér port sem er í eigu staðarins og láta reyna á að bjóða reykingamönnum þangað út. Planið er að koma þar fyrir hitalömpum og útbúa huggulega aðstöðu þar sem reykingamönnum verður hleypt inn og út í hollum. Flestir renna þó blint í sjóinn og fæstir vilja fjárfesta í dýrum búnaði fyrr en einhver reynsla er komin á reykingabannið. Verður spennandi að fylgjast með hvernig reykingamenn borgarinnar munu taka banninu og hvort stympingar eigi eftir að verða milli þeirra og hinna sem bíða óþreyjufullir í biðröðunum.

## LOK, LOK OG LÆS

**Þau lönd sem bannað hafa reykingar á veitingahúsum og börum að öllu eða einhverju leyti eða fyrirhuga slík bönn:**



**Ástralía** Ástralar hafa komið reykingabanni á í nokkrum skrefum. Fyrsta skrefið var tekið þegar reykingar voru bannaðar á öllum veitingahúsum og mötuneytum í Suður-Ástralíu árið 1999.



**Bandaríkin** Í 18 ríkjum Bandaríkjanna hafa verið sett á lög um reyklaus veitingahús og bari. Fjögur ríki til viðbótar eru með lög með undanþágu fyrir bari þar sem gestir þurfa að standa.



**Belgía** Í janúar á þessu ári var blátt bann lagt við reykingum á veitingahúsum: Á þeim veitingastöðum sem bjóða einungis upp á létta rétti, svo sem pítsur og kalda rétti, mega gestir þó reykja.



**Bútan** Frá árinu 2005 hefur verið bannað að reykja á opinberum stöðum og sala tóbaks er bönnuð í landinu.



**Danmörk** Í apríl síðastliðnum var reykingamönnum úthýst af veitingastöðum, börum og klúbbum. Sérstök reykherbergi eru leyfð á stöðum sem eru stærri að flatarmáli en 40 fermetrar. Slíkar undanþágur eru þó einungis í gildi þar til árið 2010.



**Finnland** Finnar eru samtaka okkur Íslendingum í að henda reykingamönnum út af börum og veitingastöðum 1. júní.



**Frakkland** Enn má reykja á börum og kaffihúsum en þó aðeins þar til í janúar 2008.



**Eyjarnar Guernsey og Jersey** Á eyjum þessum sem heyra undir bresku krúnuna hafa reykingar verið bannaðar á veitingahúsum og börum frá árinu 2006.



**Hong Kong** Í janúar á þessu ári voru reykingar bannaðar á flestum opinberum stöðum, þar með talið á veitingastöðum, börum, ströndum og í almenningsgörðum.



**Írland** Árið 2004 varð Írland fyrst allra landa til að setja á algert bann við reykingum á vinnustöðum, opinberum stöðum, krám og veitingahúsum. Hörð viðurlög eru við brotum, jafnvel fangelsisdómur. Engu að síður eru fangelsin nær eini staðurinn sem bannið nær ekki til.



**Ítalía** Reykingar bannaðar á veitingahúsum, börum og opinberum byggingum frá árinu 2005. Þar eru undanskilin sérstök reykherbergi, sem þurfa þó að uppfylla stranga skilyrði um loftræstingu og hönnun.



**Kanada** Mörg héruð, svo sem Ontario, Alberta og Quebec, hafa bannað reykingar á börum og veitingastöðum.



**Litháen** Reykingar bannaðar frá því í janúar á þessu ári á veitingastöðum og börum. Þar eru þó sérstakir sígarettu- og pípubarir undanskildir ásamt næturklúbbum.



**Noregur** Reykingar bannaðar á veitingahúsum og börum frá árinu 2004.



**Nýja-Sjáland** Banni við reykingum á veitingahúsum og börum var komið á árið 2004.



**Portúgal** Í maí síðastliðnum voru reykingar bannaðar á þeim börum og veitingastöðum sem eru minni að flatarmáli en 100 fermetrar. Staðir sem eru stærri en það mega bjóða upp á sérstök reykingasvæði. Slíkar undanþágur verða þó aðeins leyfðar næsta árið.



**Svíþjóð** Reykingabann á veitingahúsum og börum frá árinu 2005. Sérstök reykherbergi leyfð á minni stöðum en þó má ekki fara þar inn með drykki.



**Stóra-Bretland** 1. júlí verða allir landshlutar orðnir reyklausir hvað opinbera staði, veitingastaði og bari varðar. Skotland reið á vaðið árið 2006, Wales og Norður-Írland tóku bannið í gildi nú í vor og England rekur svo lestina með því að banna reykingarnar nú í sumar.



**Úrúgvæ** Frá því í mars 2006 hefur verið ólöglegt að reykja á börum og veitingahúsum.



**FÍ stendur fyrir dagsferð** um Þjórsárdal, Landsveit og Heklusvæðið í samstarfi við Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Á þessum „hring“ er margt áhugavert að sjá sem tengist sögu horfinnar byggðar og mannlífs, og einnig sögu jarðelda, uppblásturs og eyðingar. Lagt er af stað frá Mörkinni 6 kl. 9.00 með rútu og kostar 4.000 krónur fyrir meðlimi en 6.000 fyrir aðra.

**Sumarsýning á Sævarhöfða** verður hjá Ingvari Helgasyni um helgina. Kalli á þakinu mætir á svæðið í þyrlu kl. 13 á laugardag og sunnudag og ef þú reynsluekur bíl þá verður þinn þveginn og uppítökutilboð gert í hann.



**Bílabúð Benna** frumsýnir um helgina þrjá nýja SsangYong jeppa: Actyon, Actyon Sports og Kyron. Bílarnir eru allir byggðir á grind, búnir háu og lágu drifi, með díselvélar og fást þeir allir með sjálfskiptingu. Jepparnir verða kynntir í sýningarsal Bílabúðar Benna á Tangarhöfða 8-12 á laugardag og sunnudag milli 12 og 16 báða dagana.







LJÓSHEIMAR
FYRIR HUGA, LÍKAMA OG SÁL

Ljósheimadagur Sunnudaginn 3. júní 14-18
Ljóheimum, Brautarholti 8

**Kristallasýning- og sala í salnum**

*Dagskrá:*
14:30 Kynning á Ljósheimaskóla (boðið er upp á þriggja ára nám)
15:00 Kynning á gyðjunni Quan Yin og hugleiðsla - með Selenu Woolf
16:00 Jóga kynning - Viktoría Sigtryggsdóttir
17:00 Hugleiðsla með sköpun -með Sólbjörtu Guðmundsdóttur

*Önnur dagskrá:*
kynningartímar gegn vægu gjaldi - kynning og sýning á notkun eyrnakerta - englaherbergi - tehúsið Ljósheima glæsilegt að vanda

***Hjartanlega velkomin!***

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




Gígja Jóhannsdóttir lét drauminn um bjölluna rætast fyrir rúmu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bjallan hefur alltaf verið draumurinn

***Wolksvagen bjalla hefur verið draumabíllinn hennar Gígju Jóhannsdóttur síðan hún var barn. Fyrir rúmu ári rættist draumurinn og græna bjallan er orðin að veruleika.***

„Bjallan hefur alltaf verið draumabíllinn minn, síðan ég man eftir mér. Afi átti margar bjöllur þegar ég var lítil og ég man hvað mér fannst þær rosalega flottar,“ segir Gígja Jóhannsdóttir sem eignaðist grænu draumabjölluna fyrir rúmu ári.

„Ég var búin að svipast um eftir rétta bílnum, ásamt pabba, þegar ég fann þessa fyrir tilviljun,“ segir Gígja og ekki skemmdi fyrir að grænn er uppáhaldsliturinn hennar.

Bíllinn er árgerð 1971, fjögurra gíra, með 1300 vél og hálfsjálfskiptur.

„Ég held að hann sé sá eini á landinu sem er hálfsjálfskiptur. Það er engin kúpling, svo ég skipti bara um gír með gírstönginni,“ segir Gígja.

Bíllinn var í góðu ástandi þegar Gígja fékk hann. Vélin þurfti þó einhverja smá lagfæringu sem pabbi hennar tók að sér. Á veturna bíður svo bjallan í góðu yfirlæti inni í bílskúr og er nú nýkomin á götuna.

„Ég nota bjölluna bara innanbæjar og til að rúnta á. Hún er líka inni í bílskúr ef rignir og í vondu veðri. Hún er mest spari og svona hálfgert leikfang,“ segir Gígja.

*rh@frettabladid.is*



Grænn er uppáhaldslitur Gígju.




Ertu að spá í bílakaup?

VIÐ FJÁRMÖGNUM
ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7235

**Svefnpokinn** er góður á sumrin. Hvað er betra en að fara af stað út í íslenska náttúru vopnaður tjaldi, svefnpoka, prímus, tónlist og í góðum félagsskap?




NÝ STARCRAFT FELLIHÝSI OG CAMP-LET TJALDVAGNAR Í MOTORMAX

**Starcraft** fellihýsi



Jeppafellihýsið RT sem þú ferð með hvert á land sem er eða eitthvað annað glæsilegt Starcraft fellihýsi fyrir allar fjölskyldur. Þitt er valið. Starcraft hefur gæðin.

Verð frá **1.249.000 kr.**

**Camp-let** tjaldvagnar



Með Camp-let tjaldarðu stórum og rúmgóðum tjaldvagni á svipstundu. Í ár eru allir Camp-let á 13" dekkjum með nýjum útbúnaði sem auðveldar tjöldun og með lengra beisli. Camp-let er fallegur, nettur og traustur tjaldvagn, sem ferðaglaðir Íslendingar tjalda ár eftir ár.

Verð frá **669.000 kr.**



**Isabella**
fortjöld og skjóltjöld

- heimsþekkt gæði.

**Opið laugardag**
kl. 10 - 16 í Kletthálsi.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

MotorMax

**MotorMax Reykjavík** - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
**MotorMax Egilsstöðum** - Sími 470-5080 / 470-5070
**MotorMax Akureyri** - Sími 460-4350

**www.motormax.is**




Krumma hefur unnið hjá Intercontinental í átta ár og er mjög ánægð. FRÉTTABLAÐIÐ/EMILÍA

# Eins og bóndi í borginni

***Krumma Jónsdóttir hefur búið í París frá árinu 1995. Síðustu átta árin hefur hún unnið hjá Intercontinental-hótelkeðjunni, lengst af á Intercontinental Paris le Grand.***

Krumma kláraði stúdentinn árið 1994 og ári seinna fór hún til Parísar með vinkonu sinni. Ætlunin var að ferðast um Evrópu en það breyttist þegar vinkonan fékk vinnu á skemmtiferðaskipi. „Ég ákvað því að sækja um vinnu hjá Disney en var hent út því ég talaði ekki nógu mikla frönsku og gat ekki þetta og gat ekki hitt. Þrjósk og frek eins og ég er fór ég aftur viku seinna og sagði í viðtalinu að ég elskaði Mikka mús og að ég hefði lesið öll Andrésblöðin og daginn eftir var ég í vinnu," segir Krumma og hlær.

Starf Krummu hjá Disney fólst í því að telja fólk niður í leiktæki. Eftir að nokkurra mánaða samningstíma hennar var lokið var henni boðið í eins konar hæfnispróf sem haldið var til að athuga hvort starfsfólkið væri á réttri hillu. „Út úr því kom að ég gæti verið góð í móttöku á hóteli eða mjög góð Lísa í Undralandi," segir Krumma og hlær. „Mér fannst Lísa spennandi en þegar ég fór að hugsa málið ákvað ég samt að vera skynsöm og fór í hótelmóttöku. Þannig að ég kynntist hótelstarfinu í Disney og komst á réttan stað. Síðan þá hef ég skipt um starf á árs til átján mánaða fresti en alltaf innan hótelbransans."

Krumma byrjaði að vinna á Grand hóteli í mars 1999 og er því búin að vera í átta ár hjá sama fyrirtæki. „Ég byrjaði þá sem bókunardama en sex mánuðum seinna fékk ég stöðu sem aðstoðaryfirmaður í bókunardeild. Ég fór svo að vinna á öðru Intercontinental hóteli í París sem yfirmaður bókunardeildar og síðan er ég búin að flakka svolítið á milli og gegna ýmsum stöðum. Í dag er ég sölustjóri fyrir hópa og ráðstefnuhald," segir hún.

Krumma segir að hópurinn sem hún vinni með sé mjög góður og geri eiginlega allt sem þarf að gera nema að búa til matinn. „Ég segi stundum að ég sé eins og bóndi sem er með veiðimenn sem hann sendir út. Ég þarf ekki að ferðast því ég er með sölumenn sem gera það og kynna hótelið. Við berjumst um viðskiptavinina við önnur hótel, ekki bara í París, og ég er með sölumenn í Englandi, Ameríku og Austurlöndum. Svo er ég með hóp af skipuleggjendum sem vinnur með viðskiptavinunum að skipulagningu þegar sölumenn eru búnir að semja við þá og eftir það tekur framkvæmdahópur við og framkvæmir það sem er búið að skipuleggja."

Reglulega kemur það fyrir að Íslendingar gisti á hótelinu og Krumma lætur þá yfirleitt vita af sér. „Í fyrra var til dæmis ráðstefna hérna um íslensk fjármál og ég hef haft samband við ferðaskrifstofur og látið vita að það sé íslenskumælandi manneskja á hótelinu. Grand hótel er tilvalinn kostur fyrir þá sem eru að fara í helgarferð eða brúðkaupsferð og við erum alveg miðsvæðis svo allt er í göngufæri. Íslendingar vilja gæði og þó það sé kannski þrjátíu eða fjörtíu evrum dýrara að gista hér en á einhverju öðru hóteli úti í bæ er líka auðvelt að finna muninn á þjónustunni. Ég vil líka meina að ef Íslendingar hafa efni á að borga fyrir flugfar sem er ekki ódýrt hafi þeir alveg efni á að gista hér," segir Krumma og hlær.

*emilia@frettabladid.is*




**Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf**

Ferðavernd býður upp á bólusetningar og ráðgjöf til ferðamanna. Þjónustan er í umsjón Helga Guðbergssonar, læknis. Vinnuna annast læknar og hjúkrunarfræðingar.

Mikilvægt er að panta bólusetningu og leita ráðgjafar tímanlega áður en haldið er utan.

**Tímapantanir í síma: 535 77 00**

ferðavernd

www.ferdavernd.is


## Svifflugsnámskeið

FISFÉLAG REYKJAVÍKUR HELDUR NÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR. HÆGT ER AÐ FÁ LÁNAÐAR SVIFVÆNGJUR.



Kynningarfundur vegna svifvængjanámskeiðs verður haldinn í dag kl. 10.00 í félagsheimili Fisfélags Reykjavíkur við Úlfarsfell. Allir áhugasamir eru velkomnir.

Á námskeiðinu sjálfu eru kennd undirstöðuatriði svifvængjaflugs, beiting vængsins og fræðileg atriði á borð við veðurfræði, flugreglur og fleira. Reyndustu flugmenn Fisfélags Reykjavíkur annast kennsluna en umsjónarmaður námskeiðsins er Róbert Bragason. Kennt verður um kvöld og helgar og er hægt að fá svifvængjur lánaðar á meðan námskeiðið stendur yfir.

Nánari upplýsingar er að finna á www.fisflug.is.




# Nordica breytist í Hilton

***Icelandair Hotels, dótturfyrirtæki Icelandair Group, og Hilton Hotels Corporation hafa komist að samkomulagi um að Nordica hótelið í Reykjavík verði hluti af Hilton-hótelkeðjunni.***




Nordica hótel heitir ekki Nordica mikið lengur heldur Hilton. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hótelið mun framvegis heita „Hilton Reykjavik Nordica“. Á næstu vikum verður merkingum og ýmsu varðandi starfsemi hótelsins breytt í samræmi við staðla Hilton-fyrirtækisins.

Um er að ræða sérleyfissamning sem felur í sér að rekstur hótelsins verður áfram á vegum Icelandair Hotels en Hilton leggur til gæðaímynd keðjunnar og aðgang að markaðs- og kynningartækifærum á alþjóðavísu.

Magnea Þórey Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandair Hotels, segir samninginn við Hilton ákveðinn gæðastimpil fyrir Nordica hótel. „Hilton gerir strangar kröfur um gæði og aðstöðu á þeim hótelum sem bera nafnið og það hefur verið ánægjulegt að sjá að við þurfum ekki að gera neina stórvægilegar breytingar til þess að uppfylla þær. Þvert á móti hefur komið fram að hótelið er leiðandi ráðstefnuhótel á alþjóðavísu sem býr yfir frábæru starfsfólki,“ segir Magnea. „Með samningnum opnast okkur margs konar tækifæri sem byggja á þeirri staðreynd að Hilton er þekktasta og virtasta nafnið í heiminum í þessari atvinnugrein og býr yfir gríðarlega öflugu markaðs- og sölukerfi, sérstaklega í funda- og ráðstefnuhaldi og gagnvart viðskiptaferðamönnum.“

Fyrsta Hilton-hótelið var stofnað í Cisco í Texas í Bandaríkjunum af Conrad Hilton árið 1919. Hilton-keðjan er orðin ansi löng en alls rekur hún 500 hótel. Auk þeirra rekur Hilton fyrirtækið aðrar hótelkeðjur, og hefur því innan sinna vébanda meira en 2.800 hótel.

*tryggvi@frettabladid.is*

# Byggt að beiðni eiginkonunnar

***Intercontinental Paris le Grand er eitt af flottustu hótelunum í París.***



Áttatíu svítur eru á hótelinu.



Forsetasvíturnar eru hátt í tvöhundruð fermetrar.

Þegar Napóleon III ríkti yfir Frakklandi fannst honum ekki vera nógu margir staðir í París þar sem yfirstéttin frá Frakklandi, Englandi, Ameríku og öðrum löndum gæti hist. Hann lét því byggja Hotel de L'Opera með þrjúhundruð herbergjum. Eiginkonu hans Eugénie fannst það of lítið og vildi fá stað þar sem væri almennilega hægt að sýna sig og sjá aðra. Hún bað hann því vinsamlegast að byggja handa sér hótel, sem hann gerði.

Byrjað var að byggja Grand hótel árið 1862 og byggingu þess var lokið ári síðar. Við opnun hótelsins voru þar áttahundruð herbergi en aðeins tvö stór baðherbergi þangað sem allir fóru að ná í vatn og sápu.

Síðan þá hefur hótelið tekið töluverðum breytingum og í hvert skipti sem því er breytt fækkar herbergjum þess. Hótelinu var síðast breytt árið 2003 og þá var það 514 herbergi fyrir breytingar en aðeins 470 eftir þær. Á hótelinu eru áttatíu svítur, allt frá 45 fermetra júnior-svítum upp í hátt í tvö hundruð fermetra forsetasvítur.

Grand hótel hefur ekki alltaf verið Intercontinental hótel en það er eina byggingin í París sem hefur verið hótel frá upphafi. Mikill fjöldi gesta hefur gist hótelið, þar á meðal tónlistarmenn, þjóðarleiðtogar og kvikmyndastjörnur.

*- eö*


**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




SJÓKAYAK NÁMSKEIÐ LEIGA VERSLUN OG LENGRI FERÐIR
Höfum fengið til sölumeðferðar 29 tonna skip sem hentar vel sem t.d. skemmtisnekkja til úthafssiglinga eða sem farþega- eða vinnubátur. M.l. 18,9 metrar og breidd 4,3 m. Mjög snyrtilegur að innan sem utan og er skipið með Bens vél sem er 815 hestöfl.
Nánari uppl. gefnar í síma 5 888 111.

**Skipamiðlunin Bátar & Kvóti**
Eggert Sk. Jóhannesson. Jóhannes Eggertsson. Ólafur Thoroddsen hdl.
Löggilt fasteigna, fyrirtækja og skipasala. Síðumúli 13. Sími: 5 888 111

AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ

Sjóðheit

# SUMAR ÚTSALA

## dagana 30. maí til 2. júní

**hjá Bílalandi B&L, valdir bílar á alvöru útsölu.**
**Komdu og fáðu þér bíl á frábæru verði.**

**Enginn útborgun og 100% lán í allt að 84 mánuði.**

**Nokkur dæmi um bíla á útsölu, gott úrval á staðnum:**

Útsöluverð kr. 1.290 þús.
Verð áður kr. 1.650 þús.




Ford Mondeo, 2003 - Ek. 81 þús.

Útsöluverð kr. 1.340 þús.
Verð áður kr. 1.680 þús.




RENAULT MEGANE II, 2005 - Ek. 29 þús.

Útsöluverð kr. 990 þús.
Verð áður kr. 1.260 þús.




Peugeot 307, 2004 - Ek. 57 þús.

Útsöluverð kr. 290 þús.
Verð áður kr. 560 þús.




HYUNDAI ELANTRA, 2000 - Ek. 92 þús.

Útsöluverð kr. 1.780 þús.
Verð áður kr. 2.260 þús.




HYUNDAI SONATA, 2005 - Ek. 32 þús.

Útsöluverð kr. 1.170 þús.
Verð áður kr. 1.510 þús.




RENAULT SCENIC II, 2003 - Ek. 79 þús.

Útsöluverð kr. 780 þús.
Verð áður kr. 1.060 þús.




RENAULT MEGANE, 2003 - Ek. 76 þús.

Útsöluverð kr. 1.660 þús.
Verð áður kr. 2.080 þús.




Hyundai Santa Fe, 2004 - Ek. 106 þús.

Útsöluverð kr. 1.320 þús.
Verð áður kr. 1.760 þús.




RENAULT LAGUNA, 2003 - Ek. 44 þús.

Útsöluverð kr. 950 þús.
Verð áður kr. 1.350 þús.




Opel Zafira, 2003 - Ek. 84 þús.

bíla B&L land
notaðir bílar

bilaland.is
Grjóthálsi 1 - 575 1200

Útsöluverð kr. 1.750 þús.
Verð áður kr. 2.190 þús.




Toyota Avensis, 2005 - Ek. 115 þús.

Opið frá kl. 9 til 18
og á laugardaginn frá kl. 12 til 16.

bílaland.is

HEIMSMÁLIN MEÐ GORBATSJOV

gorbatsjov@frettabladid.is

# Mótvægi við Bandaríkin

Í fjórðu grein sinni í Fréttablaðinu veltir *Mikhaíl Gorbatsjov* því fyrir sér hvort nýju „risaríkin“ fjögur, Brasilía, Rússland, Indland og Kína, geti haft taumhald á Bandaríkjunum á alþjóðavettvangi.

**SPURNING Munu verðandi risaríki á borð við Kína, Indland, Rússland og Brasilíu vinna saman gegn Bandaríkjunum og koma á stöðugleika í heiminum?**

*Shan Subramaniam*

**SVAR** Áhyggjur af óstöðugleika í heiminum eru útbreiddar og tengjast andúð á núverandi stefnu Bandaríkjanna, og þá eru „risaveldin“ fjögur stundum nefnd sem mótvægi við heimsyfirráð Bandaríkjanna.

Vissulega er það rétt að samanlögð verg þjóðarframleiðsla Kína og Indlands – heildarverðmæti allrar vöruframleiðslu og þjónustu sem er innt af hendi í tilteknu landi á tilteknu tímabili – er nú orðin meiri en verg þjóðarframleiðsla Bandaríkjanna. Einnig er verg þjóðarframleiðsla Brasilíu, Rússlands, Indlands og Kína samtals nú orðin jafn mikil og verg þjóðarframleiðsla Evrópusambandsins: um það bil 13,7 trilljónir dala á síðasta ári. Það er óhjákvæmilegt að bæði efnahagsleg völd og pólitískt mikilvægi nýju heimshlutaveldanna fjögurra, Brasilíu, Rússlands, Indlands og Kína – BRIC-landanna svokölluðu – muni vaxa.

### Ólík innbyrðis

Ekki er lengur hægt að ógna þessum fjórum ríkjum til hlýðni, „halda þeim á mottunni“ né koma fram við þau af yfirlæti sem minni háttar samstarfsaðila í heimsmálunum. Þessi staðreynd er eitt helsta einkenni ástandsins í heiminum um þessar mundir. Nauðsynlegt er að taka mið af því.

Samt sem áður tel ég ekki að vaxandi styrkleiki þessara fjögurra ríkja verði til þess að þau muni í reynd sameinast í einhvers konar bandalag. Til þess eru þau of ólík innbyrðis, hvert með sín sérstöku vandamál og hvert með sína sérstöku hagsmuni. Auk þess sýnist mér að þau hafi engan áhuga á að byggja upp stefnumál sín á grundvelli átaka. Afstaða þeirra til heimsmálanna á margt sameiginlegt með þeirri nýju hugsun sem ég hef barist fyrir og sem átti sinn þátt í að binda enda á kalda stríðið.

### Áhyggjur

Engu að síður hljóta leiðtogar BRIC-landanna að hafa áhyggjur af tilraunum Bandaríkjanna til að koma sér upp einokunarstjórn í heiminum og beita völdum sínum einkum með hernaði. Vladimir Pútín Rússlandsforseti hefur talað sérlega opinskátt um þess konar áhyggjur. Aðrir hafa einnig andmælt einhliða stefnu Bandaríkanna, og það með réttu.

Bandaríkin halda áfram að koma sér upp stríðsvopnum, hafa framlengt herskyldudvöl hermanna sinna í Írak og eru að leggja af stað með ný hernaðaráform.

Í Washington verður næstum því hvert einasta vandamál á alþjóðvettvangi kveikja að tali um hernaðarlega lausn: Hugsanleg kjarnorkuhætta af Íran og samskiptin við Norður-Kóreu koma upp í hugann nánast samstundis. Geta Bandaríkin nokkurn tímann lært af afleiðingum þess að ráðast inn í Írak? Liggur það ekki í augum uppi að síðustu fimmtán árin hafa vopnuð átök ekki leyst eitt einasta vandamál? Geta bandarískir stjórnmálamenn ekki áttað sig á því að þessar sýningar á hernaðarmætti hafa í mörgum tilvikum gert illt verra?

### Hættuleg tæki

Það er eins og Winston Churchill sagði einhverju sinni: „Þú getur alltaf treyst því að Bandaríkjamenn gera það sem rétt er – eftir að þeir hafa reynt allt annað.“ Ég er hræddur um að þeir séu enn að reyna.

Svo virðist sem ekki sé nóg að hafa hundruð bandarískra herstöðva úti um allan heim. Nú á að staðsetja eldflaugavarnarkerfi í hjarta Evrópu: í Tékklandi og Póllandi.

En hvar eru sannanir þess að það sé nauðsynlegt? (Seint og um síðir hófust samráðsviðræður við bandamenn í Atlantshafsbandalaginu og við Rússland í viðleitni til að svara þeirri spurningu eftir á.) Og hvað með afstöðu íbúanna í gistiríkjunum: Eru þeir hrifnir af þessum hættulegu tækjum?

### Á bak við óttann

Maður gæti haldið að bandarískir stjórnmálamenn væru haldnir ótta, að Bandaríkjamenn væru alltaf hræddir: Við hryðjuverkamenn, við „óstýrilátu ríkin eða við óútreiknanleika Rússlands eða Kína. En þess háttar vandamál á alþjóðavettvangi – hvort heldur raunveruleg, ímynduð eða ýkt – kynda einungis undir lítt dulbúnum markmiðum. Þau þjóna einkum hagsmunum þeirra sem hagnast á himinháum útgjöldum til hernaðarmála.

Á bak við þá sem hvetja til stríðs leynast alltaf hinir sem græða á stríði. Stjórnmál sem byggð eru á slíkum grunni geta hvorki fært okkur stöðugleika né öryggi. Þau verða að breytast. Bæði nýju valdamiðjurnar og bandamenn Bandaríkjanna í Evrópu geta gert margt til að leiða þau á rétta braut. Þau ættu ekki að standa aðgerðarlaus hjá og horfa á Bandaríkin og samstarfsríki þeirra hlaða nýjum mistökum ofan á gömul.

Á endanum þurfa allir að greiða gjaldið: Bandaríkin, Evrópa og önnur ríki í heiminum.

### Aðgerða er þörf

Við þurfum nýja aðgerðaáætlun sem stefnir að því að lækna heiminn af þeirri stríðsveiki sem hamlar lausnum raunverulegra vandamála. Frumkvæði af því tagi þarf ekki að vera nein ógn fyrir Bandaríkin.

Ég þekki Bandaríkin nógu vel til að geta fullyrt að innan pólitískra stofnana þar eru margir sem líta svo á að þessi einhliða stefna muni enda í ógöngum og eru að leita að útgönguleið. Alþjóðamálefni verða vafalaust í brennidepli í kosningabaráttunni sem nú er hafin fyrir forsetakosningarnar.

Það er ekki rétt, sem sumir halda fram, að allar tilraunir til að hafa áhrif á framferði Bandaríkjanna séu dæmdar til að mistakast. Sú staðreynd, að ríki heimsins eru hvert öðru háð og að valdahlutföllin eru að breytast, mun óhjákvæmilega verða sterk rök við alþjóðlega samningaborðið. Ekkert eitt ríki eða hópur ríkja getur þröngvað sínum vilja, sínum markmiðum eða sínum grundvallarreglum upp á önnur ríki.

### Enga feimni

Brasilía, Rússland, Indland og Kína eru nú þegar mikilvægir leikendur á alþjóðasviðinu. Þau ættu ekki að vera neitt feimin við að beita áhrifum sínum, sem eru töluverð. Þær grundvallarreglur, sem nú eru í gildi, einkum á sviði alþjóðaviðskipta, hygla þeim sem fyrirfram standa betur að vígi. Þetta er ekki jafn leikur.

Margar alþjóðastofnanir, svo sem Heimsviðskiptastofnunin, Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, eru hluti af þessu kerfi. Ég er ekki að halda því fram að nú þurfi að kollvarpa því, en það er fyrir löngu kominn tími á að gera miklar breytingar.

Með því að starfa saman, og með öðrum, geta Kína, Indland og Brasilía, sem öll eru á uppleið, ásamt Rússlandi, sem nú hefur öðlast nýjan styrk, gert mikið til að snúa við hinni neikvæðu þróun sem við höfum séð á síðustu árum. Þau geta náð árangri með því að hafa frumkvæði í þróun nýstárlegrar stefnumörkunar og skynsamlegra leiða að þeim markmiðum.

Bandalag gegn Bandaríkjunum er hvorki nauðsynlegt né æskilegt. En samhæfðar aðgerðir á alþjóðavettvangi geta verið í þágu sameiginlegs öryggis okkar og stöðugleika.



**LEIÐTOGAR INDLANDS OG KÍNA** Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, og Hu Jintao, forseti Kína, hittust í nóvember í Nýju-Delí á fyrsta leiðtogafundi ríkjanna í áratug. Sameiginleg þjóðarframleiðsla þessara ríkja er orðin meiri en þjóðarframleiðsla Bandaríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Gorbatsjov skrifar um heimsmálin

**Þetta er fjórða grein um alþjóðastjórnmál eftir Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtoga Sovétríkjanna og friðarverðlaunahafa Nóbels, sem birtist í Fréttablaðinu í samvinnu við The New York Times Syndicate. Gorbatsjov hefur vegna reynslu sinnar óvenju góða yfirsýn yfir þá atburði sem móta heimsmálin. Gorbatsjov stýrir nú alþjóðlegum rannsóknarsjóði á sviði félags- og efnahagsmála og stjórnmála, The Gorbachev Foundation.**



**Lesendur Fréttablaðsins hafa tækifæri til að senda spurningar til Gorbatsjovs sem hann mun svara í síðari greinum sínum hér í blaðinu. Spurningarnar sendist með tölvupósti á netfangið gorbatsjov@frettabladid.is merktar nafni sendanda og heimilisfangi. Spurningarnar mega vera hvort heldur sem er á ensku eða íslensku.**

Á bak við þá sem hvetja til stríðs leynast alltaf hinir sem græða á stríði. Stjórnmál sem byggð eru á slíkum grunni geta hvorki fært okkur stöðugleika né öryggi. Þau verða að breytast.

Stuðlum að hreinu umhverfi og minnkum umfang sorps með flokkun og endurvinnslu

# STÓR SÝNING

## Í dag laugardag frá kl. 13 - 17 ætlum við hjá Íslenska gámafélaginu að kynna starfsemi okkar að Gufunesi. Við bjóðum alla velkomna.

*Hoppukastali*
*Grillaðar pylsur*
*Ruslatunnukappakstur*
*Börnin fá glaðning*
*Töframaður*

MAARUD Egils

*Grafarvogsbúar eru sérstaklega velkomnir.*




- endurvinnum
- endurtökum
- endurnotum
- endurskoðum
- endurbyggjum
- endurheimtum
- endursendum
- endurbætum

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ EHF

Njarðtak ehf. | NORÐLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ | Sorphirðan ehf. | GÁMAÞJÓNUSTA VESTMANNAEYJA | GÁMA- OG TÆKJALEIGA AUSTURLANDS EHF. | VMS VÉLAMIÐSTÖÐIN

# Ekki lengur tilraun heldur bíó

Það hlýtur að teljast nokkuð sjaldgæft í íslenskri kvikmyndasögu að fólk taki sig saman, fjármagni og taki heila bíómynd á fjórum mánuðum. Aðstandendur Sveitabrúðkaups eru enda mikið bjartsýnisfólk. ***Kristrún Heiða Hauksdóttir*** hitti **Valdísi Óskarsdóttur**, konuna sem sparkaði boltanum af stað.



Við hittum Valdísi fyrir ásamt einum af framleiðendum myndarinnar, Davíð Óskari Ólafssyni, eftir að tökum lauk á Sveitabrúðkaupi og liðlega fjörutíu manna hópur leikara og tæknifólks var kominn aftur í bæinn.

Valdís hefur verið lengi í kvikmyndabransanum og er virt í sínu fagi sem klippari. Sveitabrúðkaup er fyrsta verkefni hennar af þessu tagi en hún vill síður láta bendla sig við leikstjórastólinn enda eru aðdragandi og umgjörð myndarinnar harla óvenjuleg.

Valdís segir að hugmyndin að myndinni hafi kviknað fyrir rúmu ári en var síðan sett í salt um hríð. „Svo var það í vetur að ég var að vinna að klippiverkefni, tiltölulega kaótísku verkefni reyndar, að ég fór að velta því fyrir mér hvort það væri svona sem ég vildi eyða lífinu. Endalaust að vera að koma draumum annarra upp á tjaldið og hafa í sumum tilfellum engan ákvörðunarrétt um útlit eða uppbyggingu myndarinnar og þaðan af síður að maður hafi einhver áhrif á hvernig myndin er tekin því það er löngu búið að ákveða það allt. Oftast er það ekki bara leikstjórinn sem þarf að kljást við heldur líka fjöldinn allur af framleiðendum sem birtast í klippiherberginu og hver og einn hefur sína skoðun og vill ráðskast með myndina og útkoman verður yfirleitt alger hörmung. Það er eins og enginn skilji það að það sem þú hefur í höndunum er það sem var tekið upp og er í klippitölvunni. Getur verið svolítið yfirþyrmandi að sitja með svona rugl dag inn og dag út í sex mánuði. Alla vega þá ákvað ég að ég þetta væri orðið gott og hafði samband við Gísla Örn, einn af forsprökkum Vesturportshópsins, og spurði hann hvort að þau væru til í að gera bíómynd. Þau voru til í tuskið og svo bara rúllaði þetta eiginlega af sjálfu sér þannig lagað."

### Áttavillt nútímafólk

Myndin fjallar um par, Ingibjörgu og Barða, sem ákveður að gifta sig í sveitakirkju sem er í rúmlega klukkustundar fjarlægð frá Reykjavík. Ingibjörg vill halda í þá hefð að brúðguminn sjái ekki brúði sína fyrr en við altarið og því keyra fjölskyldurnar og gestirnir í tveimur rútum úr bænum áleiðis til kirkjunnar. Svo fer reyndar að hópurinn villist og ferðin sem átti aðeins að taka rúma klukkustund verður fimm til sex tímar.

„Fjölskyldur eru oft þannig samansettar að þar er fólk sem þú kannt mjög vel við og svo aðrir sem þú kannt verr við. Þú getur alveg haldið út í klukkutíma, það er ekkert vandamál, en hvað gerist ef þú verður „stökk" með þessu fólki í nokkra klukkutíma? Fólki sem þér líkar ekki við eða þú hefur átt í erjum við eða þig hefur langað til að segja eitt og annað við? Getur þú setið á þér og þagað eða lætur þú hitt og þetta gossa sem betur hefði verið ósagt? Í þessum tveimur fjölskyldum sem eru á leið í brúðkaupið er ýmislegt sem hefur legið ósagt og þegar líður á ferðalagið fer eitt og annað að koma í ljós sem kannski betur hefði legið gleymt og grafið."

### Hraður bolti

Davíð útskýrir að boltinn hafi rúllað afar hratt. Í lok febrúar var komið á hreint hvaða leikarar gætu tekið þátt í myndinni sem er að hluta til spunaverkefni hliðstætt myndunum Börn og Foreldrar sem Vesturportshópurinn vann með Ragnari Bragasyni leikstjóra þótt viðfangsefnið og áherslurnar séu af allt öðrum toga. Síðan var farið í að fjármagna verkefnið en það gekk að sögn Valdísar og Davíðs með afbrigðum vel. „Fjárfestarnir okkar höfðu trú á verkefninu og þeim sem að því stóðu og við náðum að fjármagna myndina eingöngu með einkafjármagni," segir Davíð. „Þetta var afskaplega spennandi ferli og að hluta til tilraunaverkefni til að sjá hvort hægt væri að gera bíómynd á þennan hátt." Þrír bakhjarlar standa að myndinni, framleiðslufyrirtækin Mystery Island, Tvíeyki og Ave.

Valdís hefur starfað sem ráðgjafi fyrir Kvikmyndamiðstöð Íslands og þekkir því vel þá erfiðleika sem eru samfara því að framleiða íslenskar kvikmyndir. „Það getur tekið mörg ár að koma mynd á koppinn og það getur tekið frá sex upp í tíu mánuði að klippa bíómynd. Mig langaði til að gera mynd sem væri gerð hér og nú en ekki einhvern tímann seinna. Finna samstilltan hóp sem var til í að gera eitthvað öðruvísi og prófa eitthvað nýtt. Við vorum afspyrnu heppin og það tókst. Dæmið gekk upp enda úrvalslið sem stóð að verkefninu."

### Einstakur hópur

Enginn einráður leikstjóri var við stjórnvölinn og fyrirkomulagið á tökustað var tiltölulega lýðræðislegt. „Það þurftu allir að taka á sig meiri ábyrgð en venjulega," segir Davíð og áréttar að mikið traust hafi verið sett á leikara, töku- og hljóðmenn og alla aðra sem unnu við myndina. Það átti hver og einn að sjá um sig og sína deild og allir þurftu að vera sáttir við það sem var gert. „Eftir hverja töku voru allir spurðir hvort þeir væru sáttir og ef ekki þá var senan tekin upp aftur og það var ekki hætt fyrr en allir væru vissir um að við hefðum allt sem við þyrftum á að halda. Það skipti ekki máli hver gerði athugasemdina heldur voru allir staðráðnir í að gera þetta sem best," segir Davíð. „Og ég var líka spurð," segir Valdís og bætir við: „En ég lít ekki á mig sem leikstjóra, ég er kannski manneskjan sem sparkaði boltanum af stað svo voru aðrir sem tóku við honum og léku áfram og við sóttum öll að sama marki," segir hún. „Við lögðum mikið á leikarana og þeir fóru á ljóshraða fram úr mínum björtustu vonum og það sama má segja um tökumennina og hljóðmennina og alla aðra sem tóku þátt í verkefninu. Þetta var einstakur hópur og ótrúlega skemmtilegt og svo miklu skemmtilegra að vera innan um lifandi skapandi fólk allan daginn en að sitja aleinn fyrir framan tölvuna inn í klippiherberginu," bætir hún við.

**SVEITABRÚÐKAUP Í SÓLINNI** Margir af þekktustu listamönnum þjóðarinnar koma að myndinni.

> Mig langaði til að gera mynd sem væri gerð hér og nú en ekki einhvern tímann seinna.

### Grár húmor

Valdísi og Davíð rekur í vörðurnar þegar blaðamaður innir þau eftir því hvers konar mynd Sveitabrúðkaup sé. „Þetta er allavega vegamynd," segir hann. „Þetta er trúlegast ekki dramatísk mynd," bætir hún við. „Ætli hún falli ekki einhvers staðar innan gamanmyndageirans," segir Davíð. „Já, það er svolítið svartur húmor í henni, eða kannski frekar grár," útskýrir Valdís.

Henni finnst reyndar hreint ekkert fýsilegt að festa sig í slíkum dilkadráttum. „Það hefur alltaf farið ofboðslega í taugarnar á mér þessi þörf fyrir að flokka myndir. Við þær myndir sem ég hef unnið hefur fyrsta hugsun framleiðendanna verið sú að ákveða hvort myndin sé gamanmynd, drama eða spennumynd – það verður alltaf að vera á hreinu. Svo verður alltaf að vera ein aðalpersóna, ein hetja sem áhorfendur geta haldið með – fólk getur ekki horft á mynd með of mörgum persónum er sagt. Svo þessi mynd er trúlegast allt það sem ekki má gera og ekki á að gera."

### Trúin styrkist

„Ég man að eftir fyrsta daginn þegar við vorum að skoða efnið þá hugsaði ég með mér að við værum ekki lengur með tilraun í höndunum heldur bíómynd. Svo hefur sú trú okkar bara styrkst með tímanum – við verðum bara að vona að þetta verði ekki allt klippt sundur og saman og eyðilagt í eftirvinnslunni," bætir hún við brosandi.

Nú tekur við klippingin sem verður sjálfsagt langt ferli þar sem Valdís og Sigurbjörg Jónsdóttir kollega hennar þurfa að koma rúmlega hundrað klukkustundum af efni niður í einhverja tvo tíma eða svo. Frumsýningardagurinn hefur þó ekki verið ákveðinn ennþá – myndin verður einfaldlega sýnd þegar hún er tilbúin.

### ➜ LEIKHÓPUR SVEITABRÚÐKAUPS

| | | |
|---|---|---|
| Þröstur Leó Gunnarsson | Nína Dögg Filippusdóttir | Hanna María Karlsdóttir |
| Víkingur Kristjánsson | Nanna Kristín Magnúsdóttir | Erlendur Eiríksson |
| Theódór Júlíusson | Ingvar E. Sigurðsson | Gísli Örn Garðarsson |
| Sigurður Sigurjónsson | Kristbjörg Kjeld | Björn Hlynur Haraldsson |
| Rúnar Freyr Gíslason | Karl J. Guðmundsson | Árni Pétur Guðjónsson |
| Ólafur Darri Ólafsson | Herdís Þorvaldsdóttir | Ágústa Eva Erlendsdóttir |



**SAMSTILLTUR HÓPUR SEM VILDI GERA EITTHVAÐ NÝTT** Valdís Óskarsdóttir ásamt framleiðendunum Davíð Óskari Ólafssyni, Árna Filippussyni, Hreini Beck og Guðrúnu Eddu Þórhannesdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




**OSTWALD HELGASON** Hönnunartvíeykið sýndi skemmtilega hönnun þar sem skemmtilegar litasamsetningar, töffaraleg snið og indíánaleg mynstur voru í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**EYGLÓ** Sniðin minntu á sportfatnað en efnin voru hin fínustu og glæsilegustu.




**STARKILLER** Latex-buxur, glitrandi bolir og íburðarmiklir kokkteilkjólar. Allt svart, hvítt og silfrað.

# Alvöru tískusýning í Loftkastalanum

Loftkastalinn hefur sennilega sjaldan hýst jafn stóra tískusamkomu og fram fór þar á fimmtudaginn. Það voru Eskimo og Basecamp sem stóðu fyrir herlegheitunum sem kölluð voru Made in Iceland og verður sýningin árlegur viðburður. Engu var til sparað og má alveg segja að þarna hafi farið fram alvöru tískusýning sem hægt er að bera saman við það flottasta að utan. Sterk ljós lýstu upp tískupallinn þar sem glæsilegar nýuppgötvaðar fyrirsætur svifu um í hönnun frá ungum og upprennandi hönnuðum. Gestirnir fengu „goodie bag“ með vatnsflösku og krúttlegum litlum sýnishornum frá Blue Lagoon línunni og höfðu viðstaddir því yfir litlu að kvarta enda stórglæsileg sýning hér á ferð. Myndirnar tala sínu máli. - bg



**AFTUR** Hér mátti sjá hönnun úr hinum ýmsu efnum, þar á meðal gömlum regnhlífum og skyrtum. Töffaralegt og skemmtilegt.



**FORYNJA** Sara í Nakta apanum sýndi skrautlega og skemmtilega línu í anda neu rave.

## Á FREMSTU BEKKJUNUM

Tískuspekúlantar og íslensk „seleb“ sátu í fremstu röðum sýningarinnar og var orðið vel heitt á svæðinu. Fólk brá á það ráð að nota bæklinginn sem blævæng eins og sést á tískupöllunum í Mílanó og París. Meðal þeirra sem sátu á fremstu bekkjum Made in Iceland voru Daníel Ágúst Haraldsson og kona hans Gabríela Friðriksdóttir, Jón Sæmundur Auðarsson, Barði Jóhannsson, Biggi sem kenndur er við Maus, Ari Edwald forstjóri 365, Agnieszka Baranowska stílisti og Silja Magg, Hugrún og Magni í KronKron ásamt hönnuðinum Marjan Pejowski og blaðamenn frá tímaritinu Dazed and Confused. - amb



**BAKSVIÐS** Fyrirsætur farðaðar áður en þær stíga brokkandi á svið



**STJARNA Á FREMSTA BEKK** Biggi í Maus setur upp sólgleraugun til að fylgjast með gangi mála á tískupallinum.



**„GOODY-BAG“ STELPA** Goth-legt þjónustufólk gekk um með poka fyllta af snyrtivörum frá Bláa lóninu fyrir sýningargesti.




## 25% afsláttur af Pataks vörum




**1.125** kr/kg. áður 1.875 kr/kg.
Borgarnes lambaframpartssneiðar þurrkryddaðar




**298** kr/kg. áður 609 kr/kg.
Matfugl kjúklingaleggir




**675** kr/kg. áður 1.125 kr/kg.
Matfugl Sole Mio kjúklingalæri




**791** kr/kg. áður 1.181 kr/kg.
SS BBQ partýrif




**69** kr/stk.
Pepsi 2 ltr.




**99** kr/stk. áður 159 kr/stk.
Grand appelsínusafi 2 ltr.




**227** kr/pk. áður 311 kr/pk.
Gevalia kaffi 500 gr.




**59** kr/stk.
Náttúru jurtarjómi

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 31. maí til 3. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H.N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

# SUMAR



Vnr. 41616001
**Garðborð**
Átthyrnt borð, Iron Wood viður, 1770x30 mm.
**28.900 kr.**

Vnr. 41616019/24
**Snúningsdiskur**
Snúningsdiskur, Iron Wood viður, 600mm eða 760 mm.
Verð frá **4.990 kr.**

**7.990**

Vnr. 41616010
**Garðstóll**
Garðstóll með stillanlegu baki, Iron Wood viður.



**Með hverju setti af borði og fjórum stólum, með hallanlegu baki, fylgja fjórar sessur.**
Fylgir með kaupum á eftirtöldum vörum
vrn. 41616001 eða 41616003 og 4 stk af vnr. 41616010

Vnr. 41616003
**Garðborð 23.900 kr.**
Sexhyrnt borð, Iron Wood viður, 1500x30 mm.



**26" fjallahjól**

Vnr. 49620212
**Fjallahjól**
26" fjallahjól með tveimur dempurum, 21-gíra, Shimano gírabúnaðl, álfelgum, bretti og V-bremsum.

**16.900**
~~21.900~~

**Hjálmar fylgja öllum hjólum.**




# TAKTU ÞÁTT
**Í KOFA & KASSABÍLALEIK BYKO**
**nánar á www.byko.is**

**www.byko.is**
verslaðu á netinu



**199** kr./lm
~~371~~

Vnr. 0058325
**Fura**
Fura alhefluð, gagnvarin, 27x120 mm.

**Með hverjum 40 m² af pallaefni fylgir PINOTEX pallaolía.**
1 ltr. af Pinotex pallaolíu á hverja 10 m² af pallaefni.

**FRÁBÆRT VERÐ!**



RHÁTÍÐ

Í BYKO BREIDD



# 9.900

11.900

Vnr. 50630100

OUTBACK

**Gasgrill**

OUTBACK gasgrill OMEGA 200. Stærð: 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði,neistakveikjara og þrýstijafnara.

FRÁBÆRT VERÐ!



# 35.900

44.900

OUTBACK

Vnr. 50630104

**Gasgrill**

OUTBACK HUNTER PLUS gasgrill, 60x50 cm grillflötur, 3 brennarar, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni, emelerað stál og ál. Neistakveikjari, hitamælir, efri grind, þrýstijafnari og grillsteinar. Kemur samsett fyrir utan fætur og hliðarborð. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgja.

**YFIRBREIÐSLA**
**FYLGIR MEÐ ÖLLUM GRILLUM**
Yfirbreiðsla, 6x2 ltr. af Pepsi Max & Lay's snakkpoki
*Fylgir öllum gasgrillum sem kosta 19.900 kr. eða meira
Gildir í BYKO Breidd og Akureyri

DAGSKRÁIN Í DAG

# SUMAR HÁTÍÐ

BYKO BREIDD

**KYNNINGAR Í DAG:**

- Garðyrkjufræðingurinn Steinn Kárason leiðbeinir fólki með garðverkin, kl. 13-15
- Kynning á viðarvörn og grámahreinsi frá Málningu hf., kl.12-14
- Allt sem þú þarft að vita um sláttuvélar og sláttuorf, kl. 14-16
- Sérfræðingur frá Lagnadeild BYKO verður á staðnum allan daginn og kynnir heita potta, kl. 13-15
- Hjördís Jónsdóttir blómaskreytingafræðingur og stílisti, kl. 13-16

**UPPÁKOMUR Í DAG:**

- Grillveisla og gos í BYKO Breidd og Timbursölu Breidd, kl. 13-15
- Gyða Sól gefur nýja rauða Lurkinn frá Emmessís, kl. 15:15
- Hoppukastalar á svæðinu
- Kandífloss fyrir alla

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



**MIKLIR MÖGULEIKAR FRAM UNDAN** Auður Nanna Baldvinsdóttir, forstöðumaður markaðsmála Geysir Green Energy segir þekkingu Íslendinga geta nýst heiminum hvað orkumál varðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Orkunörd með ást á Nesjavöllum

Geysir Green Energy er nýtt íslenskt fjárfestingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í að fjármagna jarðvarmaverkefni víðs vegar um heiminn. **Auður Nanna Baldvinsdóttir** er forstöðumaður markaðsmála fyrirtækisins og segir hún að Íslendingar eigi mikla möguleika á að nýta áratuga þekkingu sína á heimsvísu. Auði Nönnu var skellt í þriðju gráðu yfirheyrslu.

**Hvað heldur fyrir þér vöku á nóttunni?** Það að ég þurfi að vakna snemma næsta dag.

**Hvaða orð eða frasa ofnotarðu?** Ég man hreinlega ekki eftir neinu.

**Hvað er skemmtilegast að gera í öllum heiminum?** Dansa.

**Nefndu þrjú áhugamál/tómstundagaman sem þú gætir hugsað þér að sinna í ellinni:** Ferðalög, læra frönsku almennilega, byrja að spila aftur á píanóið.

**Til hvaða staðar í heiminum langar þig mest af öllu til að ferðast?** Það breytist eftir skapi. Nýlega var ég næstum farin til Indlands og er þar af leiðandi heit fyrir því núna.

**Hvert er mesta orkuvandamál heimsins?** Það er tvískipt. Í fyrsta lagi hefur um þriðjungur heimsbúa ekki aðgang að rafmagni en það mun breytast í þá átt að fleiri og fleiri munu njóta rafmagns. Hitt er svo að brennsla jarðefnaeldsneytis til rafmagnsframleiðslu er ein helsta orsök loftslagsbreytinga. Því þarf að breyta orkunotkun heimsins á hraðan og markvissan hátt.

**Hvernig getur Ísland tekið þátt í lausninni?**

Við erum í kjöraðstæðum til að miðla þekkingu okkur til annarra landa, sérstaklega hvað jarðhitaþekkingu okkar varðar. Í dag er nýting á jarðvarmaafli heimsins aðeins örfáar prósentur og er það vegna skorts á þekkingu og fjármagni. Hér á Íslandi höfum við haft þekkingu í áratugi og nú nýlega fórum við að eignast einhverja aura líka og getum þar með tekið þátt í fjárfestingum og í þeim breytingum sem fram undan eru í heiminum.

**Býr Ísland yfir miklum jarðhita samanborið við önnur lönd?** Ísland er eitt af þeim 55 löndum sem eru á jarðhitasvæði og lukka okkar er sú að háhitasvæði eru víða á landinu. Hins vegar erum við lítið land, og stærri lönd, svo sem Indónesía og Bandaríkin, búa yfir margfalt meiri jarðhita en við. Bandaríkin framleiða mun meira rafmagn úr jarðvarma en við en Indónesíumenn eru að stíga fyrstu skref í að nýta sín svæði almennilega. Þó eru þeir nú þegar farnir að framleiða meira rafmagn úr jarðhita en Ísland. Enn sem fyrr er Ísland þó með allra þjóða hæst hlutfall endurnýjanlegrar orku.

**ÞRIÐJA GRÁÐAN**

**NAFN:** Auður Nanna Baldvinsdóttir

**FÆÐINGARÁR, OG VEISTU UM EITTHVAÐ MERKILEGT SEM GERÐIST SAMA ÁR:** 1978, en pabba finnst það vera merkilegasti atburður ársins.

**Á HUNDAVAÐI:** Fyrirliði klappstýranna í 6. bekk í Webster Elementary. Fyrrum ballerína, píanisti og söngkona. Hef þýtt mynd og þulið inn á. BS í stærðfræði og hagfræði frá State University of New York, USA. MSc í orkustefnumótun frá Imperial College, London.

**Hver er mesta hetja mannkynssögunnar að þínu mati?** Gandhi.

**Eftirlætisskyndibitinn þinn:** Stór Sicilian-sneið frá Sal's Pizza á Manhattan.

**Hvað gerir þú til að slappa af?** Syndi nokkrar ferðir og fer í heita pottinn.

**Hver er ofmetnasta bíómynd sem þú hefur séð?**

Ætlaði að vera voða menningarleg og horfa á Easy Rider um daginn. Ég neyddist til að slökkva á henni, hún var algjör brandari.

**Hver er þín mesta nautn?** Get ekki valið milli matar og tónlistar.

**Tekurðu þátt í getraunum eða happadrætti?** Alls ekki.

**Eftirlætismálsháttur:** Meira vinnur vit en strit.

**Á hvaða tímabili í lífinu varstu hallærislegust?** Þegar mamma var hætt að klæða mig en sjálf var ég ekki komin með vit á samsetningu fata eða klæðaburði. Man til dæmis alveg eftir því að hafa verið í kuldaskóm og stuttbuxum svona 12 ára og fundist það vera bara allt í lagi. Kannski er það ágætt að hafa verið upptekin af öðru á þessum tíma.

**Hver er skemmtilegasti bíltúr sem þú hefur farið í?** Ég er svo mikið orkunörd að ég fer alltaf með erlenda gesti á Nesjavelli. Mér finnst leiðin sem liggur sunnan við Úlfarsfell meðfram Hafravatni alveg svakalega skemmtileg keyrsla. Og svo endar maður á þessum yndislega útsýnisstað þar sem sést yfir virkjunina.

**Hefurðu lamið einhvern?** Mig hefur oft langað til þess en aldrei gert það. Ja, fyrir utan eldri bróður minn sem átti það sennilega skilið.

**Nefndu þrjár frægar persónur sem þú myndir fá til að skipuleggja brúðkaupið þitt:** Ólaf Elíasson, Donatellu Versace og mömmu (ekki fræg).

**Nefndu þrjú orð úr mesta leyndarmáli þínu.** Og, en og þá.

**Hvaða draum dreymir þig aftur og aftur?** Mig hefur oft dreymt að ég sé að missa ungbarn úr fanginu sem er ýmist frænka eða barn vinkonu eða það ungbarn sem er mest náið mér á þeim tíma. Sama hvernig ég held á barninu, það nær alltaf að renna úr greipum mér. Svo dettur það á gólfið og ég tek það upp og reyni að breyta gripinu en það dettur aftur. Hræðilegur draumur sem mig hefur sem betur fer ekki dreymt lengi.

**Hvers konar myndlist höfðar til þín?** Ég hef ávallt haft frekar sterkar skoðanir á myndlist, en hef einhvern veginn ekki orðaforðann til að útskýra þær kenndir.

julia@frettabladid.is




na na thai
Thai Restaurant & Store
Matseðill á www.thaimatur.com
Tælenskur matur
Frí heimsending
í póstnr. 103 104 105 108
Ef að pantað er fyrir meira en 3000 kr.
Önnur svæði, 700 kr. heimsending
Skeifan 4
Sími: 588 1818 • 896 3536




## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Ferðalög þangað sem enginn er töff** Chicago er til dæmis góður áfangastaður þar sem konur spranga um í stórrósóttum drögtum með yfirvaraskegg. Það verða allir töff á svona stað.



**Gömlu barnabækurnar** Rifjum upp gömul kynni og drögum fram Ævintýraeyjuna og Fimm-bækur Enid Blyton. Ef það er eitthvað sem dustar síðasta rykið af skammdegisþunglyndinu er það að ganga í barndóm og lesa um ævintýri með endalausum nestistímum.

**Lautarferðir** Nú er loksins að hlýna í veðri og tilvalið að skreppa með fjölskylduna út í guðsgræna náttúruna ásamt fallegum dúk og körfu fyllta af gómsætum mat og drykk.

**Gestir sem gista** Varstu nokkuð búinn að gleyma hverju þú lofaðir frændfólkinu frá Stöðvarfirði á fimmta jólaglöggsglasi í vetur? Jú, að þau mættu gista hjá ÞÉR í gjugg í borg ferðinni í sumar. Það styttist í þau sem og tengdafjölskylduna frá Færeyjum sem kemur svo í ágúst.



### Á niðurleið

**Uppskriftir** Hver nennir að vera með desilítramálið á lofti og rýna í leiðarvísa þegar sumarið er fram undan. Kominn tími til að slumpa!



**Tal um sumarfrí** Jú, jú, sumarfríið er svo sem á næsta leiti. En þarf að ræða fyrirhuguðu ferðina til Tenerife í ágúst, núna í maí? Og halda öllum fjölskylduboðum í gíslingu næstu þrjá mánuðina? Það er öllum sama.

**Pastellitir** Ekki draga fram daufbleiku skyrtuna og beibíbláa bolinn enn eina ferðina þó sumarið sé komið. Það er ekkert lögmál sem segir að þær flíkur eigi tilverurétt þótt sól hækki á lofti.



**Sjónvarp** Þú ætlar þó ekki að hanga inni yfir lélegum bíómyndum og endursýndum sjónvarpsþáttum þegar loksins er hægt að dvelja útivið. Skamm, skamm.

# Kíktu í kjötborðið

## glæsilegt úrval af fersku kjöti



TILBOÐ
2.398 kr/kg
Verð áður 3.143,-

Ungnauta
**ribbeye**

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt



TILBOÐ
1.988 kr/kg
Verð áður 2.392,-

Ferskar
**svínalundir**

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt



*Landsins mesta vöruúrvalið!*



TILBOÐ
2.998 kr/kg
Verð áður 3.445,-

Rifsberjalegið
**lambafille**

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt



Kryddlegnar
**framhryggsn.**

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt



Grillpinnar
**naut eða lamb**

Kjöt & fisktorgið
Alltaf ferskt

Gildir til 3. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Hafís

Hafís var fyrir Hornströndum. Víkurnar vestan Horns hálffylltust af íshroða, sem var á sífelldu reki, en varð aldrei að samfrosinni, landfastri hellu. Hrannir lágu þó á fjörum, svo að um tíma tók fyrir beit, og jakar stóðu margir á grunni skammt frá landi.

Eins og ævinlega, þegar þessi gestur var í heimsókn, dró úr mætti haföldunnar.

Brim svaraði ekki sem áður á margra mannhæða klakastáli, sem gnæfði yfir fjöru og átti í þrotlausu stríði við hafrótið. Það hljóðnaði yfir ströndinni, þar sem bæirnir stóðu á fremsta sjávarbakka, hálfsokknir í fönn.

*Þórleifur Bjarnason: Hjá afa og ömmu (1960)*

### Búið að vera – kemur til með að vera

Undarleg er sú nýlega málvenja, ef venju skyldi kalla, að forðast þátíð og framtíð og tönnlast sífellt á þessu: Þetta er búið að vera erfitt, þetta kemur til með að vera erfitt. Mér finnst það klúðurslegt og heldur ófagurt. Varla heyrist lengur hefur verið, mun verða. Látum það vera. Til er miklu einfaldara og beinna orðfæri í nútíð um liðinn og óorðinn atburð: þetta **var** erfitt, þetta **verður** erfitt.

### Félagi

Orðið félag merkir „reglubundinn hópur, félagsskapur; sameiginleg eign eða eignaraðild“. Þetta er fornt orð og merkir upphaflega „samlag fjármuna“. Oft er sagt frá því í Íslendingasögum er menn fóru utan, að þeir hafi lagt fé saman, myndað félag, og af því er svo dregið orðið **félagi** „lagsmaður, samherji“. Í erlendum málum liggur önnur hugsun að baki. Þar er félagi **companion**, dregið af lat. **com** (með) og **panis** (brauð). Þar eru félagar þeir sem deila með sér brauði, neyta matar saman.

### Sigur

Ég fylgist ekki vel með íþróttafréttum, en ýmsum þykir málfar þeirra ekki beinlínis til fyrirmyndar. Stundum er talað um að **sigra keppnina** í stað þess að sigra í keppninni, rétt eins og keppt sé við keppnina. Menn sigra auðvitað keppinauta sína í keppni. Og nýlega var sagt frá því að sá mikli kappi Tiger Woods hefði **innbyrt** sigur í golfmóti, og hljómar dálítið einkennilega í mínum eyrum. Að innbyrða er að draga um borð í bát, en einnig að neyta matar eða drykkjar. Að draga sigur í bát eða kyngja honum finnst mér satt best að segja heldur óviðkunnanlegt.

### Taka af skarið

„Vinstri grænir taka af skarið,“ sagði þulur Sjónvarpsins um kynningu stjórnmálaflokka, og átti við að þeir byrjuðu. En að taka af skarið merkir allt annað: að segja eitthvað ótvírætt, eyða vafa, útkljá eitthvað.

### Braghenda

Jóhannes Harry Einarsson rifjar upp þessa braghendu eftir Sigurð Breiðfjörð, og telur hann leika allvel á hljóðfæri hugans – og er auðvelt að taka undir það:

*Þegar ég tók í hrundarhönd*
*með hægu glingri,*
*fannst mér þegar eg var yngri*
*eldur loga á hverjum fingri.*

**Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is**



EDINBORG Í BYGGINGU 1907

# Edinborg afhent á morgun

Á morgun verður Edinborgarhúsið á Ísafirði afhent við verklok á hinni umfangsmiklu endurbyggingu á þessu sögufræga húsi sem nú hefur staðið í tvö ár. Húsið var reist 1907 eftir teikningum Rögnvalds Ólafssonar sem kallaður hefur verið fyrsti íslenski arkitektinn. Það var hluti af umfangsmiklu veldi Ásgeirsverslunar og hýsti í fyrstu verslun þess fyrirtækis. Á fyrsta áratug síðustu aldar var starfsemi þeirra að færast víðar um landið og svo fór að fjölskyldan reisti annað Edinborgarhús í Reykjavík sem enn stendur við Austurstræti.

Verslunarumsvif Ásgeirs Sigurðssonar urðu ekki eins mikil hlutfallslega í Reykjavík og þau voru á Ísafirði í tíð Ásgeirsverslunar en karlleggur þessara athafnamanna var í hópi umsvifamikilla athafnamanna á síðari hluta 19. aldar og fyrra helmingi þeirra 20.

Ísfirðingar afréðu að endurbyggja húsið og fengu til þess opinberan styrk. Var húsið hugsað sem hluti af menningarhúsaáætlun sem Björn Bjarnason hrinti í framkvæmd í tíð sinni sem menntamálaráðherra sem líta verður á sem fjórðu kynslóð félagsheimila í landinu.

Edinborgarhúsið hafði nýst til margskonar starfsemi eftir að verslun var þar hætt: nú er þar aðsetur fyrir upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn, aðsetur Vesturferða og þar er listaskóli kenndur við Rögnvald Ólafsson þar sem fagrar listir eru kenndar.

Afhendingu hússins ber upp á sjómannadaginn og verður margt um dýrðir: myndlistarsýning, dansatriði, tónlist og leikatriði úr Skugga Sveini auk ræðuhalda. Í vikunni verða svo danssýning og tónleikar í Edinborg. Hefst hátíðadagskrá kl. 14. Í stíl hússins verður boðið upp á kaffi og súkkulaði. Það eru Vestfirskir verktakar sem hafa byggt húsið upp og afhenda það til heilladrýgra nota fyrir menningarlíf á Vestfjörðum.

Eins og önnur nútímafyrirbæri hefur menningarhúsið nýja komið sér upp vef: www.edinborg.is



UNGIR DANSARAR TAKA SPOR Í SÖLUM EDINBORGARHÚSSINS

pbb@frettabladid.is

## HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net



BT
PANASONIC PAKKINN!
42"
VGA tengi
Notaðu sjónvarpið sem 42" tölvuskjá eða sem hluta af mediacenter.
HDMI tengi
Tækið er búið stafrænu hljóð & mynd tengi fyrir háskerpumynd og næstu kynslóð dvd spilara.
Skerpa 1:10.000
Meiri skerpa en í LCD. Dýpri litir og fallegri mynd.
HD ready
Panasonic
Panasonic
TH42PV60E
Týpa: TH42PV60 Plasma veggsjónvarp
Skjástærð: 42 tommur
Upplausn: 1024x768 HD ready
Textavarp við mynd
3D Comb Filter
Contrast: 1:10.000
Birta cd/m2: 550
Textavarpsminni: 2000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 2
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 3
A/V tengi: 1
Hátalarar: 2x10W
(B x H x D) 102 x 70,5 x 9,5 cm
30 kg
249.999
BT LÁN™
24.742* 12 mánaða
13.528** 24 mánaða
9.790*** 36 mánaða
250GB harður diskur
55 tíma upptaka í XP mode, 443 tíma upptaka í EP mode
TimeSlip
Taktu upp á meðan þú spilar, eða pásaðu þáttinn
MP3 og JPEG afspilun
Spilar tónlist og sýnir ljósmyndir
SD Kortalesari
SD kortalesari fyrir video og ljósmyndir
DVD upptökutæki og spilari
Vandaður spilari og multiformat upptökutæki
WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★
DMREH65
PANASONIC HDD 250GB
FYLGIR
49.999
ÞARFT ALDREI AÐ LEITA AÐ SPÓLU!
BT LÁN KYNNIR KORTALAUS LÁN
Það hefur aldrei verið auðveldara að næla sér í lán fyrir tölvunni, heimabíóinu, Playstation 3, veggsjónvarpinu eða bara hverju sem er í BT! Þú þarft ekki að eiga kreditkort til að fá greiðslum dreift niður í þægilega mánaðargreiðslu. Við lánum þér í allt að 48 mánuði.
Þetta er jafn auðvelt og að telja uppí 3!
Þarft ekki kreditkort!
1. Þú kemur í BT og segir okkur hvað þig langar í.
Fáðu lánið á 60 sek!
2. Við sækjum um lánið fyrir þig og það tekur aðeins 60 sekúndur að fá það samþykkt.
EKKERT ÚT og lítið á mánuði
3. Þú ferð út með bros a vör.
Hámarksupphæð á hvert lán er 300.000 krónur.
BRAVIA
BT KASKÓ™
Ertu að hugsa um að kaupa þér sjónvarp eða tölvu. Þá mælum við með BT Kaskó sem er ítarleg vöruvernd sem tryggir þig fyrir hinum ýmsu óhöppum. Þú tryggir ekki eftir á!















## STUÐ MILLI STRÍÐA Gleðilegt sumar

**TRYGGVI GUNNARSSON** ER KOMINN Í SÓLSKINSSKAP



Það er komið sumar! Sólin hefur ákveðið að nú nenni hún ekki að setjast lengur og ætlar að hringsóla það sem eftir er sumarsins í eilífu algleymi og alsælu. Tunglið er tregt að sleppa takinu og sést öðru hvoru stíga dansinn feimið. Það hverfur þó smám saman og tekur sér kærkomna hvíld frá endalausum eltingaleik dags og nætur.

Morknaðir og myglaðir torfkofaafkomendur skríða fölir úr fylgsnum sínum og píra augun í átt að sólinni. Þeir hafa ekki séð svo bjart ljós svo mánuðum skiptir og eins og fyrir töfra er þunglyndishulu skammdegisins svipt af þeim og gleðilegur geðveikisglampi myndast í augum þeirra.

Þar sem sólin sest aldrei hættir tíminn að vera til. Íbúar sólbakaðs skers í norðurhöfum hætta því að sofa. Þeir hittast á kaffihúsum við hvert tækifæri á hvaða tíma sólarhringsins sem er og sötra mjöð sem mest þeir mega. Um leið og helgin kemur hlaupa þeir út í sveit eins og beljur að vori án þess að hafa til þess nokkra ástæðu.

Þeir draga heilu húsin á eftir sér, henda gerviflugum í vatn og hanga á bakkanum allan daginn á meðan börnin leika tröll og álfa í kjarri og hrauni. Þeir bjástra við að fella tré, saga þau niður og flytja heim í garðinn bara til að raða þeim saman í flatt plan þar sem þeir standa berfættir og grilla.

Svo er engu líkara en norðlægu sóldýrkendurnir vilji komast sem næst sólinni. Þeir klifra alla tinda og fara upp á allar heiðar og hóla annað hvort á tveimur jafnfljótum eða fjórum hjólum jafnfljótum. Á toppnum doka þeir við í örskotsstund og flýta sér beint aftur niður.

Af hverju gerum við þetta? Af hverju grillum við, göngum og keyrum á fjöll, byggjum sólpalla og sötrum þar bjór?

Svarið er einfalt: Af því það er íslenskt, stutt, vel þegið, oftast svalt, alltaf yndislegt, stundum svikult, yfirleitt ævintýri, og alltaf, alltaf nákvæmlega það sem við þurfum á að halda, það er sumar...

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott






# Við vígjum Orkustöðina með hátíðlegum Blæ

## í dag kl. 13-15

Í tilfefni opnunar nýju stöðvarinnar í Neskaupsstað blæs Orkan í hátíðarlúðra með öllu tilheyrandi.
Hátíðin hefst með því að félagar í Hestamannafélaginu Blæ koma ríðandi frá félagssvæði sínu inní bæinn.
Þar sem hestamenn eru nú að safna fyrir reiðhöll hefur Orkan ákveðið að taka þátt í þeirri söfnun.

### 3.500 kr. fyrir hestaflið

Orkan greiðir 3.500 kr. fyrir hvern hest sem tekur þátt í reiðinni. Auk þess verða greiddar 1.000 kr. fyrir fótgönguliða, en tvífætlingum nægir að slást í hópinn til móts við gamla frystihúsið.




### Grillpylsur, trúbadorar, harmonikka, og hestblak

Við Orkustöðina verða svo grillaðar pylsur í boði Orkunnar við undirleik góðborgarans Karls Hjelm, sem þenur nikkuna. Í kjölfarið koma svo trúbadorarnir Misskildir og kveikja í mannskapnum með ljúfum lögum. Þar sem blak er vinsælt á Norðfirði, var upplagt að setja inn prentvillu til að ná athyglinni. Hestblak hefur ekki enn verið fundið upp en krakkarnir komast hins vegar á hestbak í tilbúnu gerði á Orkustöðinni




### 5. flokkur kvenna og bleiki bíllinn

Stelpurnar í 5. flokki koma svo til móts við hestamenn með bleikan bíl í fararbroddi. Þar sem bíllinn er bensínlaus þurfa þær að ýta honum inná Orkustöð. Þar verður hann að sjálfsögðu fylltur í boði Orkunnar auk þess sem fyrirtækið lætur sitt ekki eftir liggja varðandi að heita á stúlkurnar í þessari fjáröflun.

Við minnum á dagskrá Sjómannadagsins en þennan morgun er dorgveiðikeppni fyrir krakka ásamt grillveislu og síðar um daginn verður m.a. björgunaræfing og kappróður.

Haukur og Ingvar Víkings

ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

! **Kl. 17.00**

*Myndlistarmaðurinn Vytautas Narbutas opnar sýningu á Næsta bar, Ingólfstræti 1a. Þar sýnir hann teikningar, grafíkverk og málverk, þar á meðal gríðarstórt málverk sem byrjaði sem auður strigi á sýningu á Næsta bar fyrir tveimur árum. Vytautas vann málverkið á meðan á sýningunni stóð, en verkinu var ekki lokið þegar sýningunni lauk. Nú gefst listunnendum því loksins tækifæri til að sjá lokaafurðina. Sýningin er opin alla daga vikunnar frá kl 17.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Hugfanginn af heimi myndlistar

Listasafn Reykjavíkur gengst fyrir sýningu á heimildarmynd um danska málarann Carl-Henning Pedersen í tengslum við sýninguna Cobra Reykjavík sem nú stendur yfir. Myndin verður sýnd kl. 14 á morgun.

Myndin er frá 1998 í leikstjórn Jacobs Jørgensen en í henni sést hvar listamaðurinn lítur yfir farinn veg, afrakstur langrar starfsævi sem myndlistarmanns.

Frá sveitasetri sínu í Molesmes í Bourgogne lýsir hann hvernig róttækar skoðanir, tónlistaráhugi og ástin gera hann hugfanginn af heimi myndlistarinnar. Hann var einn af stofnmeðlimum Cobra-hreyfingarinnar sem varð til 1948 og átti þátt í því að skapa nýja sýn á listina. Við fylgjumst með vinnu hans á vinnustofunni og skoðum nánar nokkrar hinna stóru veggskreytinga hans úr mósaiki og keramiki auk mynda á söfnum og túlkanir hans á sögum biblíunnar í Ribe dómkirkju. Hér gefur hann sjálfur nokkra hugmynd um hvers vegna hann öðlaðist alþjóðlega viðurkenningu sem myndlistarmaður.

Myndin er með dönsku tali og sýningartími myndarinnar er rúmar fimmtíu mínútur.

Aðgangur að Listasafni Íslands er ókeypis.



**DANSKI MÁLARINN CARL-HENNING PEDERSEN** Heimildamynd um einn stofnfélaga Cobra-hreyfingarinnar verður sýnd á morgun.

### > Ekki missa af…

sýningu **Hörpu Arnardóttur** í **Anima** gallerí í Ingólfsstræti.

stofutónleikum á **Gljúfrasteini** á morgun en þar leikur **Latínsveit Tómasar R. Einarssonar** kl. 16.

fjölbreyttri dagskrá á **Björtum dögum** í Hafnarfirði. Þar ættu allir að fá eitthvað fyrir sinn snúð.



# Draumkenndar myndir

Tvöföld sýningaropnun verður í Listasafni ASÍ í dag. Katrín Elvarsdóttir sýnir ljósmyndir í Ásmundarsal og Hye Joung sýnir innsetningu í Gryfju. Í Arinstofu stendur auk þess yfir sýning á verkum Guðrúnar Gunnarsdóttur.

Sýning Katrínar ber yfirskriftina „Af þessum heimi“ og eru nýjar ljósmyndir. Katrín útskrifaðist frá Art Institute of Boston árið 1993 og hefur tekið þátt í fjölda einka- og samsýninga á Íslandi, Bandaríkjunum og Evrópu, en hún býr og starfar í Reykjavík. Ljósmyndabók hennar Mórar-nærvídd, sem hún vann með tónlistarmanninum Matthíasi Hemstock, kom út 2005.

Í verkinu sameinast draumkenndar ljósmyndir Katrínar af íslensku umhverfi og draugalegar hljóðmyndir Matthíasar. Nýlega lauk sýningu hennar Sporlaust á Veggnum í Þjóðminjasafni Íslands.

Hye Joung frá Suður-Kóreu lauk námi frá Listaháskóla Íslands árið 2005 og hefur starfað við myndlist síðan. Þetta er önnur einkasýning hennar á Íslandi en undirbúningur hennar hefur staðið yfir síðan snemma á árinu 2006.

Í innsetningunni „Stungur“ eru ummerki um gjörning sem hefur átt sér stað yfir langan tíma. Það má því segja að þessi sýningin sé framhald af síðustu tveimur sýningum hennar þar sem hún hefur fengist við skynjun á tíma, rými og upplifun einstaklingsins á hlutskipti sínu.

Sýningarnar standa til 24. júní en Listasafn ASÍ er opið frá kl. 13 til 17 alla daga nema mánudaga. Aðgangur er ókeypis.



**MYNDLIST KATRÍNAR ELVARSDÓTTUR** Frásögn byggð á raunverulegum augnablikum.



**EFNILEGIR UNGSÖNGVARAR OG REYNSLUBOLTAR Í BLAND** Sumaróperan hrærir í barokkkokkteil í Hafnarborg.

# Nýjar raddir hljóma

Sumaróperan flytur tónleikadagskrá unna upp úr fimm barokkóperum, eftir Händel, Purcell og Monteverdi, í Hafnarborg á morgun.

Þar koma fram nokkrir af efnilegustu ungsöngvurum landsins, sem valdir voru úr prufum sem haldnar voru fyrr í vor. Þá koma einnig fram Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Hrólfur Sæmundsson barítónsöngvari, sem bæði hafa lagt mikla áherslu á endurreisnar- og barokktónlist við mjög góðan orðstír. Meðleikarar á tónleikunum verða Agniezka Panasiuk á píanó og sembal og Sigurgeir Agnarsson á selló. Óperurnar sem flutt verður úr eru Giulio Cesare in Egitto, Rinaldo og Acis and Galatea eftir Georg Friedrich Händel, L´Incoronatione di Poppea eftir Claudio Monteverdi og The Fairy Queen eftir Henry Purcell.

Dagskráin er afrakstur námskeiðs sem var haldið fyrir efnilegustu ungsöngvara landsins, en á námskeiðinu lærðu söngvararnir túlkun barokktónlistar og tókust á við krefjandi hlutverk undir leiðsögn þeirra Hrólfs, Hallveigar og Steingríms Þórhallssonar, en þau skipa forntónlistarhópinn Rinascente.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.


# Borgarholtsskóli

**Innritun nemenda úr grunnskóla á haustönn 2007 stendur yfir og lýkur 11. júní**

**Í boði eru eftirtaldar námsbrautir:**

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut

**Listnám:**
Margmiðlunarhönnun grafísk áhersla
Margmiðlunarhönnun fjölmiðlatækni

**Iðnnám**
Grunndeild bíliðna
Fyrrihlutanám í málmiðnum

**Annað starfsnám:**
Félagsliðabraut
Verslunarbraut

**Almenn námsbraut** er einnig í boði fyrir þá nemendur sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir.

**Við aðstoðum nemendur og forráðamenn við rafræna innritun vikuna 4.-8 . júní kl. 11-16.**

**Opið hús verður í skólanum 11. júní kl. 11-18 þar sem kynnt er það nám sem er í boði.**

**Nánari upplýsingar um einstakar námsbrautir eru á heimasíðu.**
*Borgarholtsskóli, v/Mosaveg, 112 Reykjavík. Sími 535 1700. Bréfasími 535 170.*

*Sjá nánar á heimasíðu: www.bhs.is*




## NÝJAR BÆKUR

Nú er komin út hjá JPV útgáfu spennusagan **Fimmti riddarinn** eftir James Patterson, vinsælasta spennusagnahöfund heims. Íslendingar þekkja vel bækur hans en áður hafa komið út hjá JPV eftir hann Fyrstur til að deyja, Annað tækifæri, Þriðja gráða, Fjórði júlí og Hveitibrauðsdagar. Magnea J. Matthíasdóttir þýddi. Lindsay Boxer yfirlögregluþjónn er á gangi í verslunarmiðstöð með Yuki Castellano, nýjasta meðlimi Kvennamorðklúbbsins, og móður hennar Keiko þegar Keiko hnígur allt í einu til jarðar. Hún er keyrð í skyndi á Borgarspítala San Francisco þar sem hún jafnar sig. Nokkrum dögum síðar er hringt af spítalanum og tilkynnt að Keiko hafi dáið úr hjartaáfalli vegna rangrar lyfjagjafar. Og þetta gerist of oft á Borgarspítalanum; þegar sjúklingarnir virðast vera að ná heilsu hrakar þeim skyndilega á dularfullan hátt. Eru þessi atvik tengd eða tilviljunum háð? Lindsay og Yuki reyna að komast til botns í málinu sem fyrr en varir er orðið að æsispennandi og stórhættulegum eltingaleik við kaldrifjaðan raðmorðingja, eltingaleik sem leiðir þær að stjórnendum og starfsmönnum spítalans sem eru ekki allir þar sem þeir eru séðir.



JPV útgáfa hefur sent frá sér bókina **Ljóðhús – þættir um skáldskap Sigfúsar Daðasonar** eftir Þorstein Þorsteinsson en árið 2008 eru áttatíu ár liðin frá fæðingu Sigfúsar, eins merkasta ljóðskálds Íslendinga á seinni hluta tuttugustu aldar. Í bókinni fjallar Þorsteinn um skáldferil Sigfúsar allan og ljóðabækur hans sex að tölu, skýrir og túlkar einstök ljóð og ljóðaflokka og gerir grein fyrir þróun skáldsins og helstu eigindum verka hans. Ljóðin eru skoðuð í samhengi við sögu evrópskrar ljóðlistar á síðustu hálfri annarri öld og einnig í ljósi samtímaatburða og reynsluheims skáldsins, en Sigfús veitti eigin lífi inn í skáldskap sinn meira en löngum var talið. Í Ljóðhúsum er dregin upp fyllri mynd af skáldskap Sigfúsar Daðasonar en áður hefur gefist kostur á. Óhætt er að segja að bókin varpi á margan hátt nýju ljósi á skáldið og hlut þess í þeim breytingum sem urðu í ljóðagerð á Íslandi um og eftir miðja tuttugustu öld. Þorsteinn Þorsteinsson las tungumál og bókmenntir við háskóla í Englandi, Frakklandi og Þýskalandi. Hann hefur starfað við kennslu og bókaútgáfu, og fengist við þýðingar á leikritum og ljóðum. Á undanförnum árum hefur hann einkum unnið að rannsóknum á skáldskap Sigfúsar Daðasonar.






**16.990** (áður 19.990)

**ROLLERBLADE CROSSFIRE TFS PRO**

Mjög vandaðir línuskautar á herra. Vandaður álstóll, 82 mm dekk, mikil mýkt og vandaða legur. Litur: Blár/silfur. Stærðir: 41-46

**16.990** (áður 19.990)

**ROLLERBLADE ACTIVE TFS PRO**

Mjög vandaðir línuskautar á dömur. Vandaður álstóll, 82 mm dekk, mikil mýkt og vandaða legur. Litur: Hvítir. Stærðir: 37-42

# INTERSPORT

**INTERSPORT HÚSGAGNAHÖLL SÍMI 585 7220** Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18 **INTERSPORT SMÁRALIND SÍMI 585 7240** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18



ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070



ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON
höf. og leikari Benedikt Erlingsson
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20

MÝRAMAÐURINN
höf. og leikari Gísli Einarsson
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS



KRINGLU KRÁIN
Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum








„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Í kvöld kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS. Sun 3/6 kl. 20 UPPS.
Mán 4/6 kl. 20 UPPS. Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS. Fös 22/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Sun 3/6 kl. 20 UPPS. Fim 7/6 kl. 20 UPPS.
Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

BELGÍSKA KONGÓ
Mið 6/6 kl. 20 UPPS.
Sun 10/6 kl. 20 UPPS.
Mið 13/6 kl. 20 AUKAS.
Fim 14/6 kl. 20 UPPS.
Aðeins þessar sýningar

DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

LÍK Í ÓSKILUM
Þri 5/6 kl. 20 FORS.
Fim 7/6 kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Kassinn Lindargötu 7 kl. 20:00
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Sun. 3/6 uppselt. Síðasta sýning í vor!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!

Kúlan, Lindargötu 7
LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6 örfá sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar!

Þjóðleikhúskjallarinn
ARIAL GIRLS - finnskur sönghópur
Lau. 2/6 kl. 20.00. Aðgangur ókeypis meðan húsrúm leyfir.

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!

Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is




GUJA DÖGG HAUKSDÓTTIR ARKÍTEKT

## Laugar lands

Í tengslum við yfirstandandi sýningu Roni Horn – MY OZ í Listasafni Reykjavíkur – mun Guja Dögg, arkitekt og deildarstjóri byggingarlistardeildar safnsins, halda fyrirlestur um manngerðar laugar í íslensku landslagi á morgun kl. 13 í Hafnarhúsinu.

Listamaðurinn Roni Horn hefur um langa hríð haft sérstakan augastað á vatni í ýmsum myndum bæði innanlands sem utan og verið heilluð af náttúru Íslands eins og víða má greina á sýningunni. Upplifun Roni Horn er afar persónuleg og snertir áleitna þætti um skynjun, manngert umhverfi, byggingarlist og náttúru. Með sýn Roni Horn að leiðarljósi leitast Guja Dögg við að fjalla um íslenskar laugar og samhengi þeirra við stórbrotið landslag út frá tengslum manns og náttúru eða byggingarlistar og við stað.

# Óvissuferð til framtíðar

**Sitt sýnist hverjum um friðun gamalla húsa og verndun götumynda þeirra í miðbæ Reykjavíkur. Torfusamtökin vilja með óvissugöngu sinni í dag vekja athygli bæði á skipulagsslysum og farsælli húsavernd.**



**HÚSAVERND** Hvort viltu? Mynd sem Torfusamtökin dreifa sýnir tvo ólíka heima - nýjar blokkir við Lindargötu og einlyft hús frá liðinni öld.

Gengið verður um pósthverfið 101 í Reykjavík, Kvosina og holtin beggja megin undir leiðsögn þeirra Péturs Ármannssonar og Snorra Freys Hilmarssonar. Nokkurra húsa verður vitjað sem finna má á nýútkomnum gátlista samtakanna 101 í hættu. Hann prýða myndir af 101 húsi í elsta borgarhluta Reykjavíkur sem eru í útrýmingarhættu. Í göngunni verða skoðuð „farsæl dæmi um húsvernd í bland við gömul, ný og yfirvofandi skipulagsslys“ eins og segir í fréttatilkynningu samtakanna. Safnast verður saman á Vitatorgi (framan við Bjarnarborg á horni Vitastígs og Hverfisgötu) kl. 14.00.

Göngunni lýkur á tónlistardagskrá, Skjaldbreið til heiðurs, við Kirkjustræti 8a, kl. 15.30. Hótel Skjaldbreið sem geymir einn elsta tónleikasal landsins er eitt þeirra fjölmörgu sögufrægu húsa í 101 sem eru í hættu. Þar koma fram tónlistarmenn. Allir velunnarar gamla bæjarins eru hvattir til að mæta.

### Hús í hættu

Samtökin hafa á undanförnum misserum vaknað úr dvala en þau áttu mestan heiður af því á sínum tíma að húsavernd var hafin til vegs og virðingar: í framhaldi þess voru sett lög um húsavernd, fjölda húsa bjargað frá eyðileggingu, settir voru á stofn sjóðir til að styrkja endurbyggingu eldri húsa og hefur grettistaki verið lyft í þeim efnum. En samtökin eru staðföst í þeirri skoðun að betur má ef duga skal. Þau benda á að á undanförnum árum hafa risið í lágreistri byggð ný hús sem gjarnan þrengja sér að ystu lóðamörkum og skaga bæði upp og út í byggðarsamfellu sem hefur þróast alla síðustu öld. Þessi nýju hús stinga í stúf – bókstaflega, standa upp úr og út úr. Samtökin benda á að í samþykktum er gert ráð fyrir að 101 hús falli af þeim 650 sem enn standa í borginni frá því fyrir 1918.

### Nýr miðbær í gamla bænum

Bruninn á horni Austurstrætis og Lækjargötu hefur ýtt nokkuð við Reykvíkingum. Stórfelld breyting á ásjónu borgarinnar frá Hafnarstræti og út í sjó mun gerbreyta borgarsvipnum og borgarbrag. Nýju hverfin við Sæbraut og á Slippsvæðinu munu enn auka á breytt yfirbragð borgarinnar: Þórður Magnússon formaður Torfusamtakanna er í senn bjartsýnn og svartsýnn: „Við viljum vekja athygli á skorti á heildarsýn, skorti á framtíðarplani og líka að gera það sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir fleiri mistök: Skuggahverfið er mistök sem ekki verða tekin til baka.“ Hann er gagnrýninn á framgöngu borgaryfirvalda: „Það er verið að skipuleggja Slippsvæðið sem er afskaplega líkt Skugganum. Það er verið að kynna deiliskipulagið fyrir það svæði. Við höfum alltaf látið heyra í okkur þar þegar við höfum fengið tækifæri til þess en maður hefur samt heilmiklar áhyggjur – það hljómar ekkert mjög sterkt þegar menn vara við því að byggja sjö hæða hús. Menn spyrja á móti hvað sé að sjö hæða húsum.“ Reykjavíkurborg hefur nýlega sett af stað starfshóp til að skoða umhverfisáhrif af hárisa byggingum, bæði skuggavarp og vindsækni sem getur, ef ef svo stendur á áttum, valdið miklum vindsveipum í næsta nágrenni, vilja sumir meina.

### Víglínur dregnar

Þórður segir Torfusamtökin draga línu sína við Snorrabraut: „Við höfum ekki getað kynnt okkur allt til hlýtar sem er í gangi. Við erum til dæmis ekki sátt við allt sem er að gerast í Sigtúni,“ segir hann. „Gamli Austurbærinn er annað áhyggjuefni. Deiliskipulagið sem var samþykkt 2002 felur í sér að þar megi nánast rífa öll gömul hús þar, það er gróið svæði. Það er ekki verið að gera íbúum neinn smá grikk með því að breyta þessu gróna hverfi í byggingareit. Ég er alveg viss um að það er alveg sama hvar þú ert staddur í bænum, í Seljahverfi í Breiðholti – og allt í einu fengir þú upplýsingar um að hver sem er gæti keypt einbýlishús við hliðina á þér, rifið það niður og byggt þar fjölbýlishús. Það væri enginn sáttur við það.“

### Mey skal að morgni lofa

Þórður segir núverandi borgaryfirvöld að vissu leyti enn óskrifað blað: „Það var svo mikið að gerast þegar R-listinn var við völd og margt sem stefndi í alveg kolranga átt. Það eru mjög fá dæmi sem hægt er að taka um að núverandi borgaryfirvöld hafi staðið sig eitthvað illa, það hefur lítið reynt á það. Eina dæmið sem ég man eftir að þeir hafi virkilega klúðrað er þegar þeir leyfðu meira byggingarmagn á Laugavegi 4-6 og komu þar með í veg fyrir að það væri hægt að teikna þar sómasamlegt hús.“

Hann útskýrir að í göngunni verði tekin dæmi um hvernig uppbyggingin í Skuggahverfinu hefur haft áhrif á einstaka íbúa. „Þetta var gróið hverfi, þar keypti fólk hús eða íbúð til að eiga alla ævi, til að setjast þar að. Sá fyrir sér ákveðna framtíð. Síðan var því raskað og hagsmunir litla mannsins voru látnir víkja fyrir hagsmunum annarra sem komu að þessu bara til þess að græða peninga.“

### Skugginn mistök

„Það má rekja þessi mistök til 1986 þegar Skuggahverfið var fyrst skipulagt, þá t.d. mótmæltu Torfusamtökin og sögðu að það stefndi í skandal þarna vegna þess að það er verið að byggja hús sem eru ekki í skala við það sem fyrir er og þar með verður erfiðara að draga línu seinna meir. Það hefur reynst satt sem Torfusamtökin sögðu á þessum tíma – það hefur ekki verið hægt að draga neina línu þarna og þessir byggingareitir hafa teygt sig sífellt lengra upp í Skólavörðuholtið. Eins og staðan er í dag verður erfitt að draga línuna milli Hverfisgötu og Laugavegs því sumir þessir reitir liggja akkúrat um þau svæði. Það sem ég hef kynnt mér – margir skipulagsfræðingar vita kannski meira um þetta heldur en ég, en það sem ég hef kynnt mér erlendis er að þar eru skipulögð ferskt svæði í einu og götur eru skipulagðar sem heild – hérna eru þetta alltaf bara reitir.“ **khh/pbb@frettabladid.is**



ÞÓRÐUR MAGNÚSSON

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

30 31 1 **2** 3 4 5

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

15.00 Danski altósaxófónleikarinn **Thomas Madsen** og gítarleikarinn **Andrés Þór** leika ásamt kvartett sínum á fyrstu tónleikum sumarsins á **Jómfrúnni**. Kvartettin skipa auk Andrésar og Thomas þeir **Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson** á kontrabassa og **Scott McLemore** á trommur. Hljómsveitin leikur djassstandarda í bland við eigið efni.

20.30 **Karlakórinn Heimir í Skagafirði** heldur tónleika í **Félagsheimilinu Aratungu**. Gestasöngvarar að þessu sinni eru tveir Skagfirðingar, **Margrét Stefánsdóttir**, sem nú er kórstjóri og hrossabóndi í Ölfusinu og bassasöngvarinn **Ásgeir Eiríksson**. Stjórnandi er **Stefán R. Gíslason**.

#### OPNANIR

15.00 **Ólöf Björg** opnar myndlistarsýningu á **Súfistanum** í Hafnarfirði í tilefni af **Björtum dögum**.

15.00 Myndlistarmaðurinn **Tolli** opnar sýningu í **Jónas Viðar Gallery** í **Listagilinu** á Akureyri. Sýningin stendur til 24. júní og er opin föstudaga og laugardaga milli 13 og 18 og eftir samkomulagi.

17.00 Bókverkasýning í sýningarsal **Félags íslenskrar grafíkur** Tryggvagötu 17 (hafnarmegin). Bókagerðakonurnar **Arkirnar** sýna ásamt dönskum bókagerðarkonum.

### Sunnudagur

#### TÓNLEIKAR

15.00 Danski altósaxófónleikarinn **Thomas Madsen** og gítarleikarinn **Andrés Þór** leika ásamt kvartett sínum á **Kaffi Kúltúr** við Hverfisgötu. Kvartettin skipa auk Andrésar og Thomas þeir **Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson** á kontrabassa og **Scott McLemore** á trommur. Hljómsveitin leikur djassstandarda í bland við eigið efni.

16.00 Árleg **Stofutónleikaröð Gljúfrasteins** hefst í dag en þá mun **Latíntríó Tómasar R. Einarssonar** koma sér fyrir í stofu nóbelsskáldsins. Auk tónskáldsins og forsprakkans **Tómasar R. Einarssonar**, sem leikur á kontrabassa, skipa tríóið **Óskar Guðjónsson** á tenórsaxófón og **Ómar Guðjónsson** á gítar.

20.00 **Ungmenni** í **Gospelkór Jóns Vídalíns** halda gleðisamkomu í **Vídalínskirkju** í Garðabæ. Hljómsveitin **Exodus** hitar upp með en sú hljómsveit er skipuð unglingum á aldrinum 14-15 í Garðaskóla í Garðabæ.

#### OPNANIR

**Icelandair Group** fagnar 70 ára afmæli nýja félagsins í nýju húsnæði **Flugsafnsins** á **Akureyrarflugvelli**. Móttaka verður milli 12-14.

#### KVIKMYNDASÝNINGAR

14.00 **Listasafn Íslands** gegnst fyrir sýningu heimildamyndar um myndlistarmanninn **Carl-Henning Pedersen** í tengslum við sýninguna **Cobra Reykjavík**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Húsgagna dagar

# 10-60%

afsláttur

## af öllum húsgögnum

sófasett, rúm, borðstofuhúsgögn,sjónvarpsskápar og speglar

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 3. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Made In Iceland tískuhátíðin var haldin í fyrsta sinn á fimmtudaginn var en framvegis verður hún árlegur viðburður. Mál manna er að vel hafi tekist, „showið“ hafi verið stórglæsilegt og gestirnir í skýjunum með að fá „góðgætispoka“.

Aðdáendur tískudrottningarinnar Vivienne Westwood ættu að gleðjast því að hún tilkynnti í vikunni að kvikmynd um líf hennar væri í bígerð. Tískumyndir virðast vera vinsælar nú til dags því tvær kvikmyndir um hönnuðinn Coco Chanel eru einnig í vinnslu.

Hinn frægi skóhönnuður sem Sarah Jessica Parker dýrkaði í þáttunum sálugu, Manolo Blahnik, virðist vera ungur í anda. Blahnik er nefnilega kominn með blogg og því má lesa allt um hans gjörðir á www.manoloblahnik.com.

# stíll

utlit@frettabladid.is



**Kóngabláa og rúmgóða tösku** úr mjúku leðri. Fæst í Whistles.



**Ofursvala** drapplitaða og opna hælaskó frá chie mihara, fást í Kron.

## OKKUR LANGAR Í …

**Lykt af frönsku sumri.** Néproli er klassík frá Annick Goutal unnin úr suðrænum gróðri. Fæst í Kisunni.





## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Gæsahúð!*

Eitt það besta við sumar erlendis (nema að maður búi á Suðurskautslandinu) er sú staðreynd að fólk getur gengið um berleggjað. Ég er að vísu enn ekki sannfærð um að stuttbuxur séu smart klæðnaður á karlmönnum (sem ég vil helst alltaf hafa í rokkaralegum gallabuxum allan ársins hring) en það er óneitanlega fallegt þegar konur sýna leggi í hnésíðum pilsum eða stuttbuxum og smeygja lökkuðum tánöglum í sandala. Sokkabuxur eru nefnilega ekkert sérstaklega þægilegur klæðnaður, og þar sem ég er forfallinn pilsafíkill þá var ég auðvitað alltaf berleggjuð alla daga þegar ég bjó utan landsteinanna.

Á Íslandi virðist vera 7 stiga hiti allt árið um kring en átján stig og logn þykir hitabylgja. Ég fylltist óttablandinni virðingu um daginn þegar ég rölti Laugaveginn síðla kvölds og mætti (ölvuðum) yngismeyjum sem voru berleggjaðar í stuttpilsum í kulda og gaddi. Fótleggir þeirra voru orðnir bláir þrátt fyrir allt brúnkuspreyið og það lá við að ég fengi flensu bara við að horfa á þær. Það hefur alltaf verið mér algjör ráðgáta hvernig hitamælir Íslendinga er stilltur á sumrin. Þegar mælirinn sýnir fjórtan er alþjóð komin á hlýraboli með ís, alveg sama þó að gæsahúðin hríslist eftir berum handleggjum og fótum. Ég er svo mikil kuldaskræfa að ég myndi helst eyða hinu íslenska sumri í Ugg-stígvélum og ullarsokkabuxum en einhvern veginn er það dálítið út úr kú við alla pastelstemninguna á Austurvelli á sólríkum degi. En nú er komið sumar segja þeir og hvað er þá til ráða? Persónulega finnst mér skelfilega hallærislegt að horfa upp á brúnkuspreyjaða leggi með gæsahúð en það er þó skömminni skárra en það versta tískuslys sem ég get hugsað mér: húðlitaðar sokkabuxur.

En hvernig er hægt að bera smá hold án þess að fá sumarkvef eða blöðrubólgu? Leggings voru besti kosturinn í fyrra og ganga væntanlega ágætlega upp í sumar hvort sem þær eru með ballerínuskóm eða háum hælum. Svo er hægt að leika sér með hnésokka en þeir eru sætir við hnébuxur eða pils þannig að aðeins lítill hluti fótleggjanna fær að gægjast út. Þær hugrökku sem ekki þjást af krónískum fótkulda geta svo alltaf skellt sér í opnu hælaskóna við buxur. Í sumar eru víðar gallabuxur málið og þá tilvalið að hafa þær nógu síðar til að ná yfir freðnar tær. Það eina sem ég sé til ráða fyrir þær sem ætla að mæta í sexí hnésíðum pilsum og með bera leggi í brúðkaupin og kokkteilana í sumar er, því miður: ullarbrókin!








**KLASSÍK** Einföld samsetning sem smellvirkar: hvítur og svartur toppur við stelpulegt grátt pils.



**DÖMULEGUR** Hnésíður kjóll með A-sniði og fallegu aðdregnu hálsmáli og belti í mittið.



**ELEGANT** Húðlitaður hnésíður silkikjóll með fallegum bryddingum.



**SJÓLIÐASTÍLL** Svartur kvartermatoppur, svart- og hvítmunstrað pils og dömulegur borði í stíl.

# ÍTÖLSK FÁGUN

Hönnuðurinn Alberta Ferretti er stórt nafn í tískuheiminum í dag. Hún er talin einn frumlegasti hönnuður Ítala og er fræg fyrir að skapa þægileg en að sama skapi íburðarmikil föt. Hún notar dýr og fáguð efni til að skapa stíl sem er í senn klæðilegur, mjúkur og kvenlegur. Með því að blanda saman rómantík og þægindum hefur hún fest sig í sessi sem ein áhrifamesta kona á Ítalíu í dag, og merkið hennar Philosophy veltir milljörðum á ári hverju.

Ferretti er einn uppáhaldshönnuður Hollywood-stjarnanna sem klæðast gjarnan kjólum hennar á rauða dreglinum. Hún er ein af mörgum Evrópskum hönnuðum sem eru um þessar mundir að sýna svokallaða „ Resort“-línu í New York. „Resort“ þýðir í raun sumarferðastaður og fötin að sama skapi afslöppuð og henta heitara loftslagi. Lína Ferretti fyrir 2008 vakti mikla lukku í stóra eplinu og fötin voru aðallega í dimmbláum og fílabeinslitum tónum með akkerum ofnum í peysur og prjónakjóla. Dökkbláir jakkar í sjóliðastíl voru settir saman við stuttbuxur, pólóbolir saman við stelpuleg pliseruð pils og einnig gaf að líta flotta skyrtukjóla sem sýndu mikið af berum sólbrúnum leggjum. Eins og tískuspekúlöntunum varð að orði minnti línan á franska strandbæinn Deauville á þriðja áratugnum. Sumsé, innblásið af sjónum og ströndinni en alveg nógu smart til þess að ganga um götur stórborganna. Hvað kvöldkjóla varðaði var nóg af fisléttum og kvenlegum chiffon-kjólum sem eflaust munu njóta mikilla vinsælda hjá Hollywood-dömunum. - amb



**ÍTÖLSK FÁGUN** Hönnuðurinn Alberta Ferretti ásamt Önnu Wintour, ritstýru bandaríska Vogue. Línan vakti mikla hrifningu tískuspekúlanta í New York.



**GYÐJULEGUR** Eiturgrænn plíseraður og sexý kjóll frá Alberta Ferretti, fæst í Þremur hæðum.



**DRAUMKENNDUR** Guðdómlegur drapplitaður kjóll með blómaútsaum frá Alberta Ferretti, fæst í Þremur hæðum.

### 5 LEIÐIR AÐ LÚKKINU

**Daufir og elegant litir:** svart, beige, hvítt og dökkblátt
**Rómantísk smáatriði:** blóm, plíseringar og útsaumur
**Kvenlegheit:** Sexý án þess að vera of sexý
**Þægilegt:** Fötin eru aldrei of þröng eða flókin
**Pils:** Ferretti gerir út á hnésíð pils og kjóla



**STRANDKJÓLL** Fullkominn hvítur sumarkjóll með útsaum og tekinn saman í mittið, fæst í Þremur hæðum.

# Dýrlingatíska hjá Gaultier

Tískusýningin frá Jean Paul Gaultier fyrir sumarið 2007 var næstum því andleg upplifun en þessi franski snillingur sendi fyrirsætur niður pallinn með geislabauga um höfuðið í þykkum reykelsismekki. Andlit þeirra voru máluð eins og dýrlingalíkneski og fötin innblásin af kaþólskri kirkjulist. Gaultier notaði skikkjur og hettur við kynþokkafullar dragtir, blúndur og hekluð stykki á aðsniðna kvöldkjóla og litaspjaldið var eins og beint út úr kaþólskum helgimyndum: upplitaður bleikur, blár og grár. Hönnuðurinn framdi þó engin helgispjöll með þessari djörfu línu en lagði áherslu á fegurðina í hinni kaþólsku trú. - amb





**MADONNUÁSJÓN** Nektardansarinn Dita Von Teese hefur hina fullkomnu madonnuásýnd og hún gekk eftir tískupallinum í svörtum kjól.

**MARÍA MEY?** Sjiffon-kjóll í fölbláum og gráum tónum og risavaxið höfuðskraut með fjöðrum.



**FAGURBLÁR** Dásamlegur kóngablár silkikjóll tekinn saman í mittið með gimsteinum og rautt hárskraut í stíl.



**FÖLGRÆNT** Silkikjóll í daufgrænum lit og geislabaugur til að fullkomna dýrlingsútlitið.



**RÓMANTÍSKUR** Fallegur þrískiptur kjóll með belti frá Alberta Ferretti, fæst í Þremur hæðum.



**FJÓRÐI ÁRATUGURINN** Þessi dásamlegi kjóll minnir á tennisklæðnað frá um 1930.




fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Mel C** segir ekkert hæft í fréttum um að Spice Girls muni koma saman aftur. „Það eru engin áform um það. Ég hitti stelpurnar um daginn og við hlógum bara að þessum sögusögnum,“ segir hún.

# Mette-Marit á Laugaveginum

**Þúsundþjalasmiðnum og ofurbloggaranum Þórdísi Gísladóttur svelgdist á kaffinu þegar hún sat á veitingastaðnum Barnum í miðbæ Reykjavíkur á fimmtudaginn. Framhjá henni gekk nefnilega engin önnur en Noregsprinsessan Mette-Marit ásamt syni sínum Mariusi.**



**METTE** Rölti eftir Laugaveginum ásamt syni sínum Mariusi og þótti ekkert sérstaklega hress.

„Hún gekk framhjá glugganum og ég tók eftir því hversu fín hún var,“ segir Þórdís, sem óneitanlega brá í brún enda er vanalega mikil viðhöfn þegar kóngafólk ber að garði á Íslandi. Nánast lúðrablástur og lífverðir auk íslenskra fyrirmenna „Ég þori nánast að skjóta mig í fótinn upp á að þetta var hún,“ bætir Þórdís við. Hún skrifaði síðar þann dag skemmtilega færslu á bloggsíðu sína en þar tekur hún fram að Mette hafi ekkert virkað neitt svakalega hress.

„Ég skil það svo sem alveg, stelpuræfillinn er dæmd til að eyða ævinni í að taka þátt í einhverjum fávitalegum hirðsiðaleikþætti með tilheyrandi silfurborðbúnaði og hneigingum vegna þess að hún slysaðist til að verða hrifin af Hákoni, krónprins Noregs,“ skrifar Þórdís og bætir við: „Ef það er eitthvað sem ég botna ekki í þá eru það kóngar og drottningar.“

DV greindi frá heimsókn Mette í föstudagsblaði sínu og þar kemur fram að Noregsprinsessa sé hér í helgarferð ásamt syni sínum af fyrra hjónabandi. Þar kemur fram að Mette hafi brugðið sér á snjósleða og hyggist skoða náttúru landsins nánar. Hjónaband Mette og Hákons þótt mikið hneyksli á sínum tíma enda hafði Mette átt í ástarsambandi við smáglæpamanninn Morten Borg og eignast með honum Marius. Henni hefur þó tekist að vinna norsku þjóðina á sitt band þótt þeim Haraldi og Sonju þyki hún helst til of villt.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**MEL B** Hún hefur samþykkt að vera með í bandaríska raunveruleikaþættinum Dancing with the Stars og við ættum því að sjá meira af Mel B á næstu mánuðum.

# Dansandi kryddpía

Kryddpía nokkur hefur hug á að komast aftur í sviðsljósið en þetta er hún Melanie B úr Spice Girls. Söngkonan hefur verið beðin um að vera með í bandarísku þáttunum Dancing with the Stars og féllst hún á það. Mel hefur að undanförnu átt í harðvítugri deilu við Eddie Murphy um forræð dóttur þeirra Angel Iris. „Eddie hefur ekkert látið í sér heyra hingað til en Mel hefur í nógu að snúast þessa dagana enda er hún að dansa í þættinum og sér um dætur sínar þess á milli,“ sagði blaðafulltrúi hennar.


FATÓ
ÚTSÖLUMARKAÐUR
LÚXUS MERKJAVARA
LAUGAVEGI 91 - 2. hæð



ÚTSÖLUMARKAÐUR
LÚXUS MERKJAVARA ÚR:
eva COMPANYS Kultur gs skór CENTRUM Kultur menn

Á ÓTRÚLEGUM...
80%
AFSLÆTTI

Opið:
í dag laugardag
10-18
sunnudag (3.júní)
13-17
virka daga
11-18

ATH. Opið sunnudag kl. 13 - 17

Opinn til 6. júní

**FATNAÐUR:** DKNY - GERARD DAREL - NICOLE FARHI - FRENCH CONNECTION - PAUL & JOE - MALENE BIRGER - INWEAR - PART TWO - GREAT PLAINES - SEVEN JEANS - MAVI JEANS - BILL TORNADE - IMPERIAL FASHION - IKKS - S'NOB - SAINT TROPEZ - ACQUAVERDE - JUST IN CASE - NOUGAT
**SKÓR OG STÍGVÉL:** SPIRAL - SENDRA - BRONX - BULL BOXER - SANCHO

FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR - LAUGAVEGI 91 - 2. hæð
FATÓ
MERKJAVARA Á ÓTRÚLEGU VERÐI




**Á GÆGJUM** Íslenskir knattspyrnuáhugamenn fylgjast spenntir með breskum knattspyrnumönnum að leik. Myndina má finna í nýjasta hefti National Geographic.

# Melavöllurinn í National Geographic

Íslenskum knattspyrnuáhugamönnum frá því um miðja síðustu öld bregður fyrir í nýjasta tölublaði bandaríska tímaritsins National Geographic. Myndin, sem birtist í dálki sem kallaður er minningarbrot eða „flashback“, var líklega tekin í kringum 1943 og sýnir tólf manns standa á reiðhjólum gægjast yfir grindverk til að fylgjast með breskum knattspyrnumönnum að leik.

Í texta sem fylgir myndinni er lítillega fjallað um hlutverk Íslands í seinni heimsstyrjöldinni. Þá er sagt þar að fótbolti hafi ekki komið hingað til lands fyrr en fimmtíu árum áður en myndin var tekin og hafi strax notið gríðarlegra vinsælda. Íslenska karlalandsliðinu hafi hins vegar aldrei tekist að tryggja sér sæti í lokakeppni heimsmeistaramótsins á meðan íslenska kvennalandsliðið sé í hópi þeirra tuttugu bestu.

Myndina tók William McGreal og var hún líklega tekin við gamla Melavöllinn.

**- kh**


Bellies eins árs !
Til hamingju með fyrsta árið.

Kveðja
Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Best price in town
Bellies Hafnarstræti 18

Egils Gull
Léttöl

# Útsölumarkaður

## 1. júní til 10. júní

**Skeifunni 17**

NEXT

**OPIÐ**

Mán.-föst:11:00-19:00

Lau: 11:00 - 18:00

Sun: 13:00 - 17:00

# Kveðjupartí fyrir París

Nánasti vinahópur Parísar Hilton tók sig til fyrir skemmstu og hélt kveðjupartí fyrir hana í tilefni þess að hún mun hefja afplánun vegna ölvunaraksturs á þriðjudaginn kemur. Partíið var haldið heima hjá París í vikunni og að sögn æskuvinkonunnar, Caroline D´Amore, heppnaðist það afar vel.

„Við vildum sýna henni að við stæðum við bakið á henni," sagði Caroline en hún var einnig á meðal gesta í árlegri grillveislu Nicole Richie á uppstigningardag. Þar horfði vinahópurinn saman á fyrsta þáttinn í nýrri þáttaröð The Simple Life, en sem kunnugt er fara þær Hilton og Richie þar með aðalhlutverkin.



**PARÍS HILTON** Mun hefja fangelsisafplánun á þriðjudaginn.

# Jacko innheimtir fyrir Björk

**Michael Jackson hefur í samvinnu við fyrirtækið Sony/ATV Music Publishing tryggt sér réttinn til að innheimta höfundarréttargjöld af 36 lögum Bjarkar Guðmundsdóttir í Norður-Ameríku.**



**BJÖRK** Michael Jackson og fyrirtækið Sony/ATV Music Publishing hafa tryggt sér réttinn til að innheimta höfundarréttargjöld af lögum Bjarkar.

Á meðal laganna sem um ræðir eru Human Behaviour, Army of Me, Big Time Sensuality, Isobel og Venus as a Boy. Engin lög af nýjustu plötum Bjarkar fylgja með í samningnum.

### Eingöngu höfundarréttur

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Jackson og Sony hefðu tryggt sér útgáfurétt laganna með kaupum á fyrirtækinu Famous Music LLC en hið rétta er að þeir tryggðu sér réttinn til að innheimta höfundarréttargjöld af lögunum. „Á Íslandi framselja flestir höfundar rétt sinn til Stefs sem sér um innheimtu á stefgjöldum og þetta er svipað úti í heimi, nema að þar er samkeppnisumhverfi hvað þetta varðar. Í þessu tilviki er rétturinn framseldur til fyrirtækis sem heitir Famous sem innheimtir höfundarréttargjöld. Það er fjöldinn allur af slíkum fyrirtækjum til," segir Ásmundur Jónsson, útgáfustjóri Smekkleysu.



**ÁSMUNDUR JÓNSSON** Að sögn útgáfustjóra Smekkleysu er fjöldinn allur af fyrirtækjum til sem innheimta höfundarréttargjöld af lögum.

### Í bíómyndum og auglýsingum

Að sögn Ásmundar fá þau fyrirtæki sem innheimta höfundarréttargjöld ákveðna prósentu af innkomu laganna og reyna þau oft á tíðum að gera verðmæti úr tónlistinni til að auka tekjur sínar. Meðal annars reyna þau að koma lögunum að í bíómyndum og auglýsingum.

### Björk á útgáfuréttinn

Björk á sjálf allan útgáfurétt á sínum lögum en framselur síðan réttinn til útgáfufyrirtækisins One Little Indian sem síðan framselur hann í samvinnu við Björk til annarra fyrirtækja á borð við Atlantic/Elektra í Bandaríkjunum, Universal í Evrópu og Ástralíu og Smekkleysu á Íslandi.

freyr@frettabladid.is


## SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA




Nánari upplýsingar á SAMbio.is

ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 2 - 6 - 10 | |
| ZODIAC | kl. 3 - 6 - 9 | 16 |
| THE REAPING | kl. 8:10 - 10:10 | 16 |
| BLADES OF GLORY | kl. 2 - 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| ROBINSON .. M/- ÍSL TAL | kl.1:50 - 4 | L |
| GOAL 2 | kl.1:40 - 3:50 - 6 | 7 |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 kl. 2:15 - 4:15 - 6:15 - 7:20 - 8:15 - 10:15 - 10:30 | DIGITAL | 10 |
| ROBINSON F... ÍSL TAL | kl. 2 | L |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2 - 4 DIGITAL-3D | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl. 2 - 5 - 8 - 11:15 | 10 |
| MR. BEAN | kl. 4 | L |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| ROBINSON F... ÍSL TAL | kl. 2 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl. 4 - 8 | 7 |
| THE REAPING | kl. 10 | 16 |
| BLADES OF GLORY | kl. 2 | L |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 | 10 |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 6 - 8 | L |

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus







450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DELTA FARCE | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2, 5 og 8 | 10 |
| SEVERANCE | kl. 8 | 16 |
| SHOOTER | kl. 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 2, 4 og 6 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 1* - 3 - 5 - 7 - 9 - 11 | 10 |
| PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS | kl. 1 - 5 - 9 | |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 1.30 - 3.45 - 5.50 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 - 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| * 450 kr. | | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| UNKNOWN | kl. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| IT´S A BOY GIRL THING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 3 | 10 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| ANNAÐ LÍF ÁSTÞÓRS | kl. 4 | |
| FRACTURE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 3 - 5.40 - 8.20 | 10 |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| PATHFINDER | kl. 8 | 16 |
| THE HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10 | 16 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 4.20 | 10 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4.20 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

SparBíó* 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag og mánudag
www.SAMbio.is




PIRATES 3 KL. 14:00 Í ÁLFABAKKA OG Á AK.
ZODIAC KL. 15:00 Í ÁLFABAKKA
GOAL 2 KL. 13:40 Í ÁLFABAKKA
BLADES OF GLORY KL. 14:00 Í ÁLFABAKKA OG KL. 14:00 Í KEFLAVÍK
MEET ROBINS. KL. 13:50 Í ÁLFABAKKA OG KL 14:00 Á AKUREYRI






# *Spilað á litlu svæði*

Tónlistarhátíðin Rökkurlopi verður haldin í Reykjavík dagana 14. til 17. júní. Á meðal þeirra sem koma fram verða Toggi, Ólöf Arnalds, Elísabet Eyþórsdóttir, Úlpa og Indigo.

Hátíðin fer fram á kaffihúsunum Babalí og Hljómalind og einnig í S.L.Á.T.R.I sem er vinnustofa nokkurra listamanna að Hverfisgötu 32.

Flest atriðin verða að degi til og verður enginn aðgangseyrir. „Þessir staðir eiga það sameiginlegt að vera á litlu svæði í miðbænum og að vera litlir,“ segir Áki Ásgeirsson, tónskáld og einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. „Þetta eru staðir sem bjóða upp á persónulega nánd við áhorfendur og valið á hljóðfæraleikurum er mjög frjálslegt.“ Vonast Áki til þess að hátíðin verði haldin árlega í framtíðinni.



**TOGGI** Tónlistarmaðurinn Toggi kemur fram á Rökkurloga.

# Risatónleikar Dúndurfrétta

Hljómsveitin Dúndurfréttir mun í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands flytja verk Pink Floyd, The Wall, í Laugardalshöll 29. júní. Jafnframt eru Dúndurfréttir að undirbúa ferna tónleika þar sem flutt verða lög hljómsveitarinnar vinsælu The Eagles. Verða þeir haldnir í byrjun september, annað hvort í Borgarleikhúsinu eða Íslensku óperunni.

„Þettaerufyrsturisatónleikarnir okkar,“ segir Matthías Matthíasson, söngvari Dúndurfrétta, um tónleikana í Höllinni. „Við erum byrjaðir að æfa á fullu og ætlum að gera þetta betur en nokkru sinni hefur verið gert áður. Við erum búnir að flytja The Wall í Borgarleikhúsinu, í Austurbæ og á Akureyri en okkur finnst þetta vera punkturinn yfir i-ið í að fullkomna þennan pakka.“

Að sögn Matthíasar hefur The Eagles-verkefnið verið lengi í þróun hjá sveitinni. „Einar gítarleikari þekkir hvern einasta tón og slátt og nótu í Eagles-safninu. Hann er búinn að vera hægt og sígandi að troða þessu inn á okkur. Okkur fannst kominn tími til að gera þetta eins vel og við mögulega getum,“ segir hann. Verða tónleikarnir nokkurs konar blanda af tveimur vinsælum tónleikadiskum sem The Eagles hafa gefið út.

- fb



**DÚNDURFRÉTTIR** Hljómsveitin Dúndurfréttir hefur í nógu að snúast í sumar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonunni **Lindsay Lohan** líkar ágætlega að vera í meðferð vegna þess að þar getur hún verið fjarri sviðsljósinu. Lohan fór í meðferð í Malibu í Kaliforníu síðastliðinn mánudag eftir að hún var handtekin fyrir að aka undir áhrifum áfengis. Þetta er í annað sinn sem hún fer í meðferð, því fyrr á árinu lauk hún þrjátíu daga vist í Los Angeles. „Hún er ánægð þar sem hún er og tekur sér góðan tíma til að þroska sig,“ sagði vinur hennar.



Lögfræðingur leikkonunnar **Kim Basinger** segir að forræðisdeila Basinger og **Alec Baldwin** vegna dóttur þeirra Ireland verði leyst von bráðar. Basinger og Baldwin, sem léku saman í myndunum The Marrying Man og The Getaway, hafa barist í réttarsölunum í fimm ár án árangurs. Lögfræðingurinn sagði í samtali við **Larry King** að vonandi myndi málið leysast í náinni framtíð.



Söngkonan **Beyoncé Knowles** ætlar að bíða í tíu ár til viðbótar með að eignast börn. Beyoncé, sem er í sambandi með rapparanum **Jay-Z**, segist hafa allt of mikið að gera til að stofna fjölskyldu.



Hópur þekktra leikkvenna fer með hlutverk í endurgerð myndarinnar The Women sem kom út árið 1939. Á meðal þeirra sem ætla að leika í myndinni eru **Meg Ryan**, **Annette Bening**, **Eva Mendes**, **Jada Pinkett Smith**, **Debra Messing** og **Candice Bergen**. Leikstjóri verður **Diane English** sem hefur í tíu ár reynt að koma myndinni á koppinn.





## > Breytingar á landsliði og miðasala

Arnór Atlason og Ragnar Óskarsson verða hvorugir með í rimmunni gegn Serbum um laust sæti á EM í Noregi næsta janúar vegna meiðsla. Í þeirra stað hefur verið valinn Hannes Jón Jónsson. Miðasala á landsleik Íslands og Serbíu sem fer fram í Laugardalshöllinni 17. júní næstkomandi er hafin á netinu. Áhugasamir geta farið á vefsíðuna midi.is og keypt sér miða. Strákarnir þurfa á öllum mögulegum stuðningi áhorfenda að halda til að komast á EM í Noregi 2008.



sport

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSÞJÁLFARI LIECHTENSTEIN VONAST FYRST OG FREMST EFTIR GÓÐUM LEIK

# *Jafntefli yrðu mjög góð úrslit fyrir okkur*

Landsliðsþjálfari Liechtenstein, Hans-Peter Zaugg, býst við erfiðum leik á Laugardalsvelli í dag þegar hans menn mæta Íslendingum í undankeppni EM 2008. Hans væntingar byggjast fyrst og fremst á því að sínir menn standi sig vel í leiknum.

„Auðvitað vonumst við eftir góðum úrslitum en við vitum að íslenska liðið er sterkt og er með mjög marga leikmenn sem eru hjá sterkum félögum. Við búumst því við erfiðum leik," sagði Zaugg við Fréttablaðið.

Aðspurður segir hann að jafntefli yrðu afar sterk úrslit fyrir Liechtenstein. „En það er alveg ljóst að það yrði ekki auðvelt verkefni að halda jöfnu gegn Íslandi á útivelli."

Zaugg er fyrrverandi þjálfari svissneska úrvalsdeildarliðsins Young Boys og starfaði þar á þeim tíma sem landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson spilaði þar.

„Ég þekki ágætlega til íslensku leikmannanna. Grétar þekki ég vitanlega vel og einnig aðra leikmenn. Ég held að við þekkjum lið Íslands nógu vel."

Hann segir að Grétar hafi notið mikillar velgengni hjá Young Boys. „Hann kom til okkar sem algerlega óþekktur leikmaður og bætti sig ógurlega mikið á mjög skömmum tíma. Eftir það fékk hann tilboðið frá AZ Alkmaar þar sem hann er fastaleikmaður nú."

Zaugg bætir við að Grétar hafi verið vinsæll leikmaður hjá stuðningsmönnum liðsins, ekki síst vegna persónuleika hans og baráttuvilja á vellinum. „Grétar er afar stoltur leikmaður og það er ef til vill einkennandi fyrir íslenska leikmenn."



Hjá Young Boys hóf hann að spila í stöðu hægri bakvarðar og hann hefur haldið því áfram hjá AZ. Í landsliðinu er honum þó yfirleitt stillt upp á hægri kanti. „Hvað mig varðar er hann án efa betri sem varnarmaður því hann hefur mikla hæfileika sem slíkur. En ég skil vel landsliðsþjálfara Íslands því hann hefur úr mörgum sterkum varnarmönnum að velja. Grétar er þar að auki fljótur og sókndjarfur leikmaður sem finnur sig ágætlega á miðjunni."



**FRÁBÆR Í VETUR** Ragnar Óskarsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ragnar Óskarsson með Ivry:

## Meistari og markakóngur

**HANDBOLTI** Ragnar Óskarsson skoraði 11 mörk í lokaumferð frönsku deildarinnar í gær þegar hann og félagar hans í Ivry tryggðu sér meistaratitilinn með 42-29 sigri á Villeurbanne. Ragnar tryggði sér markakóngstitilinn með því að skora 11 mörk út aðeins 13 skotum en hann skoraði 168 mörk eða 6,7 í leik. - óój

# Styrkleikamunurinn segir ekki allt

**Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði segir að þó svo að íslenska liðið eigi að teljast sigurstranglegri aðilinn gegn Liechtenstein í dag á pappírnum segi það ekki alla söguna. Allt annað en sigur yrði þó slæm úrslit.**

**FÓTBOLTI** „Þetta er einn af þeim fáu leikjum þar sem við teljumst fyrir fram vera sigurstranglegri aðilinn," sagði Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins sem mætir Liechtenstein í dag á Laugardalsvellinum. Leikurinn er liður í undankeppni EM 2008.

Eiður bendir þó á að þessi styrkleikamunur á „pappírnum" segi þó ekki endilega alla söguna.

„Stundum er það þannig að við eigum að vinna leiki þar sem við erum fyrir fram ekki taldir sigurstranglegri aðilinn. Við skulum því fara varlega í slíkar yfirlýsingar. Gegn Spáni voru menn til að mynda svekktir með að ná ekki stigi úr leiknum þó svo að við höfum verið undir pressu allan leikinn."



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Eiður Smári glaðbeittur á æfingu íslenska liðsins. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Hann gerir sér þó grein fyrir því að stuðningsmenn íslenska landsliðsins ætlist til þess að Ísland vinni leikinn í dag. „Fyrst og fremst þurfum við sjálfir að setja þessa pressu á okkur. Við vitum vel að undanfarið höfum við ekki sýnt hvað í okkur býr og við þurfum nú að ná því besta úr okkur. Vonandi ætti það að duga til."

Eiður hefur undanfarnar vikur og mánuði lítið fengið að spila með Barcelona og spurður hvort hann hlakki til að fá að spilan heilan leik í dag svarar hann því játandi.

„Ég veit ekkert skemmtilegra en að spila fótbolta og vil ég því helst fá að spila hverju einustu mínútu sem í boði er. Það er langt síðan ég spilað heilar níutíu mínútur og vil ég fyrst og fremst fá að njóta mín á vellinum og vonandi leggja mitt af mörkum svo að niðurstaðan úr leiknum verði góð." eirikur@frettabladid.is





Þann 26. apríl 2006 var síðasti stálbitinn hífður á sinn stað í stálgrindahúsi kerskála tvö. Skálarnir eru engin smásmíði, hvor um sig er rúmlega einn kílómetri að lengd og um 14 þúsund tonn af stáli fóru í byggingu þeirra.

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 37780 05/07



**MARKAVEISLA** Ísland vann Möltu 4-1 á Laugardalsvellinum fyrir tveimur árum. Veigar Páll Gunnarsson skoraði í leiknum. NORDICPHOTOS/AFP

Gengið gegn litlu þjóðunum:

## Fimm heimasigrar í röð

**FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur unnið fimm síðustu heimaleiki sína gegn liðum sem hafa komið úr neðsta styrkleikaflokki í riðladrætti fyrir undankeppni HM eða EM.**

**Ísland mætir í dag Liechtenstein, sem kom einmitt úr sjöunda og neðsta styrkleikaflokknum þegar dregið var í riðla fyrir undankeppni EM 2008.**

**Það er ekki hægt að kvarta yfir genginu gegn litlu þjóðunum undanfarin ár. Íslenska liðið hefur unnið fimm heimasigra í röð gegn þeim og alls náð í 27 af 30 mögulegum stig frá því að liðið vann báða leiki sína 4-0 gegn Liechtenstein í undankepppni HM 1998.** - óój

### HEIMALEIKIR GEGN LITLU ÞJÓÐUNUM Í RIÐLINUM:

| | |
|---|---|
| HM 2006 | Malta 4-1 sigur |
| EM 2004 | Færeyjar 2-1 sigur |
| HM 2002 | Malta 3-0 sigur |
| EM 2000 | Andorra 3-0 sigur |
| HM 1998 | Liechtenstein 4-0 sigur |
| EM 1996 | Tyrkland 0-0 jafntefli |
| HM 1994 | Lúxemborg 1-0 sigur |
| EM 1992 | Albanía 2-0 sigur |

# Vinnum ekki með vinstri

**Eyjólfur Sverrisson ætlar að tefla fram sókndjörfu liði gegn Liechtenstein og ætlar að spila til sigurs. „Þurfum þó að eiga mjög góðan leik til að sigra.“**

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson var duglegur að minna blaðamenn á í gær að það væri ekki raunhæft að búast við léttum sigri íslenska liðsins gegn Liechtenstein í dag. „Það er langt frá því að við vinnum þennan leik með vinstri. Menn þurfa að vera alveg hundrað prósent klárir á því,“ sagði hann á blaðamannafundinum á Hótel Loftleiðum í gær.

„Liechtenstein er á sínu blómaskeiði núna. Þeir fengu átta stig í síðustu keppni og það hefur gengið vel hjá þeim í þessari. Þeir unnu Letta sannfærandi í síðasta leik á heimavelli og voru til að mynda sterkir á móti Norður-Írum, sérstaklega í fyrri hálfleik. Við höfum því enga ástæðu til að vanmeta þá núna,“ sagði hann.

Hann sagði að eðlilega muni hann gera taktískar breytingar á leik liðsins frá síðasta leik sem var gegn Spánverjum ytra. „Ég býst við því að við verðum meira með boltann nú og sækjum meira en gegn Spáni. Við ætlum okkur að skapa mikið af færum og við ætlum okkur að vinna þennan leik. Til þess þurfum við þó að leggja okkur mikið fram og eiga mjög góðan leik.“

Aðspurður bjóst hann ekki við að Liechtenstein myndi sækja afar grimmt á íslensku vörnina en sagði þó að liðið væri vel spilandi. „Það er mikil yfirferð á leikmönnum liðsins og þeir eru óhræddir við að spila boltanum mikið á milli sín. Inni á milli eiga þeir framúrskarandi leikmenn eins og Mario Frick sem er afar skæður sóknarmaður og leikur í efstu deild á Ítalíu. Markvörðurinn leikur svo með Boavista í Portúgal. En fyrst og fremst er liðið með gríðarlega öfluga liðsheild og hefur til að mynda leikið tvöfalt fleiri landsleiki en Ísland í gegnum tíðina.“



**VARKÁRIR** Þjálfarinn og fyrirliðinn ætla sér sigur í leiknum sem hefst klukkan 16 í dag. Þegar er búið að selja á fjórða þúsund miða á leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það mátti einnig heyra á honum að hann ætlaði að nota Grétar Rafn Steinsson í þeirri stöðu sem hann er vanur að spila í hjá sínu félagi, AZ Alkmaar. Þar er hann í stöðu hægri bakvarðar en í síðasta landsleik lék hann á hægri kantinum.

„Ég vil helst nota leikmenn í þeim stöðum sem þeir þekkja best þó það sé kannski ekki alltaf hægt. En ég býst við því að það verði tilfellið nú.“

Og hann býst við því að gefa ungu leikmönnunum tækifæri. „Það kemur vel til greina,“ sagði hann án þess að láta uppi meiri upplýsingar um byrjunarliðið.

Að lokum lagði hann mikla áherslu að stefnan væri sett á sigur gegn Liechtenstein. „Við höfum sýnt það áður að við getum spilað vel eins og við gerðum gegn Norður-Írum. Við erum með öflugt lið og verðum að kalla fram það besta í því á nýjan leik. Við þurfum að vera ákveðnir og hundrað prósent klárir í slaginn.“

eirikur@frettabladid.is

**Líklegt byrjunarlið Íslands**






**THEÓDÓR ELMAR** Á æfingu með íslenska landsliðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Theódór Elmar Bjarnason:

## Gæti fengið tækifærið í dag

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Theódór Elmar Bjarnason fengi tækifæri í byrjunarliði íslenska landsliðsins sem mætir Liechtenstein í dag. Sjálfur bindur hann vonir við að fá að spila.

„Ég geri það alltaf enda er ég í fótbolta til að fá að spila. Annars er ég mjög spenntur yfir því að vera kominn í landsliðið og mér finnst að mér hafi gengið vel á æfingum. Nú er það undir mér komið að sanna að ég eigi heima hér,“ sagði Theódór Elmar.

Samningur hans við Celtic á Skotlandi rennur út í sumar en hann segir líklegt að gengið verði frá nýjum á næstu vikum. „Ég hef fengið jákvæð viðbrögð frá stjóranum og hann segir að ég sé í hans plönum fyrir næstu leiktíð. Ég bíð því spenntur.“ - esá

Hátíð í bæ

Fjörið verður á Reyðarfirði laugardaginn 9. júní!

Alcoa Fjarðaál býður til opnunarhátíðar nýs álvers á Reyðarfirði á laugardaginn kemur. Bærinn skrýðist hátíðarbúningi og karnivalstemmning með fjölbreyttum skemmtiatriðum verður um allan bæ frá kl. 13 og fram á kvöld.

Popp, rokk, jass, einsöngvarar, barnaskemmtun, götuleikhús, töframenn, trúðar, útimarkaður, trúbadorar, leiktæki, kórar, harmonikkutónleikar og skoðunarferðir um álverslóðina.

Dagskrá:
10:00 Formleg opnunarathöfn í Fjarðabyggðarhöllinni.

13:00 Opnunarhátíð og karnivalstemmning um allan bæ.
Meðal þeirra sem koma fram eru: Magni, Karíus og Baktus, gospelkór, Bjarni Tryggva, Hnakkarnir, Þorsteinn Helgi, Skoppa og Skrýtla, frú Norma og margir, margir fleiri.

19:00 Stórtónleikar í Fjarðabyggðarhöllinni.
Björgvin Halldórsson
Andrea Gylfadóttir
Birgitta Haukdal
Eivör Pálsdóttir
Felix Bergsson
Helgi Björnsson
Stefán Hilmarsson
The Queen Show

22:00 Listflug og fallhlífarstökk í dagskrárlok.

Alcoa Fjarðaál
ALCOA
www.alcoa.is



**Í KRÖPPUM DANSI** Hjörvar í leik Breiðabliks og FH síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breiðablik fær markmann:

## Hjörvar á leið í aðgerð

**FÓTBOLTI** Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, hefur fengið til sín markmann frá Danmörku í stað Hjörvars Hafliðasonar sem er á leið í aðgerð. Sá heitir Casper Jacobsen og gerði samning til 30. ágúst en hann kemur frá AaB í Danmörku þar sem Ólafur var aðstoðarþjálfari á sínum tíma.

Hjörvar þarf að fara í aðgerð á liðþófa og var Ólafur ekki tilbúinn að leggja ábyrgðina á herðar hins sautján ára gamla Vignis Jóhannssonar. Jacobsen er 27 ára og á að baki einn leik með U21 árs landsliði Dana. **- hþh**

Ranieri hættur með Parma:

## Talinn taka við Man. City

**FÓTBOLTI** Ítalski þjálfarinn Claudio Ranieri hefur sagt starfi sínu sem þjálfari Parma lausu. Ranieri tók við liðinu í febrúar síðastliðnum en þá var það í vondri stöðu en undir stjórn Ranieris bjargaði liðið sér frá falli.

Fastlega er búist við því að þessi fyrrverandi stjóri Chelsea verði ráðinn stjóri Manchester City innan skamms en City rak Stuart Pearce á dögunum. **- hbg**

# Draumur á Santiago Bernabéu

**Jón Sigurður Eyjólfsson, fréttaritari Fréttablaðsins á Spáni, uppfyllti langþráðan draum um síðustu helgi þegar hann komst inn á Santiago Bernabéu í Madríd. Þar sá hann konungsliðið leggja Deportivo la Coruña í leik þar sem David Beckham stal senunni. Madrídarliðið stendur vel að vígi fyrir lokabaráttuna.**

**FÓTBOLTI** Draumar geta stundum virst raunverulegir. Sennilega fer það allt eftir hugarástandinu sem knýr þá áfram. Mitt hugarástand er nokkuð rysjótt undanfarið enda höfðum við í Carbonero-liðinu tapað fyrir nágrannaþorpi einu, sem þótti mikil hneisa. Sumir kenna rauðu varabúningunum um en að þessu sinni þurftum við að leika í þeim. Svo hafði ég reynt vikum saman að fá miða á Santiago Bernabéu, leikvang Real Madrid. Hverja helgina á eftir annarri fékk ég svo upphringingu frá Fernando de Frutos, forseta stuðningsmannaliðs Real Madrid í Segovia; „því miður Jón minn, það er bara allt frátekið.“

Nú er tímabilið nær á enda og fátt annað að gera en að láta sig dreyma. Meðan línur eru löngu orðnar skýrar víðast hvar í Evrópu er spænska deildin enn í járnum. Real Madrid og Barcelona eru jöfn í efsta sæti og Sevilla, sem leikið hefur liða best í vetur, kemur þar þremur stigum á eftir. Hvernig sem þetta fer mun það minna á grískan harmleik og mig dreymir um að fylgjast með dramanu.



**SÁTTUR Í STÚKUNNI** Fernando de Frutos, forseti stuðningsmannaliðs Real Madrid í Segovia, kom Jóni Sigurði Eyjólfssyni inn á Santiago Bernabéu og skemmti sér konunglega í félagsskap Íslendingsins. MYND/JÓN SIGURÐUR

### Ímyndin breytist í Bensanum

Þá hringir Fernando í mig og segist hafa einn miða og býður mér meira að segja far til Madrídar á Bensanum. „Það er aldeilis gangur í Madrídingum núna,“ segi ég þegar ég stíg upp í Bensann, til í að hefja samræðurnar. „Já, ég var að tala við Sergio Ramos um daginn og hann segir að það sé mikill andi í mönnum núna,“ segir Fernando ákveðinn. „Það er sennilegast gæfa Real Madrid að þó að við séum með mikið af stjörnum og samkeppnin sé mikil hefur okkur tekist að halda góðum liðsanda. Ekki eins og í Barcelona þar sem Eto´o rýkur annað slagið í fjölmiðla til að kvarta yfir dekrinu sem Ronaldinho býr við hjá félaginu.“ Ég kyngdi meðan ég velti fyrir mér hvort ég ætti að biðja að heilsa Sergio Ramos.

„En það er ekki að marka allt sem sagt er í fjölmiðlum,“ hélt Fernando áfram. „Til dæmis er alltaf verið að gera því skóna að leikmenn Barcelona og Real Madrid séu svo miklir óvinir en það er bara rugl. Til dæmis eru Xavi, miðjumaður Barcelona, og Casillas, markvörður Madrídar, bestu vinir og eiga meira að segja saman fyrirtæki.“

Fernando talar um þessa kappa líkt og um bekkjarbræður sé að ræða enda eru forsetar stuðningsmannafélaganna venjulega innvígðir í sjálft knattspyrnufélagið. Ímyndin sem ég hafði um þessa kappa breyttist því nokkuð í Bensanum. Capello þjálfari sem virðist alltaf vera eins og naut í flagi er víst afar skemmtilegur og mikill nautnaseggur að sögn Fernandos. Hann er tíður gestur á nautaatssýningum og á bestu veitingastöðum þar sem hann vill aðeins bestu vín á borð. Diarra er víst alveg jafn alvarlegur og hann virðist vera í sjónvarpinu.

Beckham er fyndinn og tekur sig ekki eins alvarlega og halda mætti en hann er gríðarlegur keppnismaður. Það kom mér reyndar ekki svo á óvart því einhver töggur hlýtur að vera í manni sem var dæmdur úr leik bæði hjá landsliðinu og hjá Real Madrid en tekur þá við sér eftir að hafa horft á félaga sína úr stúkunni og er nú lykilmaðurinn í Madrid, sem hrokkið hefur í gang eftir endurkomu kappans. Meira að segja landsliðsþjálfarinn er búinn að hringja í hann og bjóða honum sjöuna.

### Næstum allt eins og í draumi

„Í þessari stúku þarna uppi sat Beckham oftast þegar Capello setti hann út í kuldann,“ segir Fernando og bendir uppi í einkastúku eina þegar við erum sestir til sætis á Bernabéu. Allt var alveg jafn óraunverulegt og það á að vera í draumi. Meira að segja andstæðingarnir í Deportivo virtust aðeins lélegri en í raunveruleikanum. Þá hringir sambýliskonan í mig; „Ég trúi því ekki að þú hafir sett hvítu skyrturnar mínar í þvottinn með rauða Carbonerovarabúningnum,“ öskraði hún. Og ég sem hélt mig vera að dreyma!



SPÆNSKI BOLTINN
**JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON**
skrifar frá Spáni.





Hefur gæðin

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524



**ÓSTÖÐVANDI** LeBron James brennimerkti nafn sitt í NBA-sögubækurnar í fyrrinótt.
NORDIC PHOTOS/GETTY

LeBron James með stórbrotinn leik gegn Detroit:

# Eins manns sýning hjá LeBron James

**NBA** Cleveland vann í fyrrinótt fimmta leikinn í úrslitarimmu liðsins gegn Detroit Pistons og tók þar með forystu, 3-2. Tvíframlengja þurfti leikinn en óhætt er að segja að LeBron James, leikmaður Cleveland, hafi sett á svið eins manns sýningu því hann skoraði síðustu 25 stig liðsins í leiknum. Alls skoraði hann 48 stig í leiknum og þykir frammistaða hans ein sú allra besta sem nokkru sinni hefur sést í úrslitakeppni NBA-deildarinnar.

„Ég er alveg búinn á því,“ sagði James eftir leik. „Ég fæ morgundaginn til að jafna mig en það verður erfitt með lítinn tveggja ára gutta í húsinu. Vonandi getur önnur hvor amma hans passað hann,“ bætti hann við.

James skoraði sigurkörfuna þegar 2,2 sekúndur voru eftir af síðari framlengingunni með því að keyra í gegnum vörn Detroit og leggja boltann í körfuna. Chauncey Billups hitti í kjölfarið ekki úr skoti sínu á lokasekúndu leiksins.

Detroit var með sjö stiga forskot þegar rúmar þrjár mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma en hefur nú tapað þremur leikjum í röð fyrir Cleveland eftir að hafa unnið fyrstu tvo leikina.

LeBron James hitti úr átján af 33 skotum sínum, þar af báðum þriggja stiga skotum sínum. Hann nýtti tíu af fjórtán vítaköstum, tók níu fráköst, gaf sjö stoðsendingar og stal tveimur boltum.

Leiksins verður sennilega minnst sem þeim þar sem James varð að sannri NBA-ofurstjörnu, bæði innan sem utan vallarins.

„Við reyndum allt til að stöðva hann,“ sagði Billups eftir leikinn. „Við bara gátum það ekki.“

Enginn af leikmönnum Detroit spilaði illa og skoruðu allir byrjunarliðsmennirnir að minnsta kosti tíu stig í leiknum. „Hann setti á svið ótrúlega sýningu. Ég held að ég hafi aldrei séð annað eins hjá andstæðingi okkar í úrslitakeppni nokkru sinni.“

Sjötti leikur liðanna fer fram á heimavelli Cleveland í kvöld og verður í beinni útsendingu á Sýn klukkan 00.30.

**- esá**

Simun Samuelsen fær fjölbreytt verkefni:

# Úr leik við HK í leik gegn heimsmeisturunum

**FÓTBOLTI** Það er ekki bara íslenska landsliðið sem er í eldlínunni í dag því Færeyingar fá það verðuga hlutverk að taka á móti heimsmeisturum Ítala í Þórshöfn.

Með færeyska liðinu leikur Simun Samuelsen, leikmaður Keflavíkur, en hann hefur farið mikinn í upphafi Landsbankadeildarinnar. Hann fór til að mynda á kostum gegn HK um síðustu helgi en hætt er við því að eigi erfiðara uppdráttar í dag.

„Því er ekki að neita að þetta verður mikil breyting en ég bíð spenntur eftir leiknum,“ sagði Simun við Fréttablaðið en hann fór frekar illa með Stefán Eggertsson, bakvörð HK, í síðasta leik. Hann mun eflaust eiga í meiri vandræðum með Massimo Oddo, sem mun að öllum líkindum dekka hann, en Oddo er nýkrýndur Evrópumeistari með AC Milan.

„Ég verð eiginlega bara kátur ef ég kem fimm sinnum við boltann,“ sagði Færeyingurinn geðþekki í léttum tón.

**- hbg**



**ERFIÐ VERKEFNI** Simun og félagar í færeyska landsliðinu mæta Skotum á miðvikudag en fyrst þurfa þeir að mæta heimsmeisturum Ítala í dag.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

S

Ágætu viðskiptavinir,

eftirfarandi breytingar á þjónustu strætó taka gildi á morgun 3.júní

**Sumartími strætó**

**Breytt tíðni leiða gildir frá 3. júní til 18. ágúst.**
Allar leiðir strætó, nema **leið 23** og **leið 27**, aka á 30 mínútna fresti. **Leið 23** mun aka á 60 mínútna fresti. **Leið 27** mun aka á breytilegri tíðni.

**Breyttar leiðir**

Breytingar hafa verið gerðar á leiðum strætó í **Breiðholti, Garðabæ, Grafarholti, Grafarvogi, Hafnarfirði og Kópavogi.**

**Ný leiðabók**

**er afhent á sölustöðum farmiða og á straeto.is.** Sendið okkur tölvupóst **straeto@straeto.is** og við sendum hana til ykkar.

Nánari upplýsingar um sumartíma strætó og breyttar leiðir á heimasíðu og í upplýsingasíma:

**straeto.is**

**s:540 2700**

**Strætó bs.**

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

## > Stockard Channing

Fyrir utan hlutverk sitt sem forsetafrúin Abbey Bartlet í þáttaröðinni The West Wing er Channing hvað þekktust fyrir leik sinn í hinni ofurvinsælu táningamynd Grease. Channing var 33 ára gömul þegar hún lék Betty Rizzo í myndinni, en Rizzo átti að vera á menntaskólaaldri. Eftir það gekk leiklistarferill Channing upp og ofan, en hún var þó tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í Six Degrees of Separation. The West Wing er á dagskrá Sjónvarpsins klukkan 18.10 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR ELSKAR EKKI RAYMOND

# Kynkaldar konur og vanþakklátir letihaugar



Einn tiltekinn náungi ofsækir sjónvarpið mitt. Ray Romano heitir kauði og ég virðist ekki geta kveikt á imbanum án þess að hann birtist þar með sína hallærislegu og ótrúverðugu fjölskyldu. Er í alvörunni til fjölskylda sem samanstendur af meðlimum sem koma svona illa fram við hvern annan? Ókei, kannski er hún til, en þarf hún að vera í sjónvarpinu? Það fer lítið fyrir náungakærleiknum í þættinum en kvenfyrirlitningin og karlremban fær þó heilmikið pláss í þessum ömurlegu þáttum.

Ray notar hvert tækifæri sem gefst til að ýja að því að konan hans sé ekkert annað en óþolandi nöldurseggur sem njóti þess að gera honum lífið leitt. Ég get hins vegar ekki betur séð en hún sé hin fínasta húsfreyja sem væntir þess sjálfsagða, að maðurinn hennar taki þátt í að sinna húsverkum og uppeldi. Það er svosem ekki skrítið að Ray beri svona litla virðingu fyrir konunni sinni því þegar litið er til föður hans þá fyrst tekur steininn úr. Afinn í þáttunum, Frank Barone, gerir lítið annað en að tala um það hversu hrikalega konu hann á og hversu ljúft lífið væri ef hann þyrfti ekki að vera giftur henni. Sumir vilja kannski meina að þetta sé einhvers konar ádeila á staðalímyndir en hún er tuggin ofan í mann á svo óþægilegan hátt að ég bara get ekki horft. Aumingja Marie og Debra að eiga svona vanþakkláta eiginmenn sem launa þeirra dekur með endemis dónaskap.

Svo myndi maður halda að konurnar í þættinum gætu staðið saman og stutt við bakið á hvorri annarri í þessum hrikalegu hjónaböndum. En nei nei, þær náttúrlega hata hvor aðra og nota hvert tækifæri til að gera hvor annarri lífið leitt. Hvurslags eiginlega skilaboð er verið að senda fólki í þessum þáttum? Konurnar eru kynkaldir nöldurseggir og karlarnir eru aumingjalegir letihaugar sem bera enga virðingu fyrir konunum sem stjana í kringum þá. Og allir eeeeelska Raymond.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.15 How I Met Your Mother** STÖÐ 2



▶ **20.00 Elizabethtown** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05 Joan of Arcadia** SIRKUS



▶ **22.40 Basic Instinct** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.40 Hack** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra Grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.17 Vinnuvélar 09.22 Leyniþátturinn 09.35 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar 10.00 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 14-2 e.**

**11.30 Hlé**

**14.00 Gullöld Egyptalands** (3:3) e.

**15.00 Mótorsport** (2:10) e.

**15.30 Landsleikur í fótbolta** Beint.

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Vesturálman** (16:22)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Fjölskylda mín** (4:7)

**20.15 Tímaflakk** (4:13)

**21.05 Ástin sigrar** Þýsk sjónvarpsmynd frá 2002. Ungur lögfræðingur í München tekur að sér að reka bar afa síns í gamla Austur-Þýskalandi meðan sá gamli er á spítala.

▶**22.40 Ógnareðli** (Basic Instinct) Bandarísk spennumynd frá 1992. Lögreglumaður rannsakar hrottalegt morð þar sem glæsileg kona hefði getað komið við sögu. Meðal leikenda eru Michael Douglas, Sharon Stone. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.45 Afbrotakonur** (Forbrydelser) Dönsk dogmamynd um nýútskrifaðan prest sem kemur til starfa í kvennafangelsi. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Another Pretty Face**

**08.00 Duplex**

**10.00 Legally Blonde 2**

**12.00 Elizabethtown**

**14.00 Another Pretty Face**

**16.00 Duplex**

**18.00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde**

▶**20.00 Elizabethtown** Rómantísk gamanmynd með Orlando Bloom og Kirsten Dunst.

**22.00 Sleeping Dictionary**

**00.00 The Woodsman**

**02.00 Robocop 2**

**04.00 Sleeping Dictionary**

## STÖÐ 2

**07.00 Ruff's Patch 07.10 Barney 07.35 Myrkfælnu draugarnir 08.00 Gordon the Garden Gnome 08.10 Blanche 08.20 Willoughby Drive 08.50 Kalli kanína og félagar 09.35 Bratz 10.00 A.T.O.M.**

**10.25 Frog og Wombat**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**13.05 Bold and the Beautiful**

**14.10 Leitin að strákunum** (7.9)

**15.00 The New Adventures of Old Christine**

**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**

**16.00 Stuðmenn í Royal Albert Hall**

**17.15 Jamie Oliver - með sínu nefi** (24.26)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

▶**19.15 How I Met Your Mother** (12.22) Önnur sería þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta sem fjalla um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn.

**19.35 Joey** (18.22) Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri og framabrölt Joeys Tribbianis í Hollywood. Flestir þekkja Joey sem einn af vinunum traustu en eftir að leiðir þeirra skildi ákvað Joey að freista gæfunnar og flytja til bíóborgarinnar í leit að frægð og frama.

**20.00 Stelpurnar** (2.24)

**20.25 The Perfect Score** Gamanmynd með stórstjörnunni Scarlett Johansson í aðalhlutverki. Myndin segir frá sex unglingum sem ákveða að stela samræmdu prófunum í von um að ná bestu einkun. Það er að sjálfsögðu ekki eins auðvelt og þau vonuðu. Aðalhlutverk: Chris Evans, Erika Christensen, Bryan Greenberg. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.00 The Missing** Aðalhlutverk: Tommy Lee Jones, Cate Blanchett, Evan Rachel Wood. Stranglega bönnuð börnum.

**00.15 Thoughtcrimes**

**01.45 Cheats**

**03.15 Heaven**

**04.50 Stelpurnar** (2.24)

**05.15 Joey** (18.22)

**05.40 Fréttir**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.15 Trading Spouses** (21.22) (e)

**18.00 Bestu Strákarnir** (5.50) (e) Á meðan leitin að arftökum strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlæginlegu strákunum.

**18.30 Fréttir**

**19.10 American Inventor** (10.15) (e) Í American Inventor er leitað eftir nýjum uppfinningum sem gætu slegið í gegn.

▶**20.05 Joan of Arcadia** (8.22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana og hún fær skilaboð frá Guði.

**21.00 Live From Abbey Road** (5.12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt.

**22.00 Leitin að strákunum** (7.9) Leitin að Strákunum er alíslenskur og ofurraunverulegur skemmtiþáttur sem gengur út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar.

**22.45 Beach Girls** (5.6) (e)

**23.35 Night Stalker** (4.10) (e) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á málunum koma í ljós tengingar á milli morðanna.

**00.20 Gene Simmons: Family Jewels** (13.13) (e) Rokkgoðið Gene Simmons úr hljómsveitinni Kiss hleypir áhorfendum inn í líf sitt í þáttunum Family Jewels. Simmons sýnir á sér nýja hlið sem hefur verið falin þar til nú.

**00.45 Supernatural** (16.22) (e) Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**01.30 Joan of Arcadia** (8.22) (e)

**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.55 Vörutorg**

**11.55 Rachael Ray** (e) Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**15.40 On the Lot** (e) Ný raunveruleikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. 18 efnilegir leikstjórar berjast um risasamning í Hollywood.

**17.15 On the Lot - úrslit vikunnar** (e) Fyrsti úrslitaþátturinn.

**18.20 World's Most Amazing Videos** (e)

**19.10 Game tíví** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum. Allt er á kafi í snjó og Chris er eini nemandinn sem mætir í skólann.

**20.10 World's Most Amazing Videos** (11.26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd. Sum eru bráðfyndin en önnur hádramatísk.

**21.00 Stargate SG-1** (5.22) Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndri kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu „stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.

**21.50 The Dead Zone** (8.12) Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun.

▶**22.40 Hack** (11.18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse, á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erilsamt en lögreglumannsins og gráu svæðin fullt eins mörg.

**23.30 House** (e) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða dr. Gregory House og samstarfsfólk hans

**00.20 Kidnapped** (e)

**01.10 The L Word** (e)

**02.00 Angela's Eyes** (e)

**02.50 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**04.30 Vörutorg**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.00

**The Missing**



Dramatísk og spennandi kvikmynd með Tommy Lee Jones, Cate Blanchett og Val Kilmer í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um mann sem hefur misst öll tengsl við uppkomna dóttur sína en snýr aftur á heimaslóðir í tilraun til þess að bæta fyrir mistök fortíðarinnar. Dóttir hans hefur engan áhuga á sambandi við hann enda hefur hún ekki fyrirgefið honum afskiptaleysið. Það breytist hinsvegar þegar dóttur hennar er rænt en þá er hún tilbúin að kyngja stoltinu og þiggja alla þá hjálp sem henni býðst.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Woodsman**

**Stöð 2 Bíó kl. 00.00**

Kevin Bacon fer með hlutverk barnaníðingsins Walters í þessari áhrifamiklu mynd. Walter er sleppt úr fangelsi eftir að hafa afplánað tólf ára dóm fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Áhorfendur fylgjast með Walter reyna að koma undir sig fótunum og takast á við lífið á nýjan leik. Fjölskylda hans og vinir vilja lítið sem ekkert af honum vita, en það er þó kannski baráttan við eigin hvatir sem reynist Walter hvað erfiðust.



Kevin Bacon fer á kostum í myndinni og var hlaðinn lofi fyrir leik sinn. Þessi mynd er ómissandi fyrir þá sem kunna að meta góðar dramamyndir.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Dostojevskí
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Á hvítri eyju í bláum sjó
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Laumuspil
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Sögur af sjó og landi
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.10 Pro bull riding**
**08.05 World Supercross GP 2006-2007**
**09.00 NBA - Úrslitakeppnin**
**11.00 Vináttulandsleikur** (England - Brasilía)
**12.50 Þýski handboltinn** (Kiel - Nordhorn)
**14.20 Wales - Tékkland** Bein útsending
**16.00 PGA Tour 2007 - Highlights**
**16.55 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**17.20 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**17.50 EM 2008** (Danmörk - Svíþjóð)
**19.50 PGA Tour 2007** Bein útsending frá þriðja degi Memorial mótsins á PGA mótaröðinni í golfi.
**22.00 De La Hoya / Mayweather 24/7 (3.4)**
**22.30 De La Hoya / Mayweather 24/7 (4.4)**
**22.55 Box - Oscar De La Hoya vs. Floyd Mayweather**
Útsending frá boxbardaga ársins, milli stórstjarnanna Oscar De La Hoya og Floyd Mayweather.
**00.05 Götubolti**
**00.30 NBA - Úrslitakeppnin** (Cleveland - Detroit)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.50** Frikvarter **7.10** Dragejægerne **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Børneblæksprutten **9.15** Ungdomsprogram **9.30** Viften **10.00** TV Avisen **10.10** Kløvedal i Indonesien **11.10** Mig og min alder **11.40** Smag på Danmark - med Meyer **12.10** Amin - Blæs på DK **13.00** Jessica **14.40** Fest ved fjorden **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Kaj og Andrea **16.00** De store katte **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Far til fire og onkel Sofus **19.30** Miss Marple **21.05** Conviction **21.45** Scarface **5.30** Gurli Gris **5.35** Zoe Kezako **5.50** Trolderi

## NRK 1

**6.00** Mikkes klubbhus **6.30** Pippi Langstrømpe **6.55** H.C. Andersens eventyr **7.30** De tre vennene og Jerry **7.45** Kårni og Børni **8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **8.15** Blant annet roser **9.00** Titti Strandberg - oppdagelsesreisende **10.00** Kristin Lavransdatter **13.00** Giro d'Italia **15.30** Solens mat **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** I småkrypland **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lottotrekning **17.55** Melodi Grand Prix junior 2007 **19.45** Kingdom **20.30** Lemurene på Madagaskar **21.00** Sykkelkveld fra Italia **21.10** Kveldsnytt **21.35** Unfaithful **5.30** Stå opp! **5.50** Den lille røde traktoren **6.00** Lisa

## SVT 1

**6.00** BoliBompa **6.01** Meckar-Micke **6.15** Simskola **6.20** Zoé Kézako **6.35** I Mumindalen **7.00** Amigo **7.30** Sagoträdet **7.45** Hjärnkontoret **8.00** Vädrets makter **8.30** Mitt i naturen **9.00** Saras kök **9.30** Hundkoll **12.10** Ostindiefararen - under segel **13.10** Uppdrag Granskning **14.10** Alice och jag **15.30** Extras **16.00** Disneydags **17.00** Rasmus på luffen **17.25** Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Försvarsadvokaterna **18.45** Minnenas television **20.00** Musikgeniet **20.50** Rapport **20.55** Dream **22.35** Sändningar från SVT24 6.00 BoliBompa




## PERSÓNAN

*Matthías Guðmundsson*



**Aldur:** Verður 27 ára 1. ágúst.
**Starf:** Var að klára BA í sálfræði en framtíðin er óráðin.
**Fjölskylda:** Konan Svanhildur Björk Jónsdóttir og tvö börn.
**Foreldrar:** Guðmundur Jón Matthíasson framkvæmdastjóri og Margrét Jónsdóttir tækniteiknari.
**Búseta:** Í Hlíðunum.
**Stjörnumerki:** Ljónið.

Matthías Guðmundsson knattspyrnumaður hefur farið hamförum með liði sínu FH í Landsbankadeildinni og skorað fjögur mörk. Hann var valinn í landsliðshópinn sem mætir Lichtenstein í dag.

# Silfur Egils á RÚV næsta haust

Silfur Egils verður á dagskrá Ríkisútvarpsins næsta haust en ekki á Stöð 2 eins og undanfarin ár. Egill Helgason, stjórnandi Silfursins, er einnig með annan sjónvarpsþátt í bígerð.

„Ég verð með Silfur Egils á RÚV næsta vetur og svo verð ég líka með þátt sem tengist bókum. Þar verður fjallað um bækur með lífslegum hætti. Ég ætla að gera menninguni hátt undir höfði," segir Egill.

Egill segist ekki yfirgefa Stöð 2 í fússi. „Það er engin óánægja með Stöð 2 en ég álít að það séu að sumu leyti betri tækifæri á RÚV. Það er fleira sem ég get gert þar og betri aðstaða en ég er sáttur við fólkið á Stöð 2 og fyrirtækið," segir Egill og bætir við: „Ég hef áður unnið með Páli Magnússyni útvarpsstjóra – minnir að við höfum starfað fyrst saman á Tímanum árið 1981 – og á milli okkar ríkir vinátta og traust. Svo líst mér miklu betur á að vinna á RÚV eftir þessar breytingar, þegar stofnunin er augljóslega orðin sjálfstæðari."

Egill hefur stýrt Silfrinu í ein átta ár. „Ég byrjaði með þáttinn á Skjá einum árið 1999. Það mætti því segja að ég hafi verið eitt kjörtímabil á hverri stöð," segir Egill hlæjandi.

Ari Edwald, forstjóri 365, segir að Egill sé enn samningsbundinn Stöð 2. „Egill hefur gengið frá samningum við 365 til að minnsta kosti tveggja ára þannig að ef að það er rétt að hann hafi ráðið sig í vinnu annarsstaðar frá og með deginum í dag þá er það brot á þeim samningi sem hann hefur gert við okkur. Það verður þá mál fyrir lögfræðinga að skoða," segir Ari.

Egill segir hins vegar að samningur hans við Stöð 2 hafi runnið út um mánaðarmót. Samningaviðræður hafi staðið yfir en engin niðurstaða hafi fengist í þær og því sé hann frjáls ferða sinna. - kh



**EGILL HELGASON** Egill hefur verið einn virkasti bloggari landsins um árabil. Hann segist ekki vita hvað verði um bloggið hans, nú þegar hann flytur yfir á aðra stöð.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
2. Listastefna, 6. slá, 8. dýrahljóð, 9. hljóma, 11. í röð, 12. innkirtill, 14. ofreyna, 16. kusk, 17. niður, 18. pota, 20. guð, 21. málmur.

**LÓÐRÉTT**
1. togaði, 3. tvíhljóði, 4. talsverður, 5. struns, 7. heimakoma, 10. einkar, 13. strit, 15. yfirstétt, 16. umrót, 19. í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** dada, **6.** rá, **8.** urr, **9.** óma, **11.** ík, **12.** gulbú, **14.** slíga, **16.** ló, **17.** suð, **18.** ota, **20.** ra, **21.** stál. **LÓÐRÉTT: 1.** dróg, **3.** au, **4.** drjúgur, **5.** ark, **7.** ámusótt, **10.** all, **13.** bís, **15.** aðal, **16.** los, **19.** aá.

HILDUR VALA: GAMLAR SYNDIR UPP Á YFIRBORÐIÐ

# Reynir að gleyma Hasselhoff-tímabilinu

„Þetta er rosalega vandræðalegt. Ég hef reynt að loka á þessar Hasselhoff-minningar. En þetta passar, jú, ég var aðdáandi hans þegar Strandverðir voru í Sjónvarpinu," segir söngkonan Hildur Vala Einarsdóttir. Glöggur lesandi Fréttablaðsins hafði upp á eintaki af tímaritinu Æskunni frá 1993 þar sem er að finna bréf frá Hildi Völu. Í bréfinu óskar Hildur Vala eftir öllum mögulegum munum með David Hasselhoff í skiptum fyrir plaköt með ýmsum hljómsveitum og dýrum. Bréf Hildar Völu var svohljóðandi:

„Safnarar!
Ég safna öllu með David Hasselhoff; bréfsefni og barmmerkjum. Í staðinn læt ég veggmyndir með Nýrri danskri, GCD, Kiss, Pláhnetunni, Alf, Prince, U2, Patrick Swayze, Sykurmolunum, Bruce Springsteen, NKOTB, Todmobile, Freddie Mercury, Kevin Costner, Nirvana, Whitney Houston, Metallica, Elvis Presley, Macaulay Culkin og ýmsum dýrum.
Hildur Vala Einarsdóttir,
Gnoðarvogi 32,
104 Reykjavík."

Hildur Vala mundi ekkert eftir umræddu bréfi þegar Fréttablaðið ræddi við hana í gær. Hún hafði þó gaman af þegar bréfið var lesið upp fyrir hana. „Ég var með risastórt plakat af Hasselhoff uppi á vegg hjá mér. Það hefur oft verið gert grín að mér fyrir það," segir hún og hlær. Hildur segist hafa verið áskrifandi að Æskunni eins og mörg ungmenni á þessum tíma en hún man ekki eftir hvort hún skrifaði fleiri bréf til blaðsins en þetta eina. „Kannski þó til einhverra pennavina."

Athygli vekur að eitt af þeim plakötum sem Hildur var tilbúin að láta í skiptum var með hljómsveitinni Ný danskri. Einn meðlima þeirrar sveitar var einmitt Jón Ólafsson sem í dag er unnusti og barnsfaðir Hildar. Aðspurð segist Hildur greinilega ekki hafa verið búin að uppgötva snilligáfu unnustans á þessum tíma. Undir það tekur Jón Ólafsson: „Það er nokkuð ljóst að hinn góði tónlistarsmekkur sem hún hefur í dag hefur ekki verið kominn á þarna. Hún hefur átt eftir að uppgötva fegurðina í tónlistinni enda kannski uppteknari af almennari dægurmenningu eins og krakkar á þessum aldri," segir Jón léttur á því.

hdm@frettabladid.is



**KOMIN YFIR HASSELHOFF** Hildur Vala var forfallinn aðdáandi Davids Hasselhoff árið 1993. Hún vildi skipta á plakati með Ný danskri, hljómsveit unnusta síns, og munum með Hasselhoff.



**KÓNGURINN** David Hasselhoff var í miklum metum hjá Hildi Völu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ný kvikmynd leikstjórans **Guðnýjar Halldórsdóttur**, Veðramót, verður frumsýnd í september. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum byggir myndin að hluta til á atburðunum í Breiðavík sem verið hafa mikið til umfjöllunar síðustu mánuði. Glæsilegur leikhópur ber uppi myndina og vekur sérstaka athygli að börn margra þekktustu leikstjóra þjóðarinnar eru í stórum rullum. Þeirra á meðal eru **Baltasar Breki**, sonur **Baltasars Kormáks, Tinna** dóttir **Hrafns Gunnlaugssonar** og **Arnmundur Ernst**, sonur **Eddu Heiðrúnar Backman**.



Með aðalhlutverkið fer þó stórleikarinn **Hilmir Snær Guðnason** sem sýnir á sér nýja hlið á þessu sinni. Hilmir syngur tvö lög í myndinni og þykir gera það með glæsibrag. Lögin eru bæði eftir **Ragnhildi Gísladóttur** og **Valgeir Guðjónsson semur textana**.



Og það er mikill fjölskyldubragur á mynd Guðnýjar því sonur hennar, **Dóri DNA**, kemur einnig að tónlistinni. Hann semur texta við eitt laganna, sem ungstirnið **Bryndís Jakobsdóttir** semur og syngur. Bryndís er sem kunnugt er dóttir áðurnefndrar Ragnhildar og Stuðmannsins **Jakobs Frímanns Magnússonar**.

- hdm



# Chris Cornell til Íslands í haust

Rokksöngvarinn Chris Cornell heldur tónleika í Laugardalshöllinni 8. september næstkomandi. Þetta kemur fram á MySpace-síðu söngvarans. Það eru Ísleifur B. Þórhallsson og Concert sem flytja söngvarann til landsins en samningaviðræður hafa staðið yfir í þó nokkrar vikur. „Þetta er mikill fengur fyrir okkur," segir Ísleifur kampakátur. „Þarna fá aðdáendur Cornells frá öllum tímabilum eitthvað fyrir sinn snúð því hann flytur alla smelli frá öllum sínum hljómsveitum á tónleikunum," bætir Ísleifur við. Chris Cornell er fyrrverandi söngvari Soundgarden og Audioslave sem báðar njóta mikillar hylli hér á landi. Samkvæmt tónleikaprógrammi söngvarans fá smellir á borð við Black Hole Sun, Spoonman og Like a Stone að hljóma.

Cornell hyggst koma til landsins tveimur dögum fyrir tónleikana en eiginkona hans, Vicky Karayiannis, verður með í för. „Hann hefur heyrt vel af landinu látið og þau ætla að skoða bæði Gullfoss og Geysi á meðan dvöl á þeirra stendur," útskýrir Ísleifur en fimm manna sveit verður með Cornell á sviðinu. Ísleifur reiknar með því að miðasala hefjist um miðjan júní.

Cornell sleit nýlega samstarfi sínu við Audioslave og hyggst hasla sér völl sem sólólistamaður. Nýlega kom út önnur sólóplata söngvarans, Carry On, en þar má meðal annars finna nýjasta Bond-lagið You Know My Name úr Casino Royal og Michael Jackson smellinn Billie Jean. Cornell hefur áður reynt fyrir sér einn síns liðs en árið 1999 kom út platan Euphoria Morning. - fgg



**SPILAR Í LAUGARDALSHÖLL** Rokksöngvarinn Chris Cornell spilar í Laugardalshöll 8. september ef marka má My Space-síðuna hans.


WOLF Garten
Garðsláttuvélar

Þýskar gæðasláttuvélar fyrir þá sem gera kröfur um gæði
ÞÓR HF
REYKJAVÍK · AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Vellíðan
Styrkur
Liðleiki
Yoga þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:30
Sími: 691 0381

LÉTT BYLGJAN 967

# 25 milljónir

## Nú er potturinn fjórfaldur og stefnir í 25 milljónir.

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is

Taktu Lottó í áskrift! 580 2530 Sölustaðir lotto.is

ENNEMM / SÍA / NM27579

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

# *Lög um reyk*

Í gær tóku í gildi ný lög á skemmtistöðum og börum borgarinnar sem banna gestum að reykja tóbak þar innandyra. Þeir sem hafa hatast við reykinn um langt árabil fagna þessum lögum og gera sér jafnvel vonir um að þetta skref verði byrjunin á endalokum tóbaksreykinga yfir höfuð, enda eru þær jú vissulega heilsuspillandi fyrir þá sem þær stunda sem og nærstadda.

**ÉG** get alveg séð fyrir mér tóbakslaust Ísland, ef það er á annað borð ásetningurinn. Flestir fá reyndar í dag léttan bjánahroll yfir hinu hástemmda markmiði sem sett var á plaköt og í blaðaauglýsingar einhvern tímann á níunda áratugnum og hljóðaði upp á reyklaust Ísland árið 2000. Það rann út í sandinn. Reyklaus Ölstofa árið 2007 er eins langt og menn geta náð í þessum efnum, held ég, í bili og engin ástæða til að gera lítið úr þeim sigri tóbaksvarnarmanna, þótt hann sé töluvert minni en að var stefnt. Almennt séð er þó reyklaust Ísland árið 3000 líklega raunhæfara markmið, úr því sem komið er – og ágætt að hafa tímann fyrir sér – nákvæmlega eins og Friður 2000 er núna búið spil og álitlegra að nefna það batterí hér eftir Frið 3000.

**MENN** verða að vera raunhæfir í markmiðum sínum. Frá mínum bæjardyrum séð finnst mér ágætt að hægt verði að fara á barinn á Íslandi án þess að koma heim gegnsósa af tóbaksreyk, en það er líka þráður í mér sem er sammála Guðna heitnum rektor, þeim mikla húmorista og sómamanni, sem sagði alltaf að svona breyskleiki og syndir – eins og reykingar eru dæmi um – væru lokað mengi. Föst stærð. Það þýðir með öðrum orðum að þótt einni tegund breyskleika sé hætt og hann yfirbugaður kemur alltaf annar í staðinn. Manneskjan fyllir þannig upp í hið lokaða mengi breyskleika síns með einum eða öðrum hætti, eins og menn segja í stjórnmálunum. Spurningin er ekki hvort, heldur hvernig. Sá sem hættir að reykja byrjar bara að taka í nefið í staðinn.

**SEM** er ef til vill ögn skárra. Vissulega eru ekki allar syndir jafnslæmar. En út frá þessari kenningu rektors leikur mér hugur á að vita hvað muni gerast á Íslandi í kjölfar hinnar metnaðarfullu lagasetningar. Mun fólk byrja að taka í nefið í massavís? Mun fólk kúldrast úti í fimbulkulda upp við vegg með sígarettu sína og neita að gefast upp, eða mun fólk sem áður reykti en hættir af þessu tilefni fylla upp í mengi breyskleika síns með til dæmis hraðakstri, klámkjafti, pervertisma, matargræðgi eða peningaeyðslu?

**HITT** verður líka athyglisvert að sjá, hversu algengt það verður að fólk og staðir fari eftir þessum lögum. Mér sýnast viðurlögin gegn broti á lögunum ekki vera mikil og þá er spurningin auðvitað sú hvort veitingahúsagestir muni í sumum tilvikum láta þau sem vind um eyru þjóta, svona svipað og ef hámarkshraðinn á Hafnarfjarðarvegi yrði allt í einu auglýstur 30. Það er nefnilega hið merkilega við lögin: Þau verða að vera raunhæf.

